



50% afsláttur af nammibarnum á laugardögum

KRÓNAN VÍN & SÁMKEPPI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júlí 2005 - 190. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Hrafninn flýgur á ný
Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, *Hrafninn flýgur*, var gefin út á DVD í vikunni með nýjum talsetningum á erlendum tungumálum ásamt alls kyns aukaefti. Myndin á sér hins vegar nokkuð brokkgenga sögu og fæðing hennar var erfið. Hún hlaut misjafna dóma í fjölmiðlum en nú 20 árum síðar virðist sem myndin lifi um ókomin ár.

KVIKMYNDIR 26-27

Eiði Smára hrósað
Jose Mourinho, stjóri Chelsea hrósaði Eiði Smára Guðjohnsen mikil fyrir fyrsta leik liðsins á undirbúningstímabilinu en Chelsea vann Wycombe 5-1 í vikunni. Eiður Smári er búinn að festa sig í sessi í hlutverki miðjumanns hjá ensku meisturinum.

ÍPRÓTTIR 34

Klerkur í klípu
Nánir samstarfsmenn Hans Markúss Hafsteinssonar í gegnum tíðina eru sammála um þá hlýju og alúð sem hann gefur af sér. Hann er einnig sagður mikill námsmaður.

MAÐUR VIKUNNAR 44

VEÐRIÐ Í DAG

FREMUR HÆG suðvestlæg átt og rigning sunnan- og vestanlands. Bjart norðaustanlands en þar þykkar upp þegar liður á daginn og fer að rigna með kvöldinu.

Ráðherra lofar að flytja störf norður

Sjávarútvegsráðherra tekur vel í ósk stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga um fjölgun starfa á Akureyri á vegum ráðuneytisins. Ekki verður af flutningi á meginstarfsemi Fiskistofu til Akureyrar en flutningur á nokkrum verkefnum er í skoðun.

RÍKISVERKEFNI Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir að stefnt sé að frekari fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins á Akureyri en þeim hafi fjölgað fyrir norðan á undanförunum misserum. „Á þessum tímapunkti er ekki hægt að segja til um hvaða verkefni verði unnin á Akureyri né um hversu mörg ný störf er að ræða. Þó er ljóst að uppbygging á starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins heldur áfram fyrir norðan en einnig verða fleiri kostir skoðaðir,” segir Árni.

Forsvarsmenn Kaupfélags Eyfirðinga áttu fund með Árna og Vilhjálmi Egilssyni ráðuneytisstjóra síðastliðinn fimmtudag þar sem farið var yfir hugmyndir

stjórnar KEA um flutning verkefna á vegum ráðuneytisins til Akureyrar. Ráðherra segir fundinn hafa verið gagnlegan og góðar líkur séu á að af samstarfi ráðuneytisins og KEA verði. Niðurstöðu sé hins vegar ekki að vænta fyrir en í haust.

Stjórn Kaupfélags Eyfirðinga lýsti í vor yfir áhuga á að koma að flutningi opinberra stofnana og verkefna til Akureyrar og er félagið tilbúið að leggja fram hundruð milljóna til að svo megi verða. Ein af þeim stofnunum sem KEA renndi hýru auga til var Fiskistofa og bauðst félagið til að greiða kostnaðinn við flutning meginhluta stofnunarinnar norður. Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA, segir ljóst eftir

fundinn með ráðherra og ráðuneytisstjóra að ekki verði af flutningi stjórnsýsluhluta Fiskistofu til Akureyrar. „Það er hins vegar hugsanlegt að fleiri verkefni á vegum Fiskistofu verði í framtíðinni unnin á Akureyri og við fögnum jákvæðri afstöðu ráðherra til flutnings á verkefnum norður,” segir Benedikt.

Árni segir vilja KEA til að koma að fjármögnun á flutningi verkefna á vegum ráðuneytisins norður mjög jákvæðan. „Það er af hinu góða þegar heimaaðilar hafa sett sér það markmið að skapa gott umhverfi fyrir ný störf. Slíkt liðkar til fyrir flutningi verkefna og að loknum sumarleyfum hitti ég forsvarsmenn KEA á ný,” segir Árni.

-kk



LÖGREGLUMADUR Á VETTvangi Árásir voru gerðar víða í írösku höfuðborginni í gær.

Blóðugur dagur í Bagdad: **Tugir fórust**

ÍRAK AP Rúmlega 30 manns, hið minnsta, létu lífið í sprengjuárás-um í Írak sem stóðu frá morgni til kvölds í gær. 111 til viðbótar særðust.

Flestir létust í sjálfsmorðs-árás-um og öðrum sprengjuárás-um í Bagdad, 29 af því er staðfest hefur verið. Þeirra á meðal eru sjö bandarískir hermenn, sex lögreglumenn og þrír íraskir öryggisverðir auk íraskra hermanna og óbreyttra borgara. Tveir bandarískir hermenn létust í sprengingu nærri jórdönsku landamærunum.

Sheik Ahmed Abdul Ghafour al-Samarrai, áhrifamikill klerkur súnímúslima, forðaði árásirnar í ræðu sem hann hélt við messu í gær. ■



BEIÐ EFTIR SJÖTTU BÓKINI Nokkrir tugir tryggja lesenda bókanna um Harry Potter biðu tímum saman fyrir utan Bókabúð Máls og Menningar á Laugavegi eftir því að sala á bókinni hæfist eina mínútu yfir eitt á miðnætti síðustu nótt.

Sjötta bókin um Harry Potter: **Biðu allt að fjórtán tíma**

BÆKUR Sala á sjöttu bókinni um galdratrákinn Harry Potter hófst á miðnætti í nótt. Fyrstu aðaendurnir voru mættir fyrir utan Mál og menningu á Laugarvegi um klukkan tíu í gærmorgun og fjölgaði eftir því sem leið á daginn.

„Ég var líka fyrst í röðinni þegar síðasta bók kom út og ákvað að mæta enn þá fyrir núna,” sagði Halla Hallsdóttir, sem mætt var fyrst allra í gærmorgun.

Stefnt er að því að bókin komi út í íslenskri þýðingu hinn 5. nóvember næstkomandi að sögn Snæbjörns Arngrímssonar, forleggjara hjá bókaforlaginu Bjarti. Þýðandi bókarinnar hafði ekki fengið að sjá handrit bókarinnar í gær.

-ht

Hringferð Eggerts Skúlasonar til styrktar Hjartaheilla lokið: Sæll og glaður þótt þreyttur sé

FJÁRSÖFNUM Fjórtán hundruð kílómetra hjólaferð Eggerts Skúlasonar til styrktar samtökunum Hjartaheill lauk síðdegis í gær þegar Eggert hjólaði síðasta spólinn til Reykjavíkur ásamt öðrum sem slógust í hópinn í Mosfellsbæ.

Hann var þrjár vikur á ferð sinni um landið en víða slógust aðrir í för með honum stundakorn og gerði félagsskapurinn ferðina bærilegri fyrir vikið. „Ég er afar ánægður með að hafa klárað þetta og þetta gekk alveg svakalega vel þó að veður og vindar hafi blásið gegn mér mest alla leiðina. Ánægðastur er ég með að hafa náð öllum þeim markmiðum sem ég setti mér í upphafi. Hjartaheill fengu góða kynningu og við sýndum að einstaklingur getur staðið upp og haft áhrif sé vilji til þess. Svo söfnuðum við talsverðum



ÖLLUM MARKMIÐUM NÁÐ Eggert Skúlason var þreyttur en ánægður þegar hann nágaðið Reykjavík í gær eftir þriggja vikna hjólaferð um landið.

peningum og ég er sæll og glaður þótt þreyttur sé.“ Eggert vildi koma á framfæri þakklæti og afsökunarbeiðni til

þeirra bílstjóra sem töfðust þegar hann hjólaði síðasta spólinn en umferð gekk hægt á milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.

-aöe

Dæmdur í fangelsi: **Karl keppti í kvennaflokki**

SIMBABWE Dómari í Simbabwe hefur dæmt ungan mann í fjögurra ára fangelsi fyrir að villa á sér heimildir og valda félögum sínum sálartjóni. Hann keppti í frjálsum íþróttum og vann til nokkurra verðlauna fyrir land sitt – í kvennaflokki.

Samukeliso Sithole, átján ára, hefur hingað til sagst vera tvíkynda, með kynfæri bæði karls og konu. Fyrir rétti kvaðst hann hins vegar vera orðinn karlmaður að öllu leyti eftir að galdralæknir bruggaði gegn honum seið í hefndarskyni. Ungi maðurinn baðst innilegrar afsökunar á framfæri sínu og sagðist hann iðrast mjög að hafa sært félaga sína og aðra landsmenn.

-shg

LANDIÐ ALLT
Lestur á laugardögum 20-40 ára*

65% Fréttablaðið

35% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á laugardögum.

Blöndunartæki í miklu úrvali!



Blöndunartæki
í Eldhús
8000000

damixa™



Blöndunartæki
í Eldhús
8000400
Verð áður 19.900
11.900



Blöndunartæki
í Eldhús
8000090
Verð áður 11.900
7.900

KLUDI

Blöndunartæki
Kludi, fyrir bað
8004160

Verð áður 29.900
19.900




Blöndunartæki
Fyrir bað
8000095

Verð áður 11.990
7.500



Blöndunartæki
SPAZIO, fyrir bað
8005070



Skjólveggur, Bangkirai 179x179 sm
605100

9.990

Skjólveggur, Perla 180x180 sm
603065

5.990

Panill



Greni 12x87 mm
57000

Verð áður 95 kr/m
75 kr/m

Greni bandsagað 14x85 mm
55100

Verð áður 94 kr/m²
59 kr/m

Opið lengur

Timbursala okkar í
Súðarvogi er opin alla
laugardaga frá kl. 9-16

Verslun og timbursala í
Grafarholti er opin alla
daga vikunnar til kl. 19.



Ótrúlegt úrval af timbri



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Afnemum VSK af öllum útsöluvörum

Nú færðu allar
útsöluvörur án VSK

enn meiri
verð-
lækkun



**TAX
FREE**
ÚTSALA

Nú afnemum við VSK
af allri útsöluvöru

30-90% afsláttur
af upprunalegu verði.
+ VSK af

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Borðar þú hrefnukjöt?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	52,1%
Nei	47,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur Íbúðalánasjóður farið út fyrir heimildir sínar með lánum til bankanna?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Þrír Indónesar látast af dularfullum orsökum:

Grunur um dauða af völdum fuglaflensu

INDÓNESÍA Grunur leikur á að þrír Indónesar hafi látist úr fuglaflensu. Sé það rétt eru það fyrstu dauðsföllin af völdum veikinnar í landinu.

Sidi Fadillah Supari, heilbrigðisráðherra Indónesíu, skýrði frá því í gær að ákveðnar vísbendingar væru um að 38 ára gamall maður og tvær dætur hans, öll búsett í Jakarta, hefðu látist úr fuglaflensu. Ráðherrann sagðist óttast að fólkíð hefði smitast við samneyti við annað smitað fólk því ekki er vitað um að það hafi komist í snertingu við fuglakjöt.

Formælandi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, sagði hins vegar í samtali við BBC

að of snemmt væri að segja til um þetta, því engin þekkt dæmi væru um að veiran sem veldur veikinni hefði stökkbreyst þannig að hún gæti borist á milli manna.

Síðan í janúar 2004 hafa 53 látist úr fuglaflensu í nágrennalöndunum Kambódíu, Víetnam og Taílandi. Veikin hefur margoft greinst í fuglum í Indónesíu og nýlega var staðfest að vinnumaður á fuglabúgarði hefði smitast.

-shg

FLENSA Í FIÐURFÉNADI Ekki er vitað til þess að Indónesamir sem létust hafi komist í snertingu við fuglakjöt.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veikir Taílendingar:

Fá ókeypis alnæmislyf

TAÍLAND Taílendingar sem sýkt hafa af HIV-veirunni eiga þess nú kost að fá ókeypis lyf sem eiga að halda sjúkdómseinkennum í skefjum.

Fram til þessa hafa HIV-smiðar Taílendingar þurft að kaupa dýrum dómum lyfjablöndur til að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn blossi upp en nú hefur lyfjafyrirtæki í eigu taílenska ríkisins þróað nýtt samheitalyf sem er ódýrt í framleiðslu og þykir gefa góða raun. Til skamms tíma fengu einungis efnaminni alnæmisjúklingar lyfið án endurgjalds en nú geta allir smiðar fengið það.

Um hálf milljón Taílendinga eru smiðar af HIV-veirunni.

-shg

Tryggingastofnun: Fleiri fæða heima

FÆDINGAR Heimafæðingum hefur fjölgað lítið eitt á síðustu árum. Heimafæðingar á síðasta ári voru 45 talsins og hefur fjölgað um fjórar síðan árið 2003 samkvæmt upplýsingum á vef Tryggingastofnunar ríkisins.

Þótt heimafæðingum fjölgi lítið eitt milli ára fæðast einungis eitt prósent barna í heimahúsum samanborið við rúm tuttugu prósent um miðja síðustu öld. Kostnaður Tryggingastofnunar við fæðingarnar nam 57 þúsund krónum á fæðingu, eða 2,6 milljónum króna alls. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

STOPPADIR Í LITBOLTA Sjó litboltabyssur voru teknar af mönnum sem léku sér með þær nærri Grindavík, í leyfisleysi.

Andstæðingar Arroyo:

Réðust inn í ráðuneytið

MANÍLA, AP Ólga fer vaxandi á Filippseyjum vegna ásakana um kosningasvindl Glóriu Arroyo, forseta landsins, á dögnum.

Í gær réðust 300 bændur inn í landbúnaðarráðuneytið í Maníla og gengu þar berserksgang og kröfðust afsagnar forsetans. Annars staðar í borginni reyndu nokkrir tugir stjórnarandstæðinga að nálgast forsetahöllina en lögregla varnaði þeim vegarins. Fyrr í vikunni mótmæltu tugir þúsunda framgöngu Arroyo í höfuðborginni.

Stuðningsmenn forsetans hafa reynt að safna liði og áforma að halda stuðningsfund með allt að 200.000 manns í dag. ■



Dennis spillir Kúbuför Kórs Öldutúnsskóla

22 hafnirsk börn eru í öngum sínum þar sem fyrirhugað kórferðalag þeirra til Kúbu hefur verið slegið af. Egill Friðleifsson, kórstjóri til 40 ára, var á leið í sína síðustu kórferð. Í sárabætur fer hópurinn í helgarferð til Parísar og syngur jafnvel við Sigurbogann.

MENNING Ekkert verður af fór Kórs Öldutúnsskóla til Kúbu þar sem mikil eyðilegging varð í landinu eftir yfirreið fellibyljarins Dennis á dögnum. Áætlað var að leggja af stað til Kúbu nú í morgunsárið, með viðkomu í París, og halda sömu leið heim eftir viku. Ytra stóð alþjóðlegt barnakórarmót fyrir dyrum en hætt hefur verið við það.

„Þarna varð mikill skaði, rafmagn fór af stórum hlutum bæja og borga og vatnslagnir og vegir í sundur,“ segir Egill Friðleifsson kórstjóri. Fjöldi húbýla eyðilagðist og heimilislausum var komið fyrir í hótelsbúðum í bænum Villa Olympia þar sem kórnum var ætlað að gista.

Egill segir kórfélaga hafa vitað skuld orðið fyrir vonbrigðum enda tillökkunin mikil. „Undirbúningur ferðarinnar hófst í september og því mikið sjokk að ekkert verði úr. Peningasöfnun hefur staðið síðan í haust og ljóst að við töpum milljónum króna því ekki er hægt að tryggja sig fyrir náttúruhamförum.“ Hann segir fólk hafa tekið áfallinu af stillingu og skynsemi og er þakklátur kórfélögum og foreldrum fyrir það.

Sjálfur greip Egill til heimssfrægra og þrautreyndra Pollýönnuráða og þakkaði fyrir að kórinn var ekki á Kúbu þegar fellibylurinn gekk yfir.

Utanferð Kórs Öldutúnsskóla hefur þó ekki verið slegin af með öllu því í sárabætur ætlar kórinn að fara í helgarferð til Parísar um næstu helgi. „Við erum ákveðin í að gera eins gott úr þessu og hægt er og ætlum að una okkur við söng



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

EGILL FRÍÐLEIFSSON „Undirbúningur ferðarinnar hófst í september og því mikið áfall að ekkert verði úr. Peningasöfnun hefur staðið síðan í haust og ljóst að við töpum milljónum króna því ekki er hægt að tryggja sig fyrir náttúruhamförum.“

og leik í París,“ segir Egill en meiningin er að syngja við sjálfan Sigurbogann sem heita má táknrænt fyrir hópinn.

Egill hefur stýrt Kór Öldutúnsskóla í 40 ár og Kúbuferðin átti að verða hans tuttugasta, og um leið

síðasta, kórferðalag. „Við höfum aldrei áður þurft að hætta við ferð en það hefur svo sem ýmislegt komið upp á,“ segir Egill sem heimsótt hefur yfir 30 lönd í fimm heimsálfum með kórnum.

bjorn@frettabladid.is

Viðhorfskönnun í múslimaríkjum:

Stuðningur við hermdarverk hefur dvínað töluvert

WASHINGTON, AP Stuðningur við Osama bin Laden og árásir gegn Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra í Írak fer mjög dvínandi í múslimaríkjum heimsins, sérstaklega þeim sem hafa sjálf orðið fyrir árásum hryðjuverkamanna.

Bandaríska Pew-rannsóknarstofnunin greindi frá niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar sem hún lét gera í 17 ríkjum, þar á meðal sex ríkjum þar sem múslimar eru í meirihluta.

Í Líbanon hefur þeim sem telja réttlæt看legt að beita hryðjuverkum til varnar íslam fækkað úr 73 prósentum sumarið 2002 í 39 prósent nú. Svipaða sögu er að segja af Marokkóum,



OSAMA BIN LADEN Vinsældir hans í múslimaheiminum eru ekki jafn miklar og áður.

Pakistönun og Indónesum en aftur á móti telja fleiri Jórdanir nú en áður að ofbeldi sé réttlæt看legt. Þá hefur hylli Osama bin Laden, leiðtoga al-Kaíða, minnkað í Líbanon, Indónesíu, Tyrklandi og Marokkó en þau hafa á síðustu misserum orðið fyrir hryðjuverkaárásum. Í öllum löndunum nema Jórdaníu töldu aðspurðir að mikilvægi íslam í stjórnmálum hefði vaxið undanfarnin misseri.

Ýmsar ástæður eru nefndar fyrir stuðningi við róttækar baráttuaðferðir. Fátækt og atvinnuleysi var efst á listanum í sumum löndum, í öðrum nefndu menn utanríkisstefnu Bandaríkjamanna.

-shg

VERSLUNARMANNAHELGIN 2005 Í HNOTSKURN

GLÆSILEGT SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ÞANN 26. JÚLÍ UM ALLT SEM TENGIST VERSLUNARMANNAHELGINNI 2005.

Í blaðinu verður ítarleg dagskrá yfir atburði helgarinnar, listi yfir hluti sem eru ómissandi í ferðalagið, upplýsingar um hvað er við hæfi í mat og meðlæti o.m.fl.

Þeim sem vilja auglýsa í þessu yfirgripsmikla blaði er bent á að hafa samband við Val Þráinsson í síma 550 5084 eða valur@frettabladid.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

NISSAN PATHFINDER



SKIPT_um landslag

200.000 kr. AFSLÁTTUR



KRÖFTUGT OPNUNARTILBOÐ!

Við bjóðum hvorki meira né minna en 200.000 króna afslátt af Nissan Pathfinder í tilefni opunar á glæsilegasta bílasýningarsal landsins hjá Ingvari Helgasyni. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fina í einum best heppnaða útivistarbil síðari ára.

PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

Tilboðsverð: 4.250.000 kr.

44.096 kr. á mán.*

Sjálfskiptur: 4.450.000 kr.

46.164 kr. á mán.*



VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bil
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnispegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

250.000 krónum flottari!

Peir sem kaupa Nissan Pathfinder í júlí fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.

**PATHFINDER
ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA
Á FIMM DÖGUM**



Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir lystiskipið stóra sem sótti Reykjavíkurhöfn heim í fyrradag?
- 2 Hvað liður langt á milli strætóferða á stofnleiðum á háanattíma í nýju leiðakerfi?
- 3 Hve löng þögn var í London á fimmtudaginn vegna árássanna viku fyrr?

Svör bls. 46

Heilbrigðisstofnun Suðurlands:

Sýknuð af bótakröfu læknis

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands hefur sýknað Heilbrigðisstofnun Suðurlands af rúmlega 28 milljón króna bótakröfu læknis vegna uppsagnar á grundvelli samskiptaörðugleika og endurtekinna kvartana sjúklinga.

Hélt læknirinn því fram að uppsögn sín hefði verið ólöglegt og fór fram á riflegar bætur auk vaxta frá uppsagnardegi en hann starfaði við heilsugæslustöðina í Hveragerði um tæplega tveggja ára skeið frá október 2001 til febrúar 2003.

Féllst dómurinn ekki á rök mannsins sem sjúklingar og að-

ir kvörtuðu yfir meðan hann var við störf. Hann var áminntur með formlegum hætti vegna þeirra kvartana sem og fyrir óstundvísu í janúar 2003 en hegðan mannsins þótti ekki batna eftir áminninguna. Í kjölfarið var viðkomandi frá vinnu vegna veikinda í tvær vikur auk þess að taka sér launalaust leyfi og var tilkynnt um uppsögn þegar hann snéri til baka til vinnu eftir það.

FRÁ HVERAGERÐI Kröfu læknis sem starfaði á heilsugæslustöð bæjarins um bætur vegna ólögðrar uppsagnar var vísað frá í Héraðsdómi Suðurlands.



1300 öryrkjar fengu bréf:

Lengst leitað til ársins 1973

FÉLAGSMÁL Alls voru um 1300 öryrkjar krafðir um skattframtöl síðustu þriggja ára fyrir örorkumat. „Skattstofur hafa brugðist vel við fólki sem leitar til þeirra,“ segir Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri greiðslustofu lífeyrissjóðanna. „Það á að vera vandalaust að fá þessi gögn þó það taki mislangan tíma. Það er í undantekningartilfellum sem óskað var eftir gögnum langt aftur í tímann.“ Elstu framtölin sem um ræðir eru frá 1973 en skattstofur eiga ekki eldri skýrslur en frá 1979, en eldri framtöl eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

- grs



UMFERÐ Þeir sem hyggja á ferðalög um helgina geta átt von á miklu eftirliti á þjóðvegum landsins.

Hert umferðareftirlit:

Hægari akstur

LÖGGÆSLA Hert umferðareftirlit á þjóðvegum landsins skilar sér í hægari akstri að sögn lögreglu.

Lögreglan í Borgarnesi segir greinilegan mun á því að færri séu teknir fyrir of hraðan akstur nú en í upphafi átaksins, sem hófst 28. júní. Lögreglan á Hvalsveili tekur í sama streng og segir heldur að draga úr hraða á þjóðvegum.

Aðra viku umferðareftirlitsins voru 202 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur, samanborið við tæplega 250 í fyrstu vikunni. Hertu eftirliti verður haldið áfram til 1. október.

- ht

Abbas lætur til skarar skríða

Tveir táningar og sex vígamenn féllu í átökum palestínkra öryggisveita og skæruliða Hamas í Gazaborg í gær. Mörg ár eru síðan til jafn harðra bardaga hefur komið á milli Palestínnumanna.

GAZA, AP Í odda skarst á milli palestínkra öryggisveita og skæruliða Hamas-samtakanna í Gaza-borg í gær og féllu tveir unglingar í bardögum. Þetta eru verstu átök á milli Palestínnumanna í áraraðir.

Upptök ógunnar má rekja til flugskeytaárásar herskárna Palestínnumanna á samyrkjubú rétt við landamærin á Gaza á fimmtudaginn sem kostaði ísraelska konu lífið. Bæði Hamas og Al Aqsa samtökin lýstu yfir ábyrgð á því tilræði, að því er virðist til að hefna fyrir áftöku ísraelskra hermanna á Palestínnumanni, tengdum Al Aqsa-samtökum.

Í gærmorgun réðust palestínskar öryggisveitir inn í Zeitoun-hverfið í Gaza-borg til að klöfesta skæruliða sem taldir voru standa fyrir árásumum í fyrrdag. Þær mættu hins vegar mikilli mótspyrnu uppreisnarmanna sem kveiktu í lögreglustöð og nokkrum herjæppum. Tveir



táningspiltar, 13 og 17 ára, biðu bana í átökum og 25 særðust, þar af sex lögreglumenn.

Ísraelski flugherinn gerði loftárás á yfirgefið hús sem skæruliðar lögðu undir sig og fórst einn þeirra í árássinni, skömmu síðar skutu ísraelskir hermenn annan skæruliða þar. Fjórir skæruliðar létust svo í annarri loftárás.

Aðgerðir palestínkra yfirvalda benda til stefnubreytingar en þau hafa legið undir ámalir fyrir að taka ekki uppreisnarmenn nógu föstum tókum. Loftárásir Ísraelska þykja á hinn bóginn vísbending um að þeir séu að missa trúna á Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar og kjósi að grípa til eigin ráða. Í það minnsta virðist vopnahléið frá því í febrúar standa á brauðfötum.

BRYNDEKI BRENNUR Til átaka kom á milli palestínkra hersveita og uppreisnarmanna á Gaza í gær. Síðustu tvo daga hefur ölga vaxið mjög á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjólaskóflur



Liðstýrð hjólaskófla VF 763B

- Perkins 1104-44T 77 kw/105 hp
- Dekk: 404/70R24
- Vinnuþyngd 7.500 kg

Liðstýrð hjólaskófla VF 963

- Perkins 1104C-44. 86KW/117 hp.
- Dekk: 17.5 L24
- Vinnuþyngd 8800 kg.

Í báðum vélum:

- „Bosc Rexroth Hydrostatic Transmission“ stíglaus skipting
- „Speed reduction“ stillanlegur ökuhraði óháður snúningshraða mótors.
- „Inch pedal“ skipting slær út við hemlun vélar.
- Tregðulæsing fyrir fram- og afturdrif.
- „Ride control“ jafnvægisbúnaður á mokstursgálga.
- Öryggisventlar fyrir lyftutjakka.
- Vökvahraðtengi fyrir mokstursskóflu.
- Opnanleg mokstursskófla (4 in 1) með áboluðum þverskera.
- Lyftaragafflar á lyftaraplani.
- Yfirstærð af rafgeymi.
- Loftstæti fyrir ökumann.

VENIERI – handsmíðaðar gæðavélar

Vélar og þjónusta hefja innflutning á frábærum vinnuvélum frá Venieri. Venieri er einn virtasti framleiðandi vinnuvéla í Evrópu, ítalskt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir um 900 vélar á ári. Vélararnar eru ekki settar saman í fjöldaframleiðslulínu heldur er hver og ein handsmíðuð af sérþjálfuðum starfsmönnum. Venieri-vélararnar hafa reynst framúrskarandi við íslenskar aðstæður og eru á mjög góðu verði.

Eigum Venieri-vélar á lager - komdu og kynntu þér þær!



VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími: 5-800-200

Nýtt fyrir reykingamenn:

Bjór með níkótíni

NEYTENDUR Þýski bjórframleiðandinn Nautilus hefur hafið framleiðslu á bjór með níkótíni sem á að geta komið í stað níkótínsplásturs eða -tyggjós. Bjórinn er 6,3 prósent að styrkleika og ein 25 cl flaska inniheldur einn þriðja af níkótín-magni heils sigarettupakka.

Bjórinn er meðal annars hugsaður fyrir svæði þar sem bannað er að reykja á veitingahúsum. Forfallnir reykingamenn geta fengið sér hann frekar en að fara út af staðnum til að reykja. ■

Nýr skólastjóri:

Fimm sækja um Landakot

LANDAKOTSSKÓLI Fjórir umsækjendur eru um stöðu skólastjóra í Landakotsskóla. Þeir eru Guðlaug Teitsdóttir, Laufey Jónsdóttir, Regína Höskuldsdóttir og einn sem óskar nafnleynðar. Laufey er einn ósáttu kennaranna við skólann og hinir tveir hafa starfað sem skólastjórar. Rætt verður við þá eftir helgi og vonast er til að skólastjóri, sem hefur starf 1. ágúst, verði ráðinn í næstu viku.

Upphaflega voru umsækjendur fimm en einn þeirra dró umsóknina til baka.

- grs

SPÁNN

SPRENGING Í BARCELONA Heimatilbúin sprengja var sprengd í anddyri ítalsks bílaumbóðs í Barcelona í gærmorgun. Enginn særðist í sprengingunni. Þetta er í annað skipti á einni viku þar sem fyrirtæki með ítölsk tengsl verður fyrir slíkri árás. Talið er að anarkistar beri ábyrgð á tilræðinu.

Bláa Lónið – heilsulind 6 ára

HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA / 3868



2 fyrir 1

Í tilefni afmælisins bjóðum við 2 fyrir 1 í Bláa Lónið – heilsulind gegn framvísun miðans.

Allir baðgestir sem framvísa miðanum fá einnig afmælisglaðning.

Gildir 16. og 17. júlí


www.bluelagoon.is • 420 8800

upplifðu
ISLAND-SÆKJUM ÞAD HEIM


BLUE LAGOON
ICELAND

SVONA ERUM VIÐ

Ökumenn teknir fyrir hraðakstur í umferðarátaki lögreglunnar.



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FJÖLDAMORÐIN Í SREBRENICA

Tíu ár liðin frá voðaverkum Serba

Um þessar mundir eru tíu ár liðin frá því að fjöldamorðin í Srebrenica áttu sér stað, en í þeim voru um átta þúsund karlmenn drepnir af her Bosníu-Serba.

Hver var aðdragandinn?

Eftir að borgarastyrjöld braust út í fyrrum ríkjum Júgóslavíu varð borgin Srebrenica eitt af fáum svæðum í austurhluta Bosníu sem Serbar stjórnuðu ekki. Hún var gerð að hlutlausu svæði og sex hundruð hollenskum friðargæsluðum falið að tryggja öryggi borgaranna. Her múslima í borginni afvopnaðist hins vegar ekki að fullu og réðst hann stundum að næturlagi á þorp Bosníu-Serba. Þær árásir notuðu herir Serba sem átyllu til að hernema borgina.

Hvernig fóru fjöldamorðin fram?

Eftir hernámið skildu Serbar konur, börn og gamalmenni frá karlmönnum. Flestir þeirra,

alls um 12.500, ákváðu að reyna að brjóta sér leið yfir á yfirráðasvæði Bosníu-múslima, en her Serba sat fyrir þeim og stráfældi þá á flóttanum. Aðeins um fimm þúsund manna komust á leiðarenda, en aðrir féllu á leiðinni eða voru teknir til fanga og líflátnir. Karlmenn sem eftir urðu í borginni voru einnig teknir af lífi.

Líkfundir og refsingar

Nú, um tíu árum síðar, hafa fjöldamorðin almennt verið viðurkennd og margir helstu skipuleggjandi þeirra hafa verið dæmdir af stríðsglæpadómstólum fyrir þjóðarmorð, en netið er að þrengjast um aðra. Lík stórs hluta fórnarlambanna hafa fundist þó ekki hafi tekist að bera kennsl á þau öll. Enn er verið að grafa upp lík úr fjöldagröfum á svæðinu. Þeir sem lifðu af hafa minnst morðanna með ýmsum hætti á síðustu dögum.




GRÁTIÐ YFIR LÍKAMSLEIFUM Þessi mynd var tekin nú um helgina en þá fór formleg útför 613 fórnarlamba fram rétt utan við Srebrenica.

Deilt á nýtt leiðakerfi Strætó

Strætisvagnar höfuðborgarsvæðisins hefja að aka eftir nýju leiðakerfi næsta laugardag. Nú er unnið að því að kynna breytingarnar fyrir notendum og öðrum sem hafa áhuga. Deilt hefur verið á nýja kerfið úr ýmsum áttum.

Strætóleiðum höfuðborgarsvæðisins verður eftir viku fækkað niður í nítján vegna gjörbreytinga á leiðakerfi. Meginbreytingin með nýja leiðakerfinu er að lengra verður á milli biðstöðva en á móti kemur að vagnarnir ganga hraðar og tíðar og því ætti fólk að geta komist hraðar á milli staða. Ásgeir Eiríksson forstjóri Strætó bs. sagði á blaðamanna-



FRÉTTASKÝRING
NÝTT LEIÐAKERFI
STRÆTISVAGNA



ODDUR ÁSTRÁÐSSON
BLAÐAMAÐUR

fundu þar sem leiðakerfið var kynnt að með nýja leiðakerfinu væri orðið til skilvirkt kerfi almenningssamgangna fyrir allt höfuðborgarsvæðið og að strætó yrði með því raunhæfari valkostur en áður. Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og stjórnarformaður Strætó bs. sagði á sama fundi að markmiðið með hinu nýja leiðakerfi væri að þjóna betur þörfum fólks í umferðinni en

hingað til hefur verið gert. Nú þegar hafa þó heyrst gagnrýnisráddir úr ýmsum áttum þar sem deilt er á leiðakerfið og það

sagt óhentugt fyrir börn, gamalmenni og þá sem erfitt eiga með að ganga langar leiðir. Sumir hafa meira að segja fullyrt að líklega fækki farþegum með breytingunum ef eitthvað er.

Vagnstjórar óánægðir með vaktafyrirkomulag

Valdimar Jónsson fulltrúi starfsmanna Strætó bs. hefur sagt að þar á bæ séu menn ekki sáttir og þyki hafa skort á samráð við breytingarnar. Hann tekur fram að ekki sé það leiðakerfið sem slíkt sem truflar starfsmenn enda eigi þeir ekki að ráða því hvernig það er heldur sé það breytingar á vaktafyrirkomulagi sem valdi þeim áhyggjum. Samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi vinna bílstjórnar almennt lengri vaktir í einu en fá í staðinn lengra frí á milli vakta. Segir Valdimar þessa breytingu gera vagnstjórum erfiðara fyrir með að vinna aukavinnu. Einnig hafi vagnstjórnar kvartað undan því að nýja leiðakerfið hafi ekki verið kynnt fyrir þeim sem skildi.

Ekki tekið tillit til barna og gamalmenna

Félag eldri borgara hefur lýst yfir óánægju sinni með leiðakerfið þar sem eldri borgarar þurfi að ganga lengri leiðir til að komast í vagnana. Einnig þykir verra að sett séu upp biðskýli í skiptistöðvar þar sem eldri borgarar eiga margir erfitt með að bíða lengi utandyra, sérstaklega á veturna. Björn Finnsson, umsjónarmaður frístundaheimilis í Breiðholti, segir nýja leiðakerfið heldur ekki taka nægilegt tillit til barna, vont sé að þurfa að fara yfir stórar umferðaræðar með barnahópa auk þess sem helsta útivistarsvæði borgarinnar í Laugardal liggur verr við nýja leiðakerfinu en hinu gamla.



ÍMYND PÓLLANDS Bozena Szwarc er ekki hjúkrunarkona í raun og veru heldur fyrrisæta. Myndum af henni verður dreift um Evrópu til að bæta mynd Póllands og eyða ranghugmyndum um að landsmenn séu eingöngu ódyrt vinnuafli.

Óbyggðirnar kalla!

Ný og ómótstæðileg bók fyrir alla þá sem unun hafa að aka um óbyggðir landsins, jafnt reynda sem óreynda jeppaferðalanga.

- 60 spennandi leiðarlýsingar þar sem sérstök áhersla er lögð á leiðir í nágrenni Reykjavíkur
- Þjöldlegur fróðleikur
- Skrá yfir athyglisverðar laugar sem ferðalangar geta heimsótt og notið
- GPS-punktur, vegalengdir og aksturstími
- Fjarskiptatækni og GPS-tækni
- Skrá yfir á annað hundruð skála utan alfaraleiða
- Ár og vöð á leiðunum

4. sæti
Handbækur

Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM
6.-12. júlí

edda.is

10

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333

Nú er potturinn þrefaldur!

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á
lotto.is - þú gætir unnið litlar 10 milljónir króna.**

Það getur allt gerst.



Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnarnir, vakningar og margt fleira með snillingunum Péttri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn 

 sena



ÁVÖXTUN SJÓ

SKULDABRÉFASJÓÐIR

	Nafnvöxtun sl. 12 mán.
Íslensk skuldabréf – löng	
Ríkisverðbréfasjóður – langur	10,2%
Íslensk skuldabréf – meðallöng	
Markbréf	10,4%
Kjarabréf	9,2%
Ríkisverðbréfasjóður – millilangur	8,5%
Íslensk skuldabréf – skammtíma	
Hávaxtasjóður ¹	9,9%
Skammtímasjóður ¹	9,0%
Peningamarkaðssjóðir	
Peningamarkaðssjóður ¹	8,2%
Alþjóðleg skuldabréf	
US Bond Class	-4,6%
Lux-Euro Bond Class	-4,8%

HLUTABRÉFASJÓÐIR

	Nafnvöxtun sl. 12 mán.
Íslensk hlutabréf	
Úrvalsvísitölusjóður ²	39,4%
ÍS-15 ¹	33,6%
Einingabréf ⁹ ¹	30,9%
Icelandic Equity ³	26,6%
Blönduð verðbréf	
KB Samval ¹	30,8%
Eignastýringarsjóður ¹	14,5%
Alþjóðleg hlutabréf – global	
KMS Global Sector	0,3%
KMS Global Styles	-1,1%
KMS Global Equity	-1,3%
Kaupthing International Value	-2,7%
Kaupthing International Growth	-10,8%
Alþjóðleg hlutabréf – markaðir	
KMS Emerging Market	20,5%
KMS Europe	8,4%
KMS N-America	-4,1%
KMS Asia Pacific	-8,5%

¹ Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

² Vísitölusjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessir sjóðir endurspeglu eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra.

³ Iceland Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þarlendur lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

ÞA KB BANKA

LÍFEYRISSPARNADUR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Nafnávöxtun sl. 12 mán.
Frjálsi I	11,4%
Frjálsi II	10,5%
Frjálsi III*	8,3%
Vista	
Vista I	11,8%
Vista II	12,8%
Vista III	9,7%
Vista IV	9,7%
Vista V*	8,3%
Lífeyrisauki	
Lífeyrisauki I	12,0%
Lífeyrisauki II	14,0%
Lífeyrisauki III	10,3%
Lífeyrisauki IV	10,4%
Lífeyrisauki V*	8,3%

* verðtryggðir innlánsreikningar

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka bar ríkulega ávöxtun síðastliðna 12 mánuði. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir bankinn þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 30.06. 2005.

DV Helgarblað

Saga Gísla Þorkelssonar

Ævintýramaður sem flutti til Suður-Afríku þar sem hann var myrtur



Sóknarpresturinn í Garðabæ hefur staðið í ströngu að undanfögnu. Í Garðasókn í Garðabæ hafa staðið deilur milli séra Hans Markúsar Hafsteinssonar og meirihluta sóknarnefndarinnar. Á dögnum héldu stuðningsmenn og velunnarar Hans Markúsar fund þar sem fjallað var um þá stöðu sem upp var komin, meðal annars í ljósi þess að áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar kvað upp úrskurð um að Hans Markús skyldi fluttur til í starfi. Málin hafa vakði mikla athygli en minna hefur borið á persónu Hans Markúsar sem hans nánustu segja vera hæglátan mann sem forðist helst kastljós fjölmíðla og opinbera umfjöllun.

Hans Markús fæddist í Reykjavík í september 1951. Fyrstu fimm ár ævinnar bjó hann í vesturbænum í Reykjavík en flutti svo til Njarðvíkur og hóf skólagöngu sína í Keflavík. Hann er talinn góður og mikill námsmaður enda hefur hann komið víða við í námi.

Hann lauk prófi í rafvirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík 1973 og öðlaðist síðar meistara-réttindi í sömu grein. Eftir það nám lá leið hans þó í störf fyrir hinn almenna borgarara og hóf hann störf hjá lögreglunni í Reykjavík. Þar starfaði hann sleitulaust til ársins 1997 eða þar til hann var vígður til prests í Garðasókn. Hann útskrifaðist úr Lögregluskóla ríkisins árið 1976 og var skipaður lögregluþjónn í Reykjavík sama ár.

Í lögreglunni líkaði Hans Markúsi vel að starfa. Hans nánustu lýsa því að hann sé gæddur miklum kærleika og umhyggju fyrir fólki og hafi starfið átt vel við hann enda sé hann bæði raungóður og vinnusamur maður. Það mun vera vegna þeirrar gleði og sorgar sem

lögregluþjónninn Hans Markús upplifði og sá sem hann ákvað að söðla um. Hann hóf nám í guð-



fræði í Háskóla Íslands og útskrifaðist sem guðfræðingur árið 1997.

Hvar sem komið er niður á störf og persónu Hans Markúsar ber öllum saman um þá hlýju og alúð sem hann gefur frá sér. Einn samferðarmaður hans segir að hann gleymi oft sjálfum sér þar sem hagur og velferð annarra sé honum svo kær. Hann er sagður næmur á tilfinningar fólks og geta ekki gantast með það sem miður fer hjá öðrum. Dugnaður hans endurspeglast í því sem hann hefur tekið sér fyrir hendur og hann fer þangað sem hann ætlar sér. Prestsstarfið sé honum dýrmætt, því þar nái hann tengslum við fólkið sem á hug hans og tíma allan.

Hans Markús kynntist núverandi eiginkonu sinni, Jónínu Sigbrúði Sigurðardóttur lögregluvarðstjóra, fyrst á unglingsárum en ástir tókust með þeim þegar þau störfuðu saman hjá lögreglunni og giftust þau 1981. Hans Markús á tvö börn af fyrra hjónabandi og Jónína eitt, en saman eiga þau eitt barn.

Hans Markús er mikill námsmaður eins og áður var sagt og hefur hann enn gaman af því að læra og nema. Þykir honum skemmtilegast að læra tungumál en af öðrum áhugamálum má helst nefna að hann leikur golf í góðra vina hópi. Nánir samstarfsmenn hans í gegnum tíðina bera honum allir vel söguna og segja hann bæði traustan vin og skemmtilegan félag. Aldrei hafi staðið á því að hann komi vinnu til aðstoðar þegar illa stendur á. Atburðir líðandi stundar séu honum verkefni sem leysist á þann hátt sem hann helst kys sjálfur. Hans Markús hefur náð að tengja saman rétta póla sem rafvirki og hefur nú það starf með höndum að ná tengingu milli manna og guðs. Svo verður það áfram, segja samferðarmenn. ■

TEKNING: HELGI SIGURSSON - HUGVERKAS

Áfram Reykjavíkurlistinn!

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNAR-
KOSNINGAR



SKÚLI HELGASON
STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR

Ég er Reykjavíkurlistamaður og stoltur af því. Ég á góða vini í röðum Vinstri-grænna, Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins en ÉG er Reykjavíkurlistamaður númer eitt. Ég kynntist því vel innan Röskvu í Háskólanum hvernig félagshyggju-fólk getur unnið saman sem ein heild þótt það sé skráð í mismunandi stjórnmálaflokka eða engan. Með stofnun Reykjavíkurlistans árið 1994 varð draumurinn um samhenta sveit félagshyggju fólks að veruleika í Reykjavík. Þarna var fólk úr ýmsum áttum en það sameinaðist um sterka réttlætiskennd, vilja til að bæta sitt samfélag og leysa málin þvert á flokkslínu. Ég lagði glaður mitt lóð á vogarskálarnar 1994 og aftur 2002 þegar sjálfstæðismenn háðu sína kosningabaráttu á Geldinganesi.

Nú líður enn að kosningum og koma þá fram raddir um að flokkarnir sem mynda Reykjavíkurlistann ættu að bjóða fram sér. Þetta eru skiljanlegar vangaveltur hjá fólki sem vill sjá veg síns flokks

sem mestan. Lausnin er hins vegar ekki skynsamleg. Sérframboð Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks hjálpar aðeins einum flokki - Sjálfstæðisflokknum. Ef Reykjavíkurlistinn býður ekki fram sameinaður næsta vor snýst kosningabaráttan aðallega um sundurlyndi flokkanna sem að honum standa en önnur kosningamál falla í skuggann. Það mun aftur hafa afdrifarík áhrif á tilraunir til að mynda nýja ríkisstjórn félagshyggju fólka eftir þingkosningar 2007. Og það veit almættid að þessi þjóð á skilið nýja ríkisstjórn.

Einu sinni var máluð svo háttáð í borg Sjálfstæðisflokksins að venjulegt vinnandi fólk fékk ekki leikskólaláss fyrir börn sín. Plássin voru frátekin fyrir námsmenn og einstæða foreldra. Og svo líklega nokkra féлага í Sjálfstæðisflokknum. Í það minnsta var dag einn hringt í móður mína frá leikskólanum Tjarnarborg og henni tjáð að eldri bróðir minn væri kominn með leikskólaláss. Fagnaðarlátum linnu þó fljótt því bróðir minn var á þessum tíma orðinn síðhærður unglingur með yfirvaraskegg og ekki jafn áfjádur og fyrrum í að komast á leikskóla. Forgangsröðun sjálfstæðismanna leyfði ekki að börn vinnandi fólks kæmst á leikskóla, a.m.k. ekki meðan þau væru börn. Peningum borgarinnar var eytt í að byggja Ráðhús og Perlu sem fóru óralangt fram úr kostnaðaráæt-

unum. Reykjavíkurlistinn gerði byltingu í leikskólamáluðum að megin-stefnumáli sínu og gjörbreytti aðstöðu barna og vinnandi fólks. Nú þykir sjálfsgagt að öll 2-5 ára börn eigi kost á leikskólalássi. Þetta afrek Reykjavíkurlistans er eitt mikilvægasta framlag stjórnmála-hreyfingar til jafnréttismála á Íslandi.

Hlutverki Reykjavíkurlistans er hvergi nærri lokið. Eftir straumhórf í leikskólamáluðum, sögulega leiðréttingu á kjörum kennara og kraftmikla uppbyggingu í orkumálum bíður borgaryfirvalda nú tækifæri til að frelsa Vatnsmýrina úr viðjum Reykjavíkflugvallar og reisa glæsilega byggð í hjarta Reykjavíkur. Þar tekur enginn annar en Reykjavíkurlistinn af skarið. Sjálfstæðisflokkurinn er bundinn af yfirlýsingum samgönguráðherra síns um að flugvöllurinn skuli vera um kyrrt og mun traudla snupra sinn ráðherra nema frjósi í helvíti. Ég trúi því að Reykjavíkurlistinn nái breiðri samstöðu um að nýta Vatnsmýrina undir fólk en ekki flugvélar. Á meðan leitar Sjálfstæðisflokkurinn langt yfir skammt og talar um eyðiejjar og fjarlægja framtíð.

Ég vil að lokum skora á féлага mína í Reykjavíkurlistanum að rifja upp gömlu samstöðuna og leggja drög að nýrri stórsókn í þágu Reykvíkinga. Áfram Reykjavíkurlistinn!

Sveitastrákurinn sem varð heimsborgari
MYRTUR Í SUÐUR-ÁFRÍKU

Orðin leið á að vera heikona

DJAMMDROTNING Í BORGARSTJÓRASTÓL

Ég elska Reykjavík að næturlagi

BÆJARINS BESTU HÚS... Allt um glæsilegar risavillur þeirra nýrku sem eru ekkert að spáa

Helmsfrelsi

Verðskali 2000 kr. kort	3,64 kr/mín
Þvottur 500 mínútur	3,64 kr/mín
Þvottur 400 mínútur	3,64 kr/mín
Þvottur 300 mínútur	3,64 kr/mín
Þvottur 200 mínútur	3,64 kr/mín
Þvottur 100 mínútur	3,64 kr/mín

Hefur þú séð DV í dag

ÞÉR ER BOÐIÐ!

NÚ ER **GLÆSILEGASTI**
SÝNINGARSALUR LANDSINS
KOMINN AF TEIKNIBORÐINU

Við hjá Ingvari Helgasoni blásum til **opnunarhátíðar**
milli 12 og 16 í dag þar sem eitthvað verður um að
vera fyrir alla. Kíktu til okkar um helgina og við tökum
vel á móti þér!

Líttu við á Sævarhöfðanum!

*Lifandi tónlist og Rás 2 með
beina útsendingu frá svæðinu*

*Fáðu þér kaffi!
Jónína Tryggvadóttir,
Íslandsmeistari kaffibarbjóna
2005 frá Te og Kaffi*

*Léttar veitingar!
Vöflur frá TORO,
pýlsur og gas*

*Bónaðu til góðs!
Láttu bóna bílinn gegn vægu verði.
Öll upphæðin sem safnast rennur
til Barnaspítala Hringisins.*

*Fyrir krakkana:
Hoppukastali, Ævintýrakastali og risabox*

*Bíll í verðlaun!
Fylltu út miðann og renndu honum inn um
gluggann á Almerunni. Hver veit nema þú vinnir
árs afnot af Nissan Almera?*

ÁSTARSAMBAND Í EITT ÁR
SÁKTU MÁTT Í BREMMTEIGUM LEIK OG ÞÚ GETUR
LÍND GLÆNYLUN OG JÆSILEGAN NISSAN ALMERA
TIL AFNOTA Í HEILT ÁR


Nissan Almera 1.0i
Bensínþús, 5 dyra, 55kW gler,
1st krönglaup, T10 bestur

Hver eru stærstu bílar / sættur?
Hver er mest vandast fyrir Nissan, Subaru, Opel og
Seat?

Ingvar Helgason



Ingvar Helgason



KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.178,25 +0,19%

Fjöldi viðskipta: 139
Velta: 747 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur +1,28%
Burðarás +0,63%
Landsbankinn +0,58%

MESTA LÆKKUN

Siminn -7,22%
FL Group -0,69%
Grandi -0,60%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,10 +0,24% ... Bakkavör 38,30 +0,00%... Burðarás 15,90 +0,00%... FL Group 14,55 -0,69% ... Flaga 4,73 +0,00%... Grandi 8,30 -0,60 ... Íslandsbanki 13,55 +0,37% ... Jarðboranir 21,70 +0,46% ... KB banki 546 +0,00% ... Kögun 58,80 +0,51% ... Landsbankinn 17,50 +0,58% ... Marel 58,2 +0,00% ... SÍF 4,82 +0,00 ... Straumur 12,20 +0,00% ... Össur 79,00 +1,28%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](http://nánar.avisir.is)

Peningaskápurinn...

Varfærinn forstjóri

Jónas Fr. Jónsson hefur verið ráðinn forstjóri Fjármálaeftirlitsins frá og með næsta mánudegi, 18. júlí. Stofnunin hefur verið hófuðlaus eftir að Páll Gunnar Pálsson fór til Samkeppniseftirlitsins fyrir skemmstu. Líklegt er að Jónas verði meira áberandi í starfi sínu en Páll í kjölfar þess að 1. júlí síðastliðinn varð eftirlitinu heimilt að greina frá einstökum athugunum sem það stendur fyrir. Þeir sem þekkjá Jónas vita þó að hann er varfærinn maður og stígur væntanlega varlega til jarðar í þeim efnum á meðan starfsreglur eftirlitsins eru í mótun. Jónas lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands, LL.M.-prófi frá háskólanum í Cambridge og MBA-prófi frá Vlerick Leuven Gent Management School í Belgíu. Þá hefur hann lokið prófi í verðbréfamíðun. Jónas hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri innra markaðssviðs Eftirlitstofnunar EFTA í Brussel og af og til hrellt íslensk stjórnvöld í því starfi.

Milljón í Kína

Athyglisvert er að rýna í nýjar tölur Seðlabankans um fjárfestingu Íslendinga erlendis og útlendinga hérlandis. Íslendingar eiga nú tæpa 54 milljarða króna í Lúxemborg, líklega undir merkjum ýmissa eignarhaldsfélaga og á bankareikningum. Var gríðarleg aukning milli ára anna 2003 og 2004 hvað varðar ústreymi peninga til Lúxemborgar. Árið 1999 voru einungis 3,5 milljarðar geymdir í þeirri ágætu borg. Annars eiga Íslendingar eignir í Evrópu að andvirði 228 milljarðar króna, í Ameríku nema þær sextán milljörðum, tæpum ellefu í Asíu og minna annars staðar. Samkvæmt Seðlabankanum er bein fjármunaeign Íslendinga í Kína ein milljón. Ekki þykir það mikið í efnahagsstórveldinu.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Eitt af stærstu fyrirtækjum heims, **General Electric Co.** jók hagnað sinn á öðrum ársfjórðungi um 24 prósent.

Oracle hefur keypt hugbúnaðarfyrtækni **ProfitLogic**, sem smíðar greiningarbúnað fyrir smá-sölugeirann.

Útibúi endurskoðunarfyrtækisins **KPMG í Noregi** er skylt að greiða um 6,5 milljarða íslenskra króna, í skaðabætur vegna vanrækslu við endurskoðun á bókhalði fjársöfnunarfyrtækisins **Credit Finance**, sem varð gjaldþrota árið 2002.

Greining **Íslandsbanka** spár því að vísitala neysluverðs lækki um 0,2 prósent milli júlí og ágúst.

Low & Bonar kaupir

Low & Bonar, sem Atorka Group á um fimmtingshlut í, hefur keypt fyrirtækið Xirion. Kaupverðið er 13,6 milljónir evra eða rúmlega milljarður. Xirion var stofnað árið 2000 og er leiðandi framleiðandi á garni í gervigrasteppi.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON
forstjóri Atorku

Heildareignir fyrirtækisins í lok maí námu tæpum 600 milljónum króna. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans segir að búist sé við nokkrum tekjuvexti á árinu og hafi félagið einnig verið að fjárfesta nokkuð til að styðja við frekari vöxt.

Óendurskoðuð afkoma af gervigrashluta félagsins fyrstu fimm mánuði ársins sýnir að sölutekjur námu 360 milljónum króna og rekstrarhagnaður nam tæpum 60 milljónum króna. -dh

Deilt um markmið íbúðalánasjóðs

Forstjóri íbúðalánasjóðs er ekki á móti því að sjóðnum verði heimilt að veita lán til endurfjármögnunar. Þingmaður telur að sjóðurinn sé einmitt að því um þessar mundir í gegnum bankakerfið.

Deilt er um hvort þeir lánasamningar sem Íbúðalánasjóður hefur gert við banka og sparisjóði, og þeir nota síðan til íbúðarlána í ýmsum myndum, séu í samræmi við félagslegt hlutverk sjóðsins. Íbúðalánasjóður hefur sjálfur ekki heimild til að lána til endurfjármögnunar. Það eru fyrst og fremst sparisjóðirnir sem hafa gert slíka samninga við Íbúðalánasjóð.

Pétur H. Blöndal alþingismaður telur að sjóðurinn sé kominn langt út fyrir hlutverk sitt með þessum

samningum og finnst skrítið að Íbúðalánasjóður, sem er félagslegur sjóður – stofnaður og rekinn af ríkinu, skuli vera með dularfulla leynisamninga við banka og sparisjóði.

Hann gagnrýnir að Íbúðalánasjóður fjármagni útlán banka og sparisjóða til almennings þar sem ekki er gerð krafa um að lánið renni til húsbýgginga eða húskaupa heldur til neyslu, til dæmis kaupa á hlutabréfum og utanlandsferðum. Það geti ekki verið í samræmi við stefnu sjóðsins.

„Það er dálítið ankannalegt ef almenningur getur fengið hærri lán, en hámarkslán Íbúðalánasjóðs kveða á um, sem sjóðurinn fjármagnar líka.“

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir að sjóðurinn telji sig vera að fara eftir lögum með lánveitingum til banka og sparisjóða. Hafi lög-



UMDEILD LÁNASTOFNUN Íbúðalánasjóður hefur gert lánasamninga við banka og sparisjóði sem þeir nota til að lána til íbúðakaupa eða endurfjármögnunar. Þingmaður telur sjóðinn fara út fyrir sitt starfssvið sem þessum lánunum.

fræðialit verið unnið fyrir sjóðinn sem staðfesti það auk þess sem félagsmálaráðuneytið álití að sjóðurinn fari eftir þeim reglum sem honum eru settar. Sjóðurinn telur sig vera með trygg útlán en þó alla áhættu ef þau tapast. Stofnunin er ekki í óskastöðu en hún hafi þurft að laga sig að þeim aðstæðum sem komu upp þegar bankarnir komu inn af fullum krafti á íbúðalánamarkaðinn til að endurfjármagna.

„Það væri breyting á hlutverki sjóðsins ef honum væri veitt heimild til slíkra lánveitinga. Ég er ekki á móti því ef stjórnvöld


telja það vera skynsamlegra en það sem við erum að gera.“

Guðmundur segir að Íbúðalánasjóði hafi verið gert kleift að hækka hámarkslán sín nokkuð á síðasta ári en þau eru um sextán milljónir í dag.

„Það er á vettvangi stjórnmalanna að ákveða og kanna hvort hækka skuli þessa upphæð eða skipta markaðnum með öðrum hætti. Hvar annars er hægt að varðveita þetta fé og hvar annars fæst betri ávöxtun sem jafnframt tryggir stöðu sjóðsins til lengri tíma? Ég þigg allar ábendingar.“

eggert@frettabladid.is

OPIÐ UM HELGINA



Gestamóttaka á Nesjavöllum og Hellsheiði

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradöllum (fyrirhuguð Hellsheiðavirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum

mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.

Allar nánari upplýsingar

í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.



www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

Besta ávöxtunin hjá Netbankanum

Netbankinn var með hæstu ávöxtun á verðtrygðum lífeyrissparnaðarveikningum á fyrstu sex mánuðum ársins samkvæmt úttekt Morgunblaðsins. Nafnávöxtun á innlánsveikningum Netbankans var 9,06 prósent. Ávöxtun af sams konar veikningum hjá viðskiptabönkunum var rúmu einu prósentustigi lægri. Íslandsbanki var næstur Netbankanum en lífeyrisveikningur bankans gaf 7,99 prósent á ávöxtun.

Netbankinn var jafnframt með hæstu ávöxtun allra banka og spari-



ÁVÖXTUN Netbankinn sýndi hæsta ávöxtun banka og sparisjóða á verðtrygðum og óverðtrygðum innlánsveikningum, þar á meðal á verðtrygðum lífeyrissparnaðarveikningum.

sjóða á óverðtrygðum og verðtrygðum innlánsveikningum. - eþa

Auknar erlendar fjárfestingar

Bein fjárfesting Íslendinga erlendis er talin vera um 30 prósent af innlendri landsframleiðslu í árslok 2004. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum Seðlabanki Íslands um beina fjárfestingu Íslendinga erlendis og um beina fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi árið 2004.

Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans kemur fram að bein fjárfesting samanstandi af hreinum hlutabréfaviðskiptum eða kaupum að frádreginni sölu, endurfjárfestingu og lánaviðskiptum milli fjárfesta og dótturfyrirtækja. -dh



FRÁ TÍSKUSÝNINGU MOSAIC FASHIONS Erlendar fjárfestingar nema þriðjungi af landsframleiðslu.

Bókanir dragast saman

Ryanair ætlar að bjóða þrjár milljónir bónussæta.

Flugbókanir hjá Ryanair, stærsta laggjaldaflugfélagi Evrópu, hafa dregist saman um tíu prósent eftir hryðjuverkin í London. Michael O'Leary, forstjóri félagsins, segir að pantanir séu átta þúsund færri á hverjum degi en búist hafði verið við. Samkvæmt upphaflegum áætlunum fyrirtækisins gerði það ráð fyrir eitt hundrad þúsund fyrirfram bókunum á hverjum degi samkvæmt frétt Financial Times.

Ætlar félagið að bjóða upp á upp þrjár milljónir bónussæta frá næst komandi september-

mánuði fram í miðjan júlí á næsta ári til að bregðast við samdrætti. Viðskiptavinum gefst þá kostur á að fljúga til ýmissa áfangastaða fyrir eina evru eða eitt pund auk skatta.

Hryðjuverkaárásir hafa mikil áhrif á rekstur félags eins og Ryanairs. Svo var eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum og meira að segja eftir sprengingar sem urðu í Madrid og Balí, sem eru ekki áfangastaðir félagsins.

Helstu keppinautar Ryanairs, easyJet, British Airways og BAA, finna einnig fyrir minni fyrirfram bókunum. Almennt er talið að hryðjuverkin hafi ekki mikil áhrif á rekstur félaganna til lengri tíma.

- eþa



RYANAIR

Gósentíð í Suður-Kóreu

Suður-kóreski hlutabréfamarkaðurinn stendur í sögulegu hámarki um þessar mundir. Erlendir fjárfestar hafa undanfarið ausið fé í þarlend hlutabréf, og hafa bréf í hátækni- og bílafyrirtækjum verið sérlega vinsæl.

„Markaðurinn hefur rokið upp úr öllu veldi. Hér ríkir alger gósentíð“, sagði Lee Woo-hyun sérfræðingur hjá Kyobo Securities. Hlutabréf í fyrirtækjum á borð við bílaframleiðandanum Hyundai hafa aldrei verið verðmeiri.

Er veikum gjaldmiðli Suður-Kóreu, woninu, þakkað þessar miklu hækkningar. Það gerir að verkum að suður-kóreskar vörur eru ódýrar erlendis og að



HYUNDAI JEPPI Suður-kóreski hlutabréfamarkaðurinn stendur í sögulegu hámarki. Hlutabréf í Hyundai hafa aldrei verið verðmeiri.

hagstætt er að skipta erlendum gjaldmiðlum í won.

-jsk

FRÉTTAHLAÐIÐ/GVA



KARL WERNERSSON

Kaup Milestone á 66,6 prósent hlut í Sjóvá hafa nú verið staðfest og ný stjórn félagsins verið kjörin.

Kaup á Sjóvá frágengin

Formlega hefur verið gengið frá sölu á og greiðslu fyrir 66,6 prósent eignarhlut Íslandsbanka í Sjóvá til Milestone, sem er í eigu Karls Wernerssonar og systkina.

Hluthafafundur kaus nýja stjórn Sjóvár en hana skipa Bjarni Ármannsson, Benedikt Jóhannesson, Karl Wernersson, Guðmundur Ólason og Jón Scheving Thorsteinsson.

Þorgils Óttar Mathiesen víkur í kjölfarið sæti úr framkvæmdastjórn Íslandsbanka þar sem Sjóvá er ekki lengur dótturfélag bankans. Kom þetta fram í tilkynningu frá Íslandsbanka.

-jsk

Gott hjá Sony-Ericsson

Farsímarisinn Sony-Ericsson seldi sjö prósent meira á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta. Jafnframt jókst markaðshlutdeild fyrirtækisins og er hún nú um sjö prósent. Hagnaður Sony-Ericsson var á fjórðungnum tæpir 7 milljarðar króna.

Fyrirtækið, sem er samvinnuverkefni hins japanska Sony og hins sænska Ericsson, hagnaðist öðru fremur á söluaukningu farsíma í milliflokki verðs.

Stjórnarformaður Sony-Ericsson, Miles Flint, var ánægður með árangurinn: „Við jukum markaðshlutdeild okkar um eitt prósent milli ársfjórðunga og hljóttum því að vera sáttir.“

-jsk

NÝI WALKMAN-SÍMINN FRÁ SONY ERICSSON Kemur út um næstu mánaðamót og inniheldur MP3 spilara sem geymt getur hundrad lög.



MATTURIN OG DYRIN

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00. Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

Forðist biðraðir á flugvællinum

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Finnið rúturnar með okkar merki



CELIA CRUZ (1924-2003)
lést þennan dag.



„Ég þríf alltaf áður en ræstingarkonan kemur. Annars finn ég ekki neitt þegar ég kem heim.“

Celia Cruz var ein vinsælasta kúbverska söngkona tuttugustu aldar. Hún bjó í Bandaríkjunum og gerði 22 gullplötur á ævinni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Romanov-fjölskyldan tekin af lífi

Þennan dag árið 1918 var Nikulás Romanov annar, síðasti keisari Rússlands, og fjölskylda hans tekin af lífi af bolsévikum. Þar með leið undir lok þriggja alda valdatími Romanov-ættarinnar í Rússlandi. Nikulás var krýndur árið 1896 en var neyddur til að segja af sér árið 1917. Hann ásamt fjölskyldu sinni fór í útlegð í Síberíu. Í nóvember árið 1917 komust Bolsévikar undir stjórn Vladímírs Lenín til valda í Rússlandi og stefndu á að gera Rússland að kommúnistaríki. Í apríl árið 1918 var Romanov-fjölskyldan flutt til Jekaterinborgar í Úralfjöllum en borgarastyrjöld braust út í júní. Síðla nætur hinn 16. júlí var Nikulás, Alexöndru eiginkonu hans og börnum þeirra fimm ásamt þjónustufólki skipað niður í kjallara hússins. Þar var þeim raðað í tvær raðir og sagt að taka ætti af

þeim ljósmynd. Allt í einu réðust fjölmargir vopnaðir menn inn í herbergið og hófu skot-hríð að fjölskyldunni. Þau sem ekki voru látin eftir kúlna-regnið voru stungin til bana. Bein keisarafjölskyldunnar voru grafin úr jörðu árið 1991 og staðfest að hér væri um að ræða Romanov-fjölskylduna. Krónprinsinn og ein dóttirin voru þó ekki þar á meðal sem jók enn á þann orðróm að Anastasia, yngsta dóttir keisarans, hefði lífað af.



16. JÚLÍ 1918

MERKISATBURÐIR

- 1627 Sjóræningjar frá Alsír koma til Vestmannaeyja, drepa 34 Eyjabúa og taka 242 með sér.
- 1917 Tundurskeyti frá þýskum kafbáti hæfir flutninga-skipið Vestu. Skipið sekkur á einni mínútu og fimm menn farast. Tuttugu komust í skipsbát og ná landi í Færeyjum.
- 1955 Eisenhower, forseti Bandaríkjanna, kemur í stutta heimsókn til Íslands.
- 1969 Geimfarið Apollo 11 leggur af stað til tunglsins.
- 1999 John F. Kennedy yngri og eiginkona hans láta lífið þegar flugvél þeirra hrapar í Atlantshafið.
- 1999 Hæstiréttur sýklar Kíó Briggs af ákæru um að hafa smyglað e-töflum til landsins.

JARÐARFARIR

- 13.30 Júlíus Unnar Jóakímsson, Túngötu 16, Grenivík, verður jarðsungi frá Grenivíkurkirkju.
- 14.00 Ásta Einarsdóttir, frá Reykjadal, verður jarðsungi frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.
- 14.00 Gunnhildur Nikulásdóttir, Sundabúð, áður Hamrahlíð 9, Vopnafirði, verður jarðsungi frá Vopnafjarðarkirkju.
- 14.00 Kristmundur Jóhannesson, bóndi að Giljalandi, Haukadal, Dalasýslu, verður jarðsungi frá Stóra-Vatnshornskirkju.

ANDLÁT

Finnbjörg Ásta Helgadóttir, Karfavogi 50, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum, Fossvogi, sunnudaginn 10. júlí.

Eyjólfur Sig. Bjarnason, Víðivangi 8, Hafnarfirði, lést þriðjudaginn 12. júlí.

Jón Kristinn Ágústsson, Skipholt, Vatnsleysuströnd, lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, þriðjudaginn 12. júlí.

Pórunn Einarsdóttir fóstura, Skúlagötu 57, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 12. júlí.

Helgi Ingvarsson framkvæmdastjóri, Urðarhæð 13, Garðabæ, lést á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 13. júlí.

Valtýr Jónsson, áður til heimilis að Lundargötu 3, Akureyri, lést á dvalarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 13. júlí.

FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ER SJÖTÍU ÁRA:

Endurskoðun er fjölbreytt og skemmtileg

„Þetta er umhverfi sem hefur breyst gríðarlega hratt og gerir starfið miklu víðara og meira spennandi. Þegar ég var að byrja töldu flestir að endurskoðendur ynnu bara við að gera skattframtöl en nú tel ég að fólk geri sér grein fyrir að endurskoðendur standi fyrir gerð reikningsskila og vinni fyrir fyrirtæki á markaði og slíkt,“ segir Sigurður B. Arnþórsson formaður Félags löggiltra endurskoðenda sem er sjötíu ára í dag. Ekki verður haldið sérstaklega upp á afmælið heldur stefnt að veglegri veislu þegar félagið verður 75 ára.

Sigurður hefur verið viðloðandi endurskoðun í rúm 20 ár en á þeim tíma hefur stéttin þrefaldast. Mikil bylting hefur átt sér stað síðustu ár að sögn Sigurðar. „Endurskoðunarfyrirtækin hafa verið að fara úr einyrkjabúskap yfir í stór endurskoðunarfyrirtæki. Þegar ég var að byrja voru stóru fyrirtækin með um 20 manns en nú eru tvö, þrjú félög með um eða vel yfir hundrað starfsmenn,“ segir Sigurður en gífurleg alþjóðavæðing hefur orðið í starfi endurskoðenda með tilheyrandi innleiðingu á reglugerðum Evrópusambandsins.

„Í kjölfarið á þessu öllu saman hafa menntun og kröfur aukist. Í haust bjóða bæði Háskóli Íslands og Háskóli Reykjavíkur upp á mastersnám í reikningshaldi og endurskoðun í fyrsta sinn,“ segir Sigurður sem telur það til marks um að endurskoðun geti varla talist leiðinlegt starf.



FORMAÐUR Sigurður B. Arnþórsson segir gífurlegar breytingar hafa orðið á starfi endurskoðenda síðustu tíu ár sem einkennist af mikilli alþjóðavæðingu.

Sigurður hlær þegar hann er spurður hvað honum finnst um brandara um leiðinlega endurskoðendur. „Við sitjum ekki lengur með lítið sætt fjölskyldufyrirtæki þar sem enginn veltir því fyrir sér hvernig ársreikningurinn lítur út nema skatturinn. Þetta hefur breytt ímynd endurskoðenda,“ segir Sigurður sem

finnst vinnan skemmtileg. „Ég hefði ekki getað valið betur.“ Þá telur Sigurður að endurskoðendur séu skemmtilegt fólk enda sé félagsstarfið innan félagsins öflugt. Til að mynda stefni hundrað endurskoðendur ásamt mökum á ráðstefnu í september og ekki ólíklegt að mikil endurskoðun gleði ríki í herbúðum þeirra. ■

AFMÆLI



Sveinbjörn Dagfinnsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi ráðuneytisstjóri, er 78 ára.



Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld er 67 ára.



Anna Kristín Arngrímsdóttir leikari er 57 ára.

Páll Ægir Pétursson, skipstjóri og fyrrverandi deildarstjóri í Slysavarnarfélagi Íslands, er 46 ára.



Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri Hjalaskóla, er 40 ára á morgun. Sigrún og fjölskylda hennar taka á móti gestum í dag kl. 19.00 á heimatúninu á Hraðstöðum, Mosfellsbæ.



TVÍBURAR Hafliði telur líklegt að myndin hafi verið tekin á skemmtistaðnum Glaumbæ.

Sjötugir tvíburar

„Það verður grillævintýri með rauðvínskút,“ segir Hafliði Magnússon, rithöfundur frá Bíldudal, sem heldur upp á sjötugsafmæli sitt og tvíburasystur sinnar, Guðlaugar Magnúsdóttur, í dag. „Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem við höldum upp á stórafmæli saman en hún flutti snemma til Reykjavíkur,“ segir Hafliði sem gerðist mikilvirkur í leikfélagsmálum á Bíldudal í fjölda ára. Þar

skrifaði hann handrit og leikstýrði. Hafliði segir mikla grínista búa þarna fyrir austan og hafi honum meðal annars verið gefin nektardansmær í fimmtugsafmælisgjöf. „Ég á þetta á myndbandi þar sem ég dansa við hana fyrir fullum sal af fólki,“ segir hann hlæjandi. Hafliði hefur skrifað ýmislegt yfir ævina en telur bók sína, Togarasaga með tilbrigðum, með fyndnari bókum. ■



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð við andlát og útför móður minnar, tengdamóður og ömmu,

Bergþóru G. Jónsdóttur

Hjálmholti 9, Reykjavík.

Hrafnkell Björnsson
Aðalsteinn Hrafnkelsson
Björn Hrafnkelsson
Viðar Hrafnkelsson

Dagbjört Aðalsteinsdóttir
Kristín María Guðjónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Kristín Erlingsdóttir

grasalæknir,

lést þann 8. júlí síðastliðinn. Útför hennar verður frá Háteigskirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 11.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartaheill og minningar-sjóð Landspítalans.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,

Hlynur Sigtryggsson

fyrirverandi veðurstofustjóri, lést aðfaranótt 14. júlí.

Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. júlí kl. 11 f.h.

Ragnheiður Hlynsdóttir
Georg A. Bjarnason
Hlynur Georgsson
Sóley Soffía Georgsdóttir
Þröstur Sigtryggsson

Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnarnir, vakningar og margt fleira með snillingunum Pétri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn 

 sena



3.490

Vnr.88015952

Tjald

Tjald, þriggja manna.
Stærð: 200x210x130 cm.

- Vnr.88015950 **Tveggja manna tjald** kr. **1.990**
Stærð: 200x140x100 cm.
- Vnr.88015954 **Fjögurra manna tjald** kr. **7.990**
Stærð: 410x170x210 cm.
- Vnr.88015956 **Fimm manna tjald** kr. **9.990**
Stærð: 480x260x170 cm.

hafðu það
gott
Í TJALDINU!



ÓDÝRT FYRIR

Vnr.87992010

Prímus

Prímus.

1.490
~~1.890~~



Vnr.41879311

Straumbreytir **2.490**

IPV straumbreytir, sem breytir 12V í 220V.



Vnr.87977141

Kælibox **5.990**

Kælibox, fyrir rafmagn, 12 V, 25 ltr. Hentugt beint í bílinn.

Vnr.87991510

Gashellur

Gashillur, með 2 hellum.

5.990



Vnr.88015984

Útileguljós

Útileguljós.

1.190
~~1.490~~



Vnr.87992045

Lampi

Gaslampi.

1.990



Vnr.50630001

Ferðagasgrill **4.450**

OUTBACK ferðagasgrill, 42x27 cm grillflötur, grillgrind úr pottjámi.



Vnr.41622073

Svefnbekkur

Ferða svefnbekkur.
Stærð: 190x70 cm.

2.990



690
990

Vnr.88098157/8

Útilegustóll

Útilegustóll, grænn eða blár, samanbrjótanlegur.

ÓDÝRT
í allt sumar



Vnr.88002158

Útilegustóll

Útilegustóll, tvílitur, samanbrjótanlegur.

1.590



2.490
3.490

Vnr.88015972/4

Svefnpoki

Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð: 200x80 cm.

VERSLUNNAR-
MANNAHELGAR
TILBOÐ

2.990

Vnr.41622054

Partítjald

Partítjald, 3x3 m.



Vnr.88012339

Vindsæng og stóll

Vindsæng og stóll, 73x193 cm.

990 1.290

FERÐDALANGA!



2.990

Vnr.88010098-103

Leikfangabíll

Fjarstýrður formúlubíll, 47 cm, 10V, rauður og svartur. 27/40HZ.



4.990

Vnr.88010096-104

Leikfangabátur

Fjarstýrður sportbátur, 70 cm, 9V, hleðslutæki fylgir. 27/40 HZ.



3.490

Vnr.88010118/9

Leikfangabátur

Fjarstýrður hraðbátur, 38 cm, 9V, hleðslutæki fylgir. 27/40 HZ.



3.990

2.990

1.990

Vnr.88015596-8

Ferðatöskur

ARTIC ferðatöskur á hjólum. Léttar og sterkar ferðatöskur með mörgum vösum. Hægt að geyma minni töskurnar inni í þeim stærri. Með gúmmihjólum á legum. Ytra byrði er úr sterku þrífanlegu efni. Þrjár stærðir: 55x37x20 cm, 65x42x22 cm, 75x47x27 cm, svartar.

hafðu það
gott



BYGGIR MEÐ ÞÉR

RR konungar & CUR konur



Orðalag og styttingar ýmiss konar í SMS-skilaboðum og á MSN fá hárin til að rísa á mörgum spekingnum. Það verður jú að varðveita ástkæra, ylhýra tungumálið sem hefur fylgt okkur frá landnámi. Færri vita hins vegar að styttingar voru mjög algengar í skrifum forfedra okkar og komst *Rósa Signý Gísladóttir* að því að fornhandritin og SMS/MSN-málið eiga margt sameiginlegt.

HÁSTEFLINGAR

Í fornhandritunum er mikið um að tvöfaldir samhljóðar eins og nn, gg, rr, tt og ss séu táknaðir með hásteplingum sem eru lágir hástafir, t.d. n, g. Hásteplingar voru algengir í skrifum Rómverja en Íslendingar nýttu sér þá á nýjan hátt og létu þá tákna tvöfalda samhljóða. Þessi tegund styttinga er dæmigerð fyrir íslenska stafsetningu á miðöldum.

Miscun	miskunn
anan	annan
þesom	þessum
begia	beggja

SKAMMSTAFANIR

Skammstafanir voru algengar á tímum Rómverja sem og í íslenskum handritum. Hver stafur, eða rún, gat haft ótal margar þýðingar og staðið fyrir öll föll og skar samhengið úr um það.

- b. borg, búar eða bróður
- d. dróttinn, dómandi, dagur, dóttir
- s. sonur, svaraði eða segir

Skammstöfunum fylgdu oft ýmist punktur eða lárétt strik sem sett var fyrir ofan stafinn eða í gegnum hann, t.d. h „hann“, m „maður“.

Til að tákna fleirtölu var fyrsti stafur orðsins tvöfaldaður í skammstöfuninni:

m̄m	menn, manna eða mönnum
kk	konungar

Í lagatextum voru staðlaðir lagafrasar mikið skammstafaðir, til dæmis þýddi t.f.b.s. „til fjörbaugssaka.“

Skammstafanir eru mikið notaðar bæði í SMS og MSN en þær eru oftast enskar. Þær algengustu eru:

OMG	oh my god
BTW	by the way
LOL	laughing out loud
ROFL	rolling on the floor, laughing
ASAP	as soon as possible
CU	see you (sjáumst)
BRB	be right back
GN	„góða nótt“
VS	„við sjáumst“

Fyrir mörgum eru fornhandritin ímynd hreins máls en þar má samt sem áður finna fjölda „slettna“ úr erlendum málum, sérstaklega latínu. Oft voru latneskar skammstafanir notaðar í fornhandritunum,

ekki ósvipað enskum skammstöfunum í SMS/MSN:

n	non= eigi
†	vel = eða

FELLT ÚR ORÐUM

Mjög algengt var að skrifa einungis fyrsta og síðasta stafinn í orðum og tákna úrfellinguna með striki fyrir ofan annan stafinn:

gþ	guð
gþe	guði
k̄gr	konungur
m̄m	mönnum

Einnig var hægt að setja stafi í hærra veldi, það er að segja í yfirskrift, til að spara pláss:

ṛi	til
va	var
m̄pr	mánuður

Skemmtilegar samsetningar gátu þá litið dagsins ljós, til dæmis:

d'óttēn	drottinn
an ^f	annar



Yngsta GSM-kynslóðin kannast við styttingar á borð við THX, „takk“, þar sem fellt er úr miðju orðsins. Önnur dæmi um úrfellingar eru eð fyrir ‘eitthvað’ og e-n fyrir ‘einhvern’ en að öðru leyti er þessi tegund styttinga ekki mikið notuð í SMS/MSN heldur eru skammstafanir notaðar meira. Hér er sóknarfæri fyrir GSM-notendur og er hægt að ímynda sér eitthvað á borð við:

Kæl	kærasti
KæAn	kærestan
SkI	skóli, skólanum o.s.frv.

NASALSTRIK

Ein algengasta styttingaleiðin voru svokölluð nasalstriki. Í stað þess að skrifa stafina m og n fullum fetum voru sett strik fyrir ofan stafinn á undan:

Ollō	öllum
------	-------

Í stað -ng var því stundum skrifað ḡ, t.d. tḡl ‘tungl’. Fyrst í stað táknaði nasalstrikið m en síðar n og með tímanum stóð það fyrir meðfylgjandi sérhljóða að auki.

BÖND

Bönd (eintala: band) kallast ýmis tákni sem stóðu fyrir tvo stafi, oftast sérhljóða og samhljóða, t.d. -ar, -er/-ir, - us og -ra. Ef orð innihélt runu sem þessar, t.d. fleirtöluendinguna -ar, var einfaldlega hægt að sleppa þeim og setja táknið fyrir ofan stafinn á undan eða eftir.

Eitt þessara tákna líkist tölustafnum 2 á hlið en það var sett í yfirskrift til að tákna -ur:

sp̄ðe ‘spurði

Nútímanenn nota gjarna & fyrir ‘og’ en forfeður okkar táknuðu orðið með tákni sem líkist zetu (z).

Bandanotkun hélst allt fram á 19. öld, en mest var um bönd í uppskriftum af fornum textum.

LÍMINGARSTAFIR


Í stað þess að fella niður stafi úr orðum er líka hægt að líma tvo stafi saman í einn. Handritaskrifarar létu stundum tvo stafi renna saman til að flýta fyrir, en þannig er æ orðið til úr a og e. Algengustu límingarnar voru samsetningar af a og fylgjandi samhljóða, t.d. an, af og ar.

Broskarlar og svipuð tákni eru mikið notaðir í SMS/SMS. Í nýju símaskránni er að finna lista yfir sms orðaforða þar sem meirihlutinn er einhvers konar broskarlar, t.d.:

:@	öskrar
:))	mjög glaður
:-C	niðurdreginn

Í fornhandritunum voru ekki notuð tákni fyrir heil orð eða hugmyndir, eins og SMS/MSN-málið gerir með broskörnunum, þó má finna hliðstæður í notkun merkisins † sem stóð fyrir ‘kross’. Það sést í samsetningum á borð við †marc ‘krossmark’.

Heimildir:
Hreinn Benediktsson, 1965. *Early Icelandic script, í Íslensk handrit*. Reykjavík: Handritastofnun.
Handritin heima, vefsíða um íslensk handrit, unnin af Laufeyju Guðadóttur og Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur.
Vefsíð: <http://am.hi.is/handritinheima/index.html>



MSN MESSENGER er forrit sem gerir manni kleift að spjalla við vini og kunningja á netinu. MSN-spjall gengur hraðar fyrir sig en spjall um SMS og því er meira um styttingar í MSN. Einnig er auðveldara að nota broskarla og önnur merki í MSN.



BÖND OG STYTTINGAR Hringur 1. n hásteplingur, „einne“ 2. band fyrir -vi með q (k), „quisi“ 3. band fyrir -er, „hverr“ 4. ur/yr-band, „fyr“ 5. og-band 6. ar-band, „þar“ 7. band fyrir -ra, „fra“ 8. band fyrir -at, „þat“ 9. nasalstriki, „heimilt“. 10. límingarstafur fyrir a og hásteplinginn n, „þann“.

Hi mikla notkun styttinga er einkennandi fyrir skrif Íslendinga á fyrri öldum,” skrifaði málfræðingurinn Hreinn Benediktsson í *Early Icelandic Script* árið 1965. Styttingar í handritum voru sjaldséðar á 8., 9., og 10. öld en á 11. öld og sérstaklega 12. öld urðu þær fleiri og fjölbreyttari. Handritaskrifarar notuðu ýmsar leiðir til að spara kálfskinnið og var notkun styttinga nokkuð kerfisbundin. Sumar tegundir styttinga má finna í ritum frá tímum Rómverja enda voru skrifarnir undir áhrifum frá ritum á latínu og notuðu latinuletur. „Styttingakerfi miðalda nær aftur í forneskju,” skrifaði Hreinn, en Íslendingar þróðu einnig með sér nýjar leiðir til að spara tíma og skinn.

mm STYTTING FYRIR „MÖNNUM“ MEÐ STRIKI.



Samkvæmt könnun Þorbjörns Broddasonar, prófessors í félagsfræði við HÍ, jókst farsímanotkun tíu til sextán ára barna úr þremur prósentum árið 1997 í 90 prósent árið 2003. Þessi sprengja í notkun farsíma helst í hendur við vinsældir SMS-skilaboða. Yngsta farsímakynslóðin vandist SMS/MSN-styttingunum frá byrjun og notar þær óspart, en fólk yfir tvítugu notar þær minna. Oftast nær er um enskar skammstafanir að ræða sem eru fengnar að láni úr erlendum SMS/MSN-hefðum. Í nýrri símaskrá Símans má sjá lista yfir farsímaorðaforða sem bendir til þess að notkun styttinga í SMS sé mikil.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 3.44	13.34	23.22
AKUREYRI 3.00	13.18	23.34

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 16. júlí, 197. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég fékk svo mikið af meðali að mér fannst ég enn veik þegar ég var orðin frísk.



© BULLER 4421

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM **FERÐIR** MATUR **BÍLAR** ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

bílar o.fl.

Triumph Speed Triple reynsluekið

BLS. 2



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Hilmar er stoltur af Wranglernum sínum sem er sá eini sinnar tegundar á götunum.

Draumabíllinn loksins fundinn

Hilmar Mánason var lengi búinn að leita að draumabílnum sem er Land Rover Wrangler. Leitinn bar árangur fyrir tveimur mánuðum.

„Ég varð himinlifandi þegar ég fann einn sem var þar að auki sérlega vel með farinn. Ég er alsæll,“ segir Hilmar. „Bíllinn er fimmtán ára og var í eigu bifvéla-virkja sem hefur greinilega dekrað við hann. Þeir eltust ekkert sérlega vel þessir bílar svo þetta er sá eini af tegundinni sem er í umferð. Þessi er ljúfur og þægilegur í keyrslu og vel með farinn fyrir utan hvað hann er flottur.“

Hilmar hefur enn sem komið er bara notað bíllinn innanbæjar en að sjálfsögðu ætlar hann á bílnum á fjöll. „Þetta eru hinir einu sönnu fjallabílar,“ segir hann, en kveðst ekki vera með sérstaka jeppa-

dellu. Hann er hins vegar alveg húkkaður á hjólinu sínu, sem er 15 ára gamalt Harley Davidson.

„Ég er í mótorhjólaklúbbi sem heitir Hrafnar. Það er finni hópur, enn sem komið er erum við sjö fullgildir og einn svona „hang around,“ segir hann hlæjandi. „Við erum duglegir að trylla bæði í lengri og styttri ferðir.“

Hvað þarf að gera til að verða fullgildur? „Bara að kynna okkur og falla vel inn í hópinn.“

Hilmar vinnur í bílabúðinni H. Jónsson sem selur varahluti í ameríska bíla. „Það er alltaf að aukast úrvalið enda margir sem vilja eiga ameríska bíla. Það hefur hins vegar ekki verið mín deild enn sem komið er, enda búinn að eignast óskabíllinn.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

Tyrknesk stjórnvöld hafa bannað ferðamönnum að koma akandi á bílum sem eru eldri en 20 ára. Skýringin á þessu banni er að gömlu bílarnir eru óöruggir eins og kemur fram á vef FÍB, fib.is. Bannið tók gildi 1. júní á þessu ári.

kynslóð Fiat Stilo, sem er bíll í Golf flokknum. Fiat hefur fengið fyrirtækið Steyr í Austurríki til að ganga frá tæknilegri hlið bílsins, hanna hana, þróa og prófa áður en framleiðsla hefst. Nýi bíllinn fer á markað í byrjun árs 2007.

SAV er vinnuheiti væntanlegs fjölnotabíls frá Ford sem byggður er á Ford Mondeo. Yfirbygging SAV verður hábyggð en útlit bílsins er svipað og C-Max. SAV verður stærri og rúmar sjö manneskjur.



Sætiskipanin í bílnum er 2+3+2 en öftustu sætin verða minni um sig en hin fimm. Hugmyndabíll SAV var kynntur á bílasýningunni í Genf síðasta vetur og fékk afskaplega góðar viðtökur. D-Max verður líklega auðkenni bílsins.

Evrópuráðið hefur lagt fram tillögu að reglugerð um notkunarskatta á fólksbílum eins og fram kemur á heimasíðu FÍB, fib.is. Tillagan felur í sér gagnagerar breytingar frá núverandi tilhögun þessara mála í ríkjunum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt tillögunni á að útrýma skráningargjöldum í áföngum á fimm til tíu árum. Til að einstök ríki tapi ekki tekjum geta þau á móti hækkað notkunarskatta á bílum í áföngum og hækkað aðra skatta á bílum ef nauðsynlegt er.

Fiat hefur hafið þróun á næstu

bilar@frettabladid.is

Njóttu frelsisins...



MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000,-** 2ja ára verksmiðjuábyrgð.



Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500
Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

Umferðin

Á sumrin er umferðin á vegum landsins þung og er því brýnt að allir sýni tillitsemi, aki eftir aðstæðum og spennu beltin. Auk þess er mikilvægt að athuga festingar á tengivögnum áður en lagt er af stað.

60

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



20 ára reynsla - Fíjót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

Bílar & Sport 588 7888 NYTT

askrift@bilarogsport.is

Bónarinn Bing-Bing!

554 1091
663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
Affhrensun merkinga
Djúphrensun



Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

**RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR**

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

**TOYOTA
ÞJÓNUSTA**



Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

FRÉTTIABLAÐ/STEFAN



REYNSLUAKSTUR

Knapi „Hraðþrístins“ fær vindinn ómengaðan í fangið.

Strípað vöðvabúnt á hjólum

Triumph Speed Triple árgerð 2005 er nýjasta kynslóð klæðningarlauss sporthjól sem höfðar til knapa sem vilja skera sig úr fjöldanum.

Á hinum hraðfleygu neyzlutímum sem við lifum á er farartækjaframleiðendum keppikefli að kaupendur framleiðslu þeirra skynji viðkomandi tæki sem eitthvað einstakt, eitthvað sem hefur sérstakt gildi umfram notagildið.

Með Speed Triple-hjólínu, sem kom fram í sinni fyrstu mynd fyrir rúmum áratug, hefur hinni endurreistu brezku mótörhjólasmiðju Triumph ótvírætt tekizt að skapa slíka lifandi goðsögn. Uppskriftin: Kraftmikil þriggja strokka vél með bunkum af togi, sportfjöðrun, breitt stýri og upprétt áseta, engin klæðning. Nýjasta kynslóðin af „konungi Streetfighter-hjólanna“ var kynnt í vetur sem leið og nú er fyrsta slíka hjólið komið til Íslands. Bláðamanni bauðst að taka gripinn aðeins til kostanna.

Við fyrstu sýn blasir við að engu er logið um þann orðstír sem af þessu hjóli fer; það er engu líkt. Sérstaklega einkennandi eru frístandandi, krómaðar luktirnar tvær, svartmálaður álröraraminn og glampandi 3-í-1-í-2-pústið, sem liggur upp í tvo stóra hljóðkúta uppi undir sæti. Kútarnir enda framarlega – afturbrettisendinn með númeraplötunni teygir sig langt aftur úr – en þetta lætur hjólið líta út fyrir að vera halaklippt og minnr á Buell-hjól. Enn eitt einkennið er sterklegur einarmurinn sem heldur afturhjólinu.

Meðal helztu nýjunga frá síðustu kynslóð er að vélin er nú 1050 rúmsentimetrar í stað 955, kúplingin og sex gíra girkassinn sem skila mýkri skiptingum, að framan er kominn hvolfgaffall frá Showa með 45 í stað 43 mm dempararörum, öflugri Nissin-hemlar og mælaborðseining-

in, sem skartar hefðbundnum snúningshraðamæli og stafrænum skjá sem sýnir hraða og aðrar upplýsingar sem ökumann lystir að fræðast um.

Það sem ekki hefur breytt er hið hljómfagra urr sem þriggja strokka, vatnskælda innspýtingarvélin sendir út um hljóðkútana tvo. Hún dettur í gang með þessu þægilega urri er þrýst er á gangsetningarnappinn og kallar á að vera gefið inn. Hún skilar nú 130 hestöflum við 9100 snúninga og 105 Newtonmetra togi við 5100 snúninga. Vélin er stillt inn á að skila miklu togi yfir breitt snúningssvið – yfir 95 Nm eiga að vera til ráðstöfunar frá 3300 snúningum upp að útsláttarmarkinu, sem er við 9500 snúninga. Þar sem reynsluaksturhjólið var ekki full tilkeyrt var í prófunarakstrinum ekki hægt að láta reyna að fullu á þennan mikla kraft, en tillitssamur tilkeyrslu-snúningur dugði alveg til að sýna að aflið í þessari vél er slíkt að maður má hafa sig allan við til að vera ekki síprjónandi.

TRIUMPH SPEED TRIPLE

Vél:	Vatnskæld þriggja strokka línuvél, innspýting.
Rúmtak:	1050 rúmsm.
Afl:	130 hð/95,6 kW v. 9100 sn/mín.
Tog:	105 Nm v. 5100 sn/mín.
Hröðun:	3,4 s 0-100 km/klst
Hámarkshraði:	240 km/klst
Rammi:	álrör, vél meðberandi.
Fjöðrun:	Hvolfgaffall framan, einarmur aftan.
Þyngd:	þurrvigt 189 kg.
Verð:	1.577.000 kr.
Umboð:	Krossgötur ehf.

Innspýtingin og inngjöfin eru greinilega það vel stillt að vélin bregst við minnstu hreyfingu hægrí handarinnar. Eini gallinn er að þegar slegið er af og gefið aftur inn kemur högg í drifkeðjuna, þetta getur spillt aðeins fyrir aksturslínunni í beygjum og verið hvítleitt í bæjarumferðinni. Með því að spila af næmni á kúplingu og inngjöf er þó að mestu hægt að temja þessa tilhneigingu.

Í stuttu máli er Triumph Speed Triple strípað vöðvabúnt á hjólum, sem lætur ótrúlega vel að stjórna. Hjól sem er sér á parti, enda er útlitið er engu líkt og sjálfsagt ekki að allra smekk. En það á heldur ekki að vera. Þetta er karakterhjól fyrir knapa sem vilja skera sig úr fjöldanum.

audunn@frettabladid.is



Háttliggjandi krómkútar og 180 mm hjólbarði einkenna baksvipinn.



Frístandandi framklutirnar tvær hafa einkent Speed Triple frá upphafi.

Smábíllinn á leið til Ameríku

BANDARÍJAMENN VILJA FÁ SPARNEYTNA SMÁBÍLLINN SMART EN EVRÓPUMENN KVÁÐU TREGIR TIL ÞESS AÐ LÁTA HANN.



Smart smábíllinn hefur slegið í gegn í Evrópu og nú stendur til að selja hann í Ameríku.

Ameríkanar eru þekktir fyrir að vilja hafa bílana sína stóra, en fyrir tækið ZAP í Kaliforníu hyggur samt sem áður að smábíllarnir Smart geti náð vinsældum og ætla sér að hefja sölu á þeim innan skamms. Bíllarnir hafa verið mjög vinsælir í Evrópu þar sem þeir eru sparneytnir og auðvelt að leggja þeim í lítil stæði. Snurða hefur hins vegar hlaupið á þráðinn þar sem Smart fyrirtækið vill alls ekki eiga í viðskiptum við ZAP. Telja forráðamenn Smart þeim kalifornísku hvorki treystandi fyrir greiðslu né muni þeim takast að viðhalda góðum orðstír bílanna. ZAP þarf því að panta bílana frá umboðsaðila og fá svo annan aðila til að breyta þeim þannig að þeir mæti bandarískum öryggisstöðlum, en muni þó ekki mæta ströngustu skilyrðum í Kaliforníu og fjórum öðrum ríkjum. Til þess að vekja áhuga á smábílum seldi ZAP einn Smart bíl á E-bay sem áritaður var að leikaranum Rutger Hauer og eru ZAP menn bjartsýnir á að bíllinn seljist vel þar sem bensínlítrinn hefur náð sögulegu hámarki og þörfin á sparneytnum bílum eykst. ■



Áfram veginn
Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Heimsins besti bílstjóri?

Það er sorgleg staðreynd að ungir karlmenn eru líklegri en aðrir öku-
menn til að valda umferðaróhöppum. Sem betur fer sleppa flestir við það
hlutskipti en hlutfallið er engu að síður alltof hátt. Skýringin er sennilega
ekki einföld, en reynum samt aðeins að átta okkur á þessu:

Strákar sem eru nýkomnir með bílpróf stíga margir hverjir aðeins út
úr bílnum fyrstu mánuðina til að sinna frumbörfunum og eru því kannski
meira á ferðinni en aðrir. Sú skýring dugur þó ansi skammt.

Önnur hugsanleg skýring er sú að margir líta þeir á sig sem bestu öku-
menn í heimi. Þeir og billinn verða eitt og það er ekkert sem stoppar þá.
Ekkert getur komið fyrir á meðan þeir eru við stjórnvölinn, því að þrátt
fyrir að hafa aðeins setið undir stýri í nokkra mánuði hafa þeir fullkomn-
að þá listgrein sem stjórnun ökutækis í raun er. Þá er óhugsandi að bílar
þeirra slái feilpúst á ögurstundu, þeir sjálfir meti aðstæður rangt, hafi
ekki nægan viðbragðstíma eða ná ekki að stöðva/þeygja/klára framúr-
aksturinn áður en í öfni er komið. Enda vita það allir að fólk dáist að
mönnum sem keyra hratt, svína harkalega og taka hundrað og áttatíu
gráðu handbremsubeygjur. Sérstaklega ungar stúlkur, eða hvað?

Í gegnum þessa hugsun skín á kaldan gljáa reynsluleysis og ofmetnað-
ar. Þegar heimsins reyndustu aksturspróttamenn geta ekki, við kjörað-
stæður, verið vissir um að hafa algjöra stjórn á bílum sínum, sem þó eru
tækni- og verkfræðileg meistaraverk, hvernig á þá tvitugur gutti að hafa
fullkomið vald á venjulegum bíl á öðru hundraðinu í umferðinni á Íslandi?

Það er einfaldlega ekki hægt, alveg sama á hvaða aldri maður er og
hversu mikið maður hefur keyrt. Það er líka sama hvað maður heldur að
maður sé góður – maður er það ekki. Þeir sem komast að þessu fyrstir
allra eru þeir sem borga fyrir lexíuna með lífi sínu eða annarra – og það
er ekkert annað en þroskaleysi sem fær fólk til að leggja sig af fúsum og
frjálsum vilja nær þeim örlögum en nauðsynlegt er.

Trúðu því að hraðinn er ofjarl þinn, alveg eins og hann er ofjarl ann-
arra. Þú ert ekki frábær bílstjóri og þú hefur ekki betri stjórn á bílnum
þínum heldur en sá sem var undir stýri þegar síðasti árekstur átti sér
stað.

Það er til nóg af hálfvitum í umferðinni – ekki bætast í hópinn.



Nýi salurinn er stærri en gengur og gerist hér á landi.

Hönnun bifreiðanna nýtur sín

Glæsilegur sérhannaður sýningarsalur fyrir bíla hefur verið opnaður hjá Ingvari Helgasyni
við Sævarhöfða. Opunarhátíð stendur yfir nú um helgina.

„Nú getum við boðið upp á alla umgjörð eins og er á alvöru
bílasýningum erlendis og metnaður okkar stendur til að þjón-
ustan sé í sama gæðaflokki. Það er í raun furðulegt að hér á
landi hafi tíðkast að þjónusta við kaupanda vandaðrar bifreið-
ar sé ekki eins góð og þjónustan við þann sem er að fá sér
vönduð jakkaföt,“ segir Kristinn Þór Geirsson, forstjóri Ingvars
Helgasonar ehf., um nýja sýningarsalinn og bætir við að sal-
urinn sé um tvö þúsund fermetrar.

„Bifreiðakaup eru sjaldnast gerð í einum áfanga enda að
mörgu að hyggja. Oftar en ekki eiga fleiri en einn þátt að

máli og fjölskyldan öll er höfð með í ráðum. Við munum
kappkosta að taka vel á móti okkar gestum og hafa jafnframt
spennandi afþreyingu fyrir þá yngstu,“ segir Kristinn Þór.
Í nýja salnum er lögð áhersla á lýsingu og sviðssetningu bíl-
anna þannig að línur þeirra og hönnun fái sem best að njóta
sín.

Hönnuður salarins er breski arkitektinn og hugmyndasmiður-
inn Chris Wieszcycki. Hvert bifreiðamerki fær sitt svæði í
salnum en þar eru sýnd vörumerkin Subaru, Nissan, Opel,
Saab, Isuzu, Chevrolet og Cadillac.

Flugnager á framrúðunni

BEST ER AÐ NOTA STERKA SÁPU OG HÁPRÝSTÍPVOTT TIL AÐ NÁ FLUGUM
AF BÍLRÚÐUNNI.

Þegar ekið er um vegi landsins skella
flugurnar á bílnum og þegar heim er
komið er oft heill flugnakirkjugarður
á framrúðunni. Flugurnar eiga það til
að festast vel við gleríð og lakkíð og
erfitt getur verið að ná þeim af.



Það getur verið ansi erfitt að þrifa
klesstar flugur af bíl.

Gunnar Hafsteinsson hjá Gæðabóni
segir að sterk sápa eigi að duga á
flugurnar. „Það er best að byrja á því
að bleyta bílinn vel, hella svo sterkri
sápu yfir hann og skola af með há-
þrýstidælu. Getur líka verið gott að
svampa yfir bílinn,“ segir Gunnar og
nefnir til dæmis færeying sem góða
sápu. Venjulegur uppvottalögur
dugar líka vel.

Það er þó sitthvað sem þarf að hafa í
huga þegar sterk sápa er notuð.

„Sterk sápa tekur alla bónhúð af bílnum og þess vegna þarf að bóna bílinn
eftir slíka meðferð,“ segir Gunnar. Hann bendir líka á almennt sé betra að
þvo bíla með háþrýstidælu heldur en að nota venjulegan bílkúst. „Ég mæli
ekki með því að fólk sé að skúra bílinn sinn, það rispar bara lakkíð.“

ALLT Á EINUM STAÐ!

Bíla...Áttan
Smíðjuvegi 30
Sími 587 1400

www.bilaattan.is

Verslun · Smurstöð · Bílaverkstæði · Dekkjaverkstæði



Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VIKURVAGNAR EHF.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Tími þinn er dýrmætur

Við skiptum um bremsur fyrir þig. Komdu strax

► **Engar tímabantanir**

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Billinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

Max-einn dregur nafn sitt af því að við ljúkum allri þjónustu við bílinn þinn innan klukkustundar frá því þjónusta hefst. Max-einn skiptir um bremsur, dempara, olíu, rafgeyma, perur, rúðuvökva og dekk og býður einnig ný dekk frá Pirelli og Nokian.

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.

Hjólbarðapjónusta
Leiðist þér að bíða á dekkja-
verkstæðum? Láttu okkur
skella dekkjunum undir
bílinn. Við bjóðum þér vand-
aða hjólbarða á hagstæðu
verði frá Nokian, og Pirelli.

Smurþjónusta
Er komið að smurningu?
Við skiptum um olíu og síur
eins og hendi sé veifað.

Rafgeymapjónusta
Parftu að skipta um
rafgeymi? Við gerum það
fyrir þig í hvelli og losum þig
við þann gamla.

Bremsupjónusta
Eru bremsuklossarnir
búnir? Endurnýjum bremsu-
klossa og bremsudiska í
flestum bifreiðum.

Demparapjónusta
Eru dempararnir lélegir?
Endurnýjum dempara og
gorma í flestum gerðum
bifreiða.

Önnur þjónusta
Við skiptum líka um
þurrklöð, perur og setjum
rúðuvökva á bílinn.
Fagmannleg vinnubrögð á
örskotsstundu.

REYKJAVÍK: MAX1 BÍLAVAKTIN
Bíldshöfða. Símar 515 7095 og 515 7096
Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

AKUREYRI: MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut. Sími 462 2700
Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.

MAX1
BÍLAVAKTIN

Jepplingar frá Renault og PSA

Jepplingaæðið hefur loksins teyggt anga sína til bílaframleiðandanna.

Eins og flestir hafa tekið eftir hefur geislað mikið jepplinga- og jeppaæði í Evrópu undanfarin misseri en bílaframleiðendurnir PSA, Peugeot og Citroën og Renault hafa ekki tekið þátt í því.

Nú er breyting á og er búið að ganga frá samningum við Mitsubishi um að framleiða nýja kynslóð af Outlander jepplingnum með ýmist Peugeot eða Citroën útliti. Nýi jepplingurinn verður frumsýndur á Genfar sýningunni árið 2007. Jepplingarnir munu líklegast fá heitin Peugeot 7007 og Citroën C7. Á svipuðum tíma mun Renault jepplingurinn líta dagsins ljós en hann verður byggður á Nissan X-trail og settur saman hjá Samsung í Kóreu. Gerðarheiti hans verður líklegast Koleos.



Renault jepplingurinn verður byggður á Nissan X-trail.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



REYNSLUAKSTUR

Í fljótu bragði lítur Megane RS út eins og venjulegur Megane, þó má greina að sportbíl sé á ferð á grillinu og tvöföldu þústi.

Sportbíl í hvunndagsfötum

Renault Megane Sport sker sig í útliti lítið frá venjulegum Renault Megane þrátt fyrir að vera öflugur og skemmtilegur sportbíl.

Það er eitthvað heillandi við bíl sem lítur út fyrir að vera venjulegur en er það hreint ekki. Þannig bíll er Renault Megane Sport. Að utan lítur hann út eins og venjulegur Megane fyrir utan tvöfalt þúst og sportlegt grill. Þegar inn er komið taka á móti manni leðurklædd sportsæti og appelsínugul öryggisbelti, svona til að auka á stemninguna, og hurðaropnarar úr burstuðu stáli. Þetta er þó bara byrjunin, því þegar bíllinn hefur verið ræstur kemur í ljós aflkill og sprækur sportbíl.

Sportsætin í bílnum halda vel utan um ökumanninn og gera hann að afar þægilegum ferðabíl og allt innanstokks er þægilegt og aðgengilegt. Bíllinn er einnig vel búinn geymsluhólfum, eins og vænta má í bíl frá Renault. Lyklalaust aðgengi er líka sniðugt, nóg er að hafa spjaldið í vasanum bæði til að opna bílnum og ræsa hann.

Akstur Megane RS er hreinasta skemmtun. Ekki þarf nema rétt að koma við bensínjökfinna til að bíllinn taki við sér eins og viljugur hestur og löghlýðinn ökumaður verður að hafa sig allan við að halda sig á hámarkshraða. Sex girar og sportfjödruun eykur á sportlega aksturseginnleika bílsins og ESP stöðugleikastýring sömuleiðis. Stýrið er lipurt og gefur góða tilfinningu fyrir akstrinum. Meðal sportbúnaðar sem þrýðir bílnum er, auk tvöfalda þústs, sportgrills og sportsæta má nefna þrýstiskynjara í dekkjum, skriðstilli, sjálfvirkar þurrkur og loftkælingu.

Megane RS er búinn sama öryggisbúnaði og Meganinn sem hefur skilað honum fimm stjörnum í Euro NCAP prófunum. Meðal öryggisbúnaðar má nefna EBD neyðarhæmlun, sex öryggispúða, styrktarbita í hurðum og sérstaklega styrktan toppur og botn.



Megane RS er skemmtilegur valkostur fyrir þá sem vilja bíl með góða sportlega eiginleika án þess að það standi skrifað stórum stöfum á honum að hann sé sportbíl. Hann er líka fimm dyra og getur því sem best þjónað þörfum fjölskyldu.

Megane RS þarf að sérpanta hjá B&L.

steinunn@frettabladid.is

MEGANE RS	
Vél	2 l túrbó 225 hestöfl
Gírar	6 beinskíptur
Hröðun	6,5 úr 0 í 100 km/klst.
Verð	kr. 3.350.000

GÍTARINN ehf.
Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • sími 552 2125 • gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is

*** NÝ SENDING ***
ÞJÓÐLAGAGÍTAR
Poki, ól, DVD kennsludiskur, neglur, stilliflauta, auka strengir
kr 12.900.-
Opið: Mán-Fös kl. 10-18 • Lau kl 11-16



FRIENDS
VIRKA DAGA KL. 20:30

SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!



Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílnum til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Þýskubíllinn lagður af stað

Porche Cayenne-sportjeppi fer um landið og hitar upp fyrir HM á næsta ári.

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í hlutastarf og í fullt starf. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga!

Verkamenn
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, með innflutning á byggingavörum, óskar eftir að ráða ábyrga og þjónustulundaða starfsmenn með lyftararættindi til lager- og viðhaldsstarfa. Störfing felar sér móttöku / afgreiðslu á pöntunum, viðhaldi á áhöldum og öðru tilfallandi. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:00 alla virka daga. Um framtíðarstörf er að ræða.
Nánari upplýsingar fást hjá Ragnari eða Skúla í síma 577 2050 eða á skrifstofu Formaco ehf. að Fossaleyni 8, Reykjavík.

Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvornar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Þjónustuver Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki, 18 ára og eldra, í hlutastarf. (www.dominos.is).

Óskum eftir starfskrafti nú þegar, til að sjá um matseld og daglega ræsting, á heimili fyrir langveik börn í Kópavogi. 60% starf, unnið aðra hverja viku. Uppl. í síma 699 8403 Ómar. Bónbræður ehf.

Vantar liðtækan strafskraft karla/konur sem geta unnið við smíðar, hellulagnir ofl. Uppl. í s. 895 8763.

Óskum eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Söluturn í Grafarholti. 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 892 6217.

Ice in a bucket

Starfsfólk óskast í Ice in a bucket í Kringlunni og Smáralind um helgar og einhverja virka daga. Umsóknir á staðnum.

NASA - NASA
Okkur vantar barbjóna, skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Uppl. á Nasa við Austurvöll frá kl. 13-17.

Hársnyrtisvinnu óskast
Óska eftir hársnyrtisvein og 3ja-4. árs nema Upplýsingar í síma 567 2044 & 848 9816.

Lasenza auglýsir.
Óskum eftir þjónustulundaðu starfsfólki í fullt starf og hlutastörf ekki yngri en 18 ára. Duglegt og stundvíst fólk gengur fyrir. Upplýsingar og umsóknir skilist í Verslunina Lasenza annari hæð Kringlunni.

Bakari
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari í Kópavogi hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Bakari
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Starfsmaður óskast á vinnupallaleigu í útkeyrslu, afgreiðslu og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Starfsmenn óskast í íhlaupavinnu við uppsetningu á vinnupöllum og fleira. Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.

Óska eftir vönum gröfumanni strax. Næg vinna í boði. Meirapróf æskilegt. Uppl. í síma 863 0085.

Óskum eftir að ráða röskt starfsfólk með ríka þjónustulund til eftirfarandi starfa: 1. Deildarstjóra f. mjólkur & ostadeild okkar, afgreiðslu ofl. 2. Deildarstjóra f. grænmeti & ávaxtadeild okkar, afgreiðslu ofl. 3. Afgreiðslustörf og áfyllingar. Upplýsingar gefur verslunarstjóri í s. 551 0224 og í versluninni milli kl. 9-20 Melabúðin, Hagamel 39, melabúðin@thinverslun.is.

Vantar traustan og áreiðanlegan meiraprófsbilstjóra á sendibil í 2-3 vikur. Nánari uppl. í síma 892 8348.

Stýrimann vantar á 140 tonna dragnót- arbat. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

Atvinna óskast

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi: byggingarmenn, au-pair ofl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Svartur högni tapaðist við Hafvatnssaf- leggjaraðann þann 1. júlí. Ólalaus en eyrnamerktur. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 699 0365 eða Kattholt.

Hálf-persneskur fressköttur, silfurgrár og gæfur með bláa hálsólf, týndist frá Reiðvaði 26. júní. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 898 8608.

Ýmislegt

Hjálp!!
Einstæð móðir í námi með 2ja ára barn. Eigum mjög lítinn aur ef þið vilið leggja okkur lið þá er hægt að leggja inn á 0306-13-128004. Með fyrirfram þökk, mæðgur í þörf.

Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásveg 24 s. 588 6635
Opíð 15.00 - 23.30



7 Manna Chrysler Town&Country árg. 99, ekin 128 þús., dráttarkrökur, leður. Verð 1.380 þús. Uppl. í s. 696 0874.

SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall,
A Tólstóðinni alls laugaradaga kl. 13.
90,9

Skólastjóri og kennari óskast**Drangnesskóli óskar að ráða skólastjóra og kennara til skólans.**

Upplýsingar gefur formaður skólaneftndar Óskar Torfason í síma 4513239 og netfang drangur@snerpa.is og oddviti Kaldraneshrepps Jenný Jensdóttir í síma 4513277 netfang drangsnes@snerpa.is

Umsóknarfrestur er til 31. júlí.

**Bílstjórar og vélamenn****Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða bílstjóra og vélamenn til starfa.**

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig sumarafleysingar.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.hafell.is. Frekari uppl. eru veittar í síma 863-9994.**SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!**

Allt um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.

allt

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2005, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2005 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2005, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. öikumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ógreiddar barnabætur og ógreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrreði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2005.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Gjaldheimta Vestfjarða
Gjaldheimta Austurlands
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum

**90,9**

LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.
Á Talstöðinni alla laugardaga kl. 10.

Hrafninn flýgur um ókomin ár

Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson var gefin út á DVD með nýjum talsetningum á erlendum tungumálum ásamt alls kyns aukaefni. Fæðing myndarinnar var erfið og 20 ára saga hennar engu síður. *Ingi Freyr Vilhjálmsson* lítur yfir farinn veg.

Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson var frumsýnd fyrir róskegla 21 ári, 4. febrúar 1984, og hlaut misjafna dóma gagnrýnenda og Hrafn varð að taka myndina úr bíóhúsinu því aðsókn á hana var svo dræm að hann náði ekki inn fyrir leigunni á bíóhúsnæðinu. Myndin markaði þó þáttaskil í sögu kvikmyndagerðar á Íslandi því myndin var vandaðari en aðrar myndir sem framleiddar höfðu verið hér á landi fram að þeim tíma og Hrafn lagði allt í sölnurnar til að gera myndina vel og gekk hann nærri sjálfum sér við gerð hennar.

Kvikmyndin var endurútfarin á DVD-diski í sérstakri útgáfu í vikunni. Hægt er að horfa á myndina á fjórum tungumálum, íslensku, spænsku, ensku og frönsku auk þess sem hægt er að láta arabískan, sænskan, kínverskan, enskan, þýskan og íslenskan texta á myndina. Á disknum er auk þess mikið af aukaefni svo sem eins og viðtal við leikstjórnann, viðtöl við leikara og aðstandendur myndarinnar, upplestur úr ævisögu Hrafns, upptaka frá afhendingu Gullbjöllunnar í Stokkhólmi þar sem Hrafn fékk leikstjóraverðlaunin fyrir myndina auk annars efnis. Einnig er tónlist myndarinnar, sem var frumsamin af Hans Erik Philip, á disknum.

Hörð gagnrýni í Þjóðviljanum

Í blaðaviðtali við Hrafn Gunnlaugsson í *Þjóðviljanum* degi fyrir frumsýninguna sagði leikstjórninn að Hrafninn flýgur væri fjölskyldumynd og að hann vonaði að Kvikmyndaeftirlitið hefði vit á því að banna hana ekki innan tólf ára. Hann sagði að í sínu innsta



HELGI SKÚLASON Frammistaða Helga Skúlasonar í Hrafninn flýgur þótt með eindæmum góð og lofuðu gagnrýnendur hann í hástert í dómum sínum um myndina. Ingbjörg Haraldsdóttir sagði í gagnrýni sinni í *Þjóðviljanum* að Helgi hefði túlkað hlutverk Þórðar frábærlega.

eðli fjallaði myndin um draum manna um frið á jörðu. Gagnrýnendur sem skrifuðu um myndina eftir frumsýninguna voru hins vegar ekki alveg sammála þessari skoðun Hrafns.

Ingbjörg Haraldsdóttir skrifaði í gagnrýni sinni í *Þjóðviljanum* að myndin væri ekki fjölskyldumynd því til þess væri myndin of

ungur drengur á Írlandi, hlustar hann á pabba sinn lesa upp úr fornu handriti „að dropinn holi steinninn, að hið mjúka sigri hið harða,“ en sér föður sinn veginn skömmu síðar af vikingum. Einn vikingurinn hefur ekki geð í sér til að drepa Gest og sleppir honum. Það næsta sem við sjáum er þegar Gestur er kominn til Íslands tuttu árum síðar að leita Þórðar, morðingja föður síns, sem auk þess hafði numið systur hans á brott frá Írlandi, gert hana að frillu sinni og eignast með henni son. Ingbjörg sagði það ekki rættast í myndinni að hið mjúka sigri hið harða.

Jákvæðari gagnrýni

Mynd Hrafns hlaut vægari dóm í *Morgunblaðinu* en í *Þjóðviljanum*. Gagnrýnandinn var á þeirri skoðun að ofbeldið í myndinni ætti ekki að fara fyrir brjóstið á neinum og benti á að sjálfsagt yrðu einhverjir fyrir vonbrigðum með það að Hrafn skyldi ekki gefa þann höggstað á sér í þetta skiptið.

Friðrik Indriðason á *Tímanum* tók í sama streng og gagnrýnandi *Morgunblaðsins* og sagði ofbeldið eins hreinlegt og hægt væri að ætlast til í slíkri mynd. Hann sagði þó ekki rétt að kalla myndina fjölskyldumynd. Friðrik

gekk svo langt að kalla myndina bestu íslensku mynd sem gerð hafi verið á þeim tíma.

Gagnrýnandi DV, Hilmar Karlsson kallaði myndina listflug í íslenskri kvikmyndagerð þrátt fyrir að hann segði handrit Hrafns í veikara lagi.

mætti skýra með því að Kvikmyndaeftirlitið hefði bannað hana innan 12 ára.

Eftir stóð Hrafn nærri gjaldþrota því hann hafði greitt úr eigin vasa um 70 prósent af þeim 12 til 13 milljónum sem það kostaði að gera myndina og skuldaði hann á milli 5 og 6 milljónir eftir hana. Það átti eftir að taka hann 8 ár að greiða upp skuldir sínar vegna myndarinnar.

Þrátt fyrir slægt gengi heima á Íslandi hlaut *Hrafninn flýgur* lof í útlöndum, fór meðal annars á Kvikmyndahátíðina í Berlín og voru Hrafn veitt leikstjóraverðlaunin á Gullbjöllunni í Stokkhólmi.

Í dag þakkar Hrafn Ingmar Bergman þessa velgengni sína í útlöndum, þar sem hann segir að það hafi ráðið úrslitum að Bergman hafi kunnað vel að meta myndina og það hafi gert gæfumuinninn. „Ingmar bjargaði lífi mínu því án Gullbjöllunnar er óvíst hvort ég hefði náð að selja myndina til annarra landa auk þess sem hún var sýnd í Svíþjóð í rúm tvö ár,“ segir Hrafn en Bergman kallaði Hrafn mikinn hæfileikamann þegar hann kom á Listahátíð í Reykjavík árið 1986.

Þessi upphafning myndarinnar í útlöndum varð svo til þess að Hrafn frumsýndi myndina aftur einu ári eftir að hún var frumsýnd í Háskólabíói og komu helmingi fleiri að sjá hana en í fyrra skiptið.

Hrafninn flýgur í 20 ár

„Ég hef fundið fyrir því að *Hrafninn flýgur* hefur unnið sér inn sess sem költmynd og hún er sýnd víða þar sem fjallað er um norræna menningu. Hún er meðal annars notuð sem kennslugagn í Bandaríkjunum. Hún varð mjög vinsæl í Suður-Ameríku. Ég var á ferðinni á Kúbu í Santiago fyrir tveimur árum og þá fyrst var verið að sýna myndina þar. Á Kúbu sá ég stórt plakát á húsgaflum og var mynd af Helga Skúlasoni úr *Hrafninn flýgur*. Sérstaklega hef ég fundið fyrir því að myndin lifi góðu lífi hjá menningarelftunni í mörgum löndum og eins hjá fólki sem hefur gaman af aksjónmyndum,“ segir Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri myndarinnar.

„Mig langaði að skila myndinni af mér í einhverju varanlegu formi, áður en það yrði of seint. Hún var komin út í sjóræningjaútgáfum á netinu og á DVD í Svíþjóð. Þetta er menningarframtak hjá mér því með þessu er það tryggt að þeir sem vilja sjá myndina í framtíðinni geta gert það. Einhver veginn ætlar *Hrafninn* að hanga inni og það er ánægjulegt því ég reikna með því að margar hinna myndanna minna falli í gleymsku eins og hverjar aðrar blaðagreinar en *Hrafninn* virðist ætla að lifa,“ segir Hrafn.

Heimildir: Krummi: Hrafn saga Gunnlaugssonar eftir Árna Þórarinsson og blaðagreinar



HRAFN OG BERGMAN Í Berlín þegar í Skugga-Hrafnsins fékk tvær tilnefningar til Evrópsku Kvikmyndafróðleikunanna árið 1989. Sænski leikstjórninn Ingmar Bergman kallaði Hrafn mikinn hæfileikamann þegar hann kom á Listahátíð í Reykjavík árið 1986. Hrafn þakkar Bergman fyrir það að hann skuli hafa fengið Gullbjölluna sem besti leikstjórnin árið 1984 á verðlaunaafhendingu í Stokkhólmi.

ÁSGRÍMUR SVERRISSON KVÍKMYNDAGERÐARMÁÐUR

Daginn sem myndin var frumsýnd fór ég ásamt félögum mínum á hana. Það var vont veður og við komust við illan leik í Háskólabíói og mættum 30 mínútum of seint og töldum okkur hafa misst af byrjuninni. En akkurat á því augnabliki hófst myndin. Við settumst niður og sögðum strax vá. Myndin er í hópi bestu mynda sem hafa verið gerðar á Íslandi, hún er feikilega áhrifarík.

Þetta var mjög eftirminnleg frumsýning því að á þessum árum voru íslenskar myndir að byrja þannig að maður tók öllum myndum með miklu spenningsi og þær fengu forgjöf. Í rauninni eimur enn eftir af þessu hjá mér því ég vona alltaf að íslenskar myndir séu frábærar.

Myndin var gerð af miklu sjálfstrausti, hún geislar af því. Það var verið að segja við okkur íslendinga að við gætum líka búið til ansi magnaðar kvikmyndir. Þjóðin var að ganga af göflunum yfir Hrafn á þessum árum en ég hafði gaman að öllum myndunum hans en ég held samt ekki að þessi umfjöllun um Hrafn hafi



spilt fyrir honum því hann hefur fengið sínu framgengt sennilega meira en flestir aðrir kvikmyndaleikstjórnar hér á landi. Ég hef ábyggilega séð þessa mynd á bílinu 7 til 10 sinnum, nú síðast í fyrra. Það sem maður finnur fyrir er að myndin er dálítið hrá en hún hefur mikinn kraft, er dálítið pönkuð, en ég held að hún hafi ekki elst illa því hún er afskaplega einföld og er sett fram á klassískan og hnitmiðaðan hátt. Myndin er án efa sú besta sem Hrafn hefur gert.

ÓLAFUR H. TORFASON, KVÍKMYNDARÝNIR

Ég fór að sjá hana með tengdamóður minni. Hrafn Gunnlaugsson hafði verið heimagangur hjá henni og hún sagði myndina vera enn eitt prakkarastrikið hjá Hrafn. Hún hrökk óskaplega mikið við þegar einhver var drepinn og viðbrögð hennar mótuðu mína upplifun. Mér fannst kvikmyndin kraftmikil. Það kom mér á óvart hversu miklum tókum Hrafn hafði náð á kvikmyndaferðinni. Hann hafði reyndar óvenju frjótt aðstoðarlið með sér. Ég fékk það samt á tilfinninguna, sem síðar átti eftir að reynast rétt, að umbúðirnar skiptu meira máli en innihaldið. Myndinni var vel tekið af íslenskum almenningi og blóðin höfðu fjallað töluvert mikið um hana. Það heyrðust þó þessar raddir að hún væri nýja-brum og að hún væri ofbeldisfull. Ég leyfi mér hins vegar að efast um að einhver íslensk kvikmynd hafi náð jafn mikilli hylly í Norðurlöndum því ég er enn að hitta Svía sem vitna í hana. Það er komið svoltið síðan ég sá hana. Þetta er náttúrulega gamaldags leið að ýkja allan subbúskap og ofbeldið. Yfirbragðið og stillinn sam-



ræmist ekki því sem við vitum í dag um miðaldarnar en Hrafninn flýgur er jú ekki heimildarkvikmynd. Hrafninn flýgur þætti væntanlega þunglamaleg og einhæf í öllum þessum hraða í dag. Ég held engu síður að hún eigi eftir að fá gott sæti í sögunni. Helgi Skúlason varð hálfgerð stórstjarna og var nefndur mesta illmenni Norðurlandanna á sínum tíma. Hrafninn flýgur gleymist ekki.

Hvernig var að leika í Hrafninn flýgur?

JAKOB ÞÓR EINARSSON/GESTUR

Það var rosalega kalt og blautt þetta sumar. Við vorum meira og minna úti allan tímann og þegar við vorum ekki úti vorum við inni í einhverjum skútum og hreysum. Þetta var afskaplega skemmtilegt fyrir mig að fá að leika í þessari mynd því ég var bara 24 ára leiklistarnemi þegar myndin var gerð. Við vorum með mikið af dýrum þarna, það voru hrafnar í myndinni, og við réðum mann til að sjá um hrafnana en það gekk svo allt á afturfótunum þannig að við urðum að sjá um hrafnana meira og minna sjálfir.

Búið var við mjög erfiðar aðstæður þarna og við böðuðum okkur lítið, þannig að skíturinn utan á okkur í myndinni var eiginlega raunverulegur. Ég er ekki viss um að ég samþykkti að leika í mynd við þessar aðstæður í dag.

Mér finnst sagan skila sér vel á tjaldið hjá Hrafn. Mér finnst myndin miklu betri en ég hefði þorað að vona þó svo að vissulega hafi kvikmyndagerðarlistinni eitthvað fleygt fram á þessum tuttugu árum. Einn daginn vorum við í hádegismat og Hrafn var á klósettinu og þá kallar hann allt í einu upp fyrir sig: Jakob, hvernig myndist þér að leika þessa þinn? Og fór svo að ég lék karakterinn sem átti að vera þabbi minn í myndinni. Hrafn sagði svo að það væri staðreynd að maður fengi margar af sínum bestu hugmyndum á klósettinu.

Mér finnst myndin hafa öðlast dálítið sérstakan sess í íslensku kvikmyndasögu því hún var fyrsta íslenska myndin sem gekk vel í útlöndum og hún hefur farið ansi víða og maður hittir varla Svía án þess að þeir segi við mann: Þungur hnifur.



GESTUR Jakob Þór Einarsson í hlutverki aðalsöguhetjunnar Gestis sem kemur til Íslands að leita morðingja föður síns. Hér er hann ásamt hrafni fyrir ofan bæ föðurbana síns og leggur á ráðin um hvernig hann geti náð sér niður á honum.



EIRÍKUR Flosi Ólafsson sem Eiríkur í Hrafninn flýgur, hlutverk sem hann lék með eftirminnilegum hætti.

FLOSI ÓLAFSSON/EIRÍKUR

Í minningunni var þetta sumar sem við tókum upp þessa mynd virkilega ógleymanlegt, „never a dull moment“ eins og maður segir á vöndri íslensku. Ég er þeirrar skoðunar að af vikingamyndum Hrafn sé *Hrafninn flýgur* sú besta. Það verður aldrei sagt um Hrafn Gunnlaugsson að hann sé hugmyndasnaður maður. Mér fannst ansi gaman að vinna með Hrafn að ekki sé nú talað um Helga Skúlason, nú látinn löngu fyrir aldur fram. Leikur hans í *Hrafninn flýgur* er ógleymanlegur að öðrum ólöstuðum. Mér hefur sýnst sem heimurinn hafi tekið þessari mynd fagnandi en ég ætla ekkert að alhæfa um það. Ég horfði á myndina aftur um daginn með Hrafn og við vorum aðeins að rifja upp hvernig okkur fannst þetta og hvað þetta var skemmtilegt. Úr því þú spyrð þá kemur margt skritið upp á og ég

man sérstaklega eftir einu spaugilegu atviki úr tökunum. Þar sem við vorum að vinna undir Eyjafjöllum voru nokkrir heimahrafnar á staðnum og hrafnarnir sem við höfðum fært með okkur tóku ekki tamingu vegna þess beygs sem þeir höfðu af heimahröfnunum þannig að Hrafn Gunnlaugsson tók frethólk og skaut heimahrafnana til að tókurnar gætu gengið betur fyrir sig. Ég hélt að þarna yrði heimsendir því ég taldi það ógæfu að skjóta heimahrafnana svona en við þetta róuðust hrafnarnir okkar. Þeir fengu svo róandi lyf en mig rennir grun í að hrafnatemjarinn hafi komist í lyf in í það minnsta róaðist hann til muna eftir þetta. Mér fannst gaman að vinna með Hrafn því honum dettur svo margt í hug og oft er skemmtilegra að vinna með mönnum sem dettur eitthvað í hug frekar en ekkert.

Átti að leika Gest

„Hrafn orðaði þetta við mig á sínum tíma, ég veit ekki hvort hann var fullur, ófullur eða bara svona skemmtilega hugmyndaríkur. Ég hló alltaf að honum því mér fannst þetta svo bara eins og margt í lífinu, sumt er skrytnara en annað. Ég tók þetta ekki í mál því ég er ljósmyndari en ekki

leikari. Ætli ég hafi ekki bara verið svona síðhærður og vikingalegur en þetta hafði í það minnsta ekkert með mína hæfileika að gera og kannski þess vegna fannst mér þetta furðulegt,“ segir Páll Stefánsson ljósmyndari sem Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri Hrafninn flýgur bauð hlutverk Gestis í kvikmyndinni en án árangurs.



PÁLL STEFÁNSSON Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri Hrafninn flýgur kom að máli við Pál Stefánsson ljósmyndara og bauð honum hlutverk Gestis í myndinni en Páll afþakkaði boðið.



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU > GUÐBERGUR BERGSSON RITHÖFUNDUR

HVAÐ
ÆTLARÐU AÐ
GERA UM
HELGINA?

SIRKUS RVK
SEGIR ÞÉR ALLT
SEM ÞU ÞARFT
AÐ VITA.



GUÐBERGUR BERGSSON Rithöfundurinn hefur farið víða og búið við margar götur um ævina. Hann kveðst hins vegar ekki vera hrifinn af götum og allra sist Skúlagötunni sem hann býr við í dag og kallar viðrinisgötu.

Skítalykt, stjórnleysingjar, hórur og ég

Rithöfundurinn skemmtilegi hefur búið við margar götur í heiminum. Hér nefnir hann nokkra staði á Íslandi og suður við Miðjarðarhafið sem eru honum eftirminnilegir.

Grindavík æskuáranna frá 1932

Þegar ég var að alast upp í Grindavík þá voru engar götur í bænum. Menn voru ekki kenndir við götur heldur húsinn sem þeir bjuggu í. Ég kynntist ekki götum fyrr en ég fluttist til Reykjavíkur árið 1950. Í rauninni hef ég aldrei verið hrifinn af götum og ekki lagt nöfn þeirra sérstaklega á minnið.

Stórholt 2, árið 1954

Ég bjó þarna með bróður mínum og við máluðum alls kyns myndir og figúrus á veggum innar sem var í kjallara hússins. Svo þegar við fluttum úr íbúðinni þurftum við að mála yfir veggina aftur og það tók ansi langan tíma að þekja veggina þannig að listaverkin sæjust ekki. Ætli þessir veggir væru ekki mjög verðmætir í dag því þarna voru mikil listaverk.

Felipe Gil nr. 6 í Barcelona, árið 1956

Þetta var hús sem var staðsett uppi fyrir ofan borgina, sumar-dvalarstaður fyrir listamenn. Maður sá yfir Barcelona og þetta var afskaplega fallegt. Það var mikið hlustaði á tónlist í þessu húsi, sérstaklega Brahms. Handan við götuna var hús með flatþaki. Þegar við spiluðum tónlistina okkar kom konan sem bjó í húsinu mjög oft út á þakið og settist niður og hlustaði á tónlistina með okkur í gegnum gluggana á húsinu okkar. Svo þegar líða tók á kvöldið söfnuðust fullt af flugum á hjálminn á ljósastaur sem var fyrir utan hús konunnar, þær vildu líka hlusta á tónlistina. Suðið í flugunum var oft svo mikið að nágrannakonan beygði sig niður af svölunum og stuggaði flugunum í burtu svo hún gæti hlustað á tónlistina í friði fyrir suðinu. Þetta hús var gríðastaður listamanna og skálda og hafa verið skrifaðar margar bækur um þetta hús þar sem ég kem meðal annars fyrir.

Calle Mandri nr. 6 í Barcelona

Þetta var stjórnartíð Francos og verið að breyta Barcelona. Frá húsinu horfði ég yfir stóran garð sem verið hafði í eigi auðugar borgaralegrar fjölskyldu. Trén í garðinum voru höggvin burt og garðinum var breytt í lóðir sem á voru byggð fjölbýlishús. Hið borgaralega samfélag var að láta undan hinu nýrka samfélagi. Ég fylgdist með þessum breytingum á spænsku samfélagi ofan af svölunum hjá mér.

Praça da Alegria í miðbæ Lissabon

Ég bjó á pensjónati sem svo vildi til að var einnig aðsetur neðanjarðarhreyfingar í borginni. Lög-reglustöðin var svo við hliðina. Þarna voru stjórnleysingjar, nasistar sem höfðu lokast inni í landinu eftir seinni heimsstyrjöldina, Vichy-menn sem höfðu flúið Frakkland í stríðinu, leikarar, vændiskonur, dansmeyjar, ég, brjálaðingar og alls konar fólk. Ég hitti svo einu sinni portúgalskan rithöfund sem sagði mér að þetta væri frægur staður því þarna höfðu verið höfuðstöðvar neðanjarðarhreyfingarinnar í Lissabon og ég sagðist nú heldur betur vita það því ég hefði þekkt mikið af þessu fólk.

Á þessu pensjónati, sem var staðsett mjög ofarlega í borginni, var oft vatnslaut yfir daginn. Vatnið kom ekki fyrr en á kvöldin. Allir höfðu kúkað í klósettin yfir daginn og í lok dags voru þau full og lyktin inni í húsunum var oft orðin ansi svakaleg. Það var ekki líft inni á pensjónatinu fyrir pestinni og því fórum við út meðan lyktin var sem verst. Svo kom vatnið sem skolaði kúknunum burt og þá gátum við farið aftur inn eftir að búið var að lofta út. Þá borðuðum við öll saman sem

vorum þarna, það var svo gaman við þessi pensjónöt að það var allt gert saman.

Sampaio gatan í Lissabon

Ég leigði þar herbergi. Sá sem rak hótelið vildi endilega leigja mér því hann sagði að þar hefði búið frægur amerískur prófessor. Það var tekið á móti mér og mér sýnt herbergið, það var á sértíloði. Búið var að mála fyrir alla frönsku gluggana í herberginu nema einn neðst niðri í horninu. Ég fór að sofa um kvöldið. Þegar ég vaknaði þá byrjaði allt að fyllast af mjög fallegum stúlkum sem voru að vakna og baða sig á baðherberginu. Þá áttaði ég mig á því að þetta var hóruhús. Gluggarnir voru málaðir svartir svo þeir sem voru fyrir utan sæju ekki hvað þar fór fram en litla gluggann notuðu hórurnar til þess að kíkja út á kaffihúsin og hótelin hvort kúnarnir þeirra væru nokkuð komnir á svæðið.

Hotel Gerson í París

Þegar ég fór um París bjó ég oftast á hjá ægilega ruglaðri kerlingu sem var pólskur gyðingur. Hún ruglaði mér alltaf saman við franska heimspekinginn Henri Bergson. Hún lét mig alltaf fá morgunverðinn þrisvar. Fyrst gaf hún mér morgunverðinn, svo Henri Bergson og svo einhverjum öðrum manni sem hún var með í höfðinu á sér. Svo var einhver ljóshærð kona sem tók fyrir þetta hjá kerlingunni. Ég var svo í París fyrir nokkrum árum og þá var búið að rífa hótelið og byggja eitt-hvað ægilega flott hótél í staðinn.

Skúlagata 40, 2005

Þetta er eina gatan sem ég hef búið við sem er engin gata. Skúlagatan er viðrinisgata, eina viðrinisgatan sem ég hef búið við um ævina. Þetta er engin gata því hún er svo dauðhreinsuð, svo miklu líflausari en aðrar götur sem ég hef búið við. Ég held ég leyni svo bara öðrum götum sem ég hef búið við.

ingi@frettabladid.is

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS^{RVK}
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

Ævintýraleg skólatilboð



Klárlega besta fartölvu-tilboðið

MEDION® C7

- MD95343
MEDION C7 CENTRINO 3300
- Pentium® M processor 1.7 GHz (735)
 - 15.4" WXGA TFT (1280x800)
 - ATI® MOBILITY RADEON™ 9700 SE 128MB
 - Sjónvarpskort og fjarstýring
 - 512 MB DDRRAM
 - 100 GB 5400RPM diskur
 - DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
 - Hátalarar með bassaboxi
 - 54Mbit þráðlaust netkort
 - TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
 - MediaBay kortalesari

BATTLEFIELD 2 CERTIFIED

FIRSTA GREIÐSLA
1 SEPT.

Minniskort
 í stafrænum myndavélum, MP3-spilurum, farsímum eru æ algengari og því er mikill kostur að geta stungið kortunum beint í vélna.

Bluetooth
 Gerir þér kleift að senda gögn í og úr t.d. farsímanum, prenta þráðlaust úr þar til gerðum prenturum o.fl.

Sjónvarpskort og fjarstýring
 Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD. Hægt að "pása" beina sjónvarpsútsendingu o.fl.

Klikkaðir kaupaukar



17" flatskjár
 fylgir öllum Medion fartölvum þessa vikuna

FYLGIR

5.111*
 Tölvukaupalán 48 mán.

14.999**
 Vaxtalaust 12 mán.

179.988
 Staðgreitt

Stafrænar myndavélar

SONY
 Sony Cybershot DSC-S40



1.599*
 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
19.188*
 STAÐGREITT

4.1 megapíxlar

Frábær kaup

Aðdráttur
 3x optical 4,1 Mp. Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hámarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

Carl Zeiss linsa
 Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

Litaskjár
 Vandaður 1,5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.

SONY
 Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80



2.499*
 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988*
 STAÐGREITT

Risa skjár
4.1 megapíxlar
SONY GÆÐI

BT Bestu kaupin

Hleðslurafhlióður
 Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

2" litaskjár
 Stór og vandaður 2,0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

MPEG Movie
 Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

Carl Zeiss linsa
 Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

Strákarnir



Hér er kominn troðfullur DVD diskur með því besta frá Strákunum.

1.999*

BT

AS SEEN ON TV

Playstation2 tilboð

Vinsælasti DVD spilarinn!
 Vinsælasta leikjatölvun!



Einn af þessum leikjum fylgir!

Allur pakkinn

14.999



WAR OF THE WORLDS War of the Worlds lýsir því þegar mannkynið verður fyrir árás geimvera. Það getur enga björg sér veitt. Kvikmyndasérfræðingar segja myndina lýsa þeirri hryðjuverkaögn sem steðjar að hinum vestræna heimi.



INVADERS FROM MARS Í kvikmyndinni réðust geimverur frá Mars á jörðina. Þessar geimverur hafa verið séðar sem kommúnistaögnin.

Fjandsamlegir kommúnistar eða vinalegir aðkomumenn?

Nýjasta kvikmynd Stevens Spielberg, *The War of the Worlds*, var frumsýnd á dögunum. Þar ráðast geimverur enn eina ferðina á jörðina en á undanförunum fimmtíu árum hafa þær herjað á okkur í ýmsum myndum í bíóunum. Þær hafa einnig stundum verið notaðar sem tákn fyrir raunverulega utanaðkomandi ögn. *Freyr Gíga Gunnarsson brá sér út í geiminn og skoðaði málið.*

Hvað á E.T. sameiginlegt með *The Body Snatchers*, *Close Encounters of the Third Kind* með *The Day the Earth Stood Still* og *The Abyss* með *Independence Day*? Jú, allar fjalla þessar kvikmyndir um geimverur sem koma til jarðarinnar í misjöfnum tilgangi. Sumar koma til að útrýma okkur en aðrar bara til að kynna jarðlífinu, koma á sambandi þessa heims og annars.

Það sem er hins vegar enn merkilegra er að geimverur hafa stundum verið notaðar til þess að holdgera hræðslu, gagnrýna ástand eða boða ákveðna framtíðarsýn.

Kommúnistaögnin utan úr geimnum

Ein þekktasta geimverusagan er *Innrásin frá Mars* eftir H.G. Wells. Á sínum tíma lásu sumir þá bók sem gagnrýni á stefnu Eyr-ópu gagnvart asískum og afrískum nýlendum. Aðrir sáu hana sem viðvörðun höfundarins við ofurtrúnni á tækni og vísindi. Orson Welles gerði um 30 árum síðar eitt þekktasta útvarpsleikrit sögunnar þegar hann fékk almenning víðs vegar um Bandaríkin til að æða út á göturnar í ofsahræðslu. Leikritið þótti svo raunverulegt að fólk trúði því að Marsbúar væru í raun og veru að ráðast á jörðina.

Þegar bókin var færð yfir á hvíta tjaldidi í fyrsta skipti 1953 af Byron Haskin voru aðstæðurnar í heiminum breyttar. Sovétríkin og Bandaríkin skiptu heiminum sín á milli. Kalda stríðið var að hefjast. Hræðslan við kommúnisma var allsráðandi og geimverurnar notaðar til að tákna rauðu ögnina. Í

kjölfarið fylgdu myndir eins og *Invaders from Mars* og *The Beast with Million Eyes*. *Invasion of the Body Snatchers* kom út árið 1956 þegar McCarthy-isminn var að byrja og nornaveiðar gegn kommúnistum nýhafnar. Myndin lýsir því hvað gerist í smábæ þegar stórir fræbelgir yfirtaka íbúa hans.

Undantekning frá þessu var þegar Robert Wise gerði kvikmyndina *The Day the Earth Stood Still*. Þá var geimveran ekki komin til að drepa og tortíma heldur til þess að vara mannfólkið við. Ef það héldi uppteknum hætti yrði jörðinni tortímt þar sem hegðun mannfólksins ögnaði lífi á öðrum hnöttum. Myndin hefur verið skoðuð sem gagnrýni á



INDEPENDENCE DAY Geimverurnar sem hér birtust voru ekki komnar til þess að eignast vini. Sem betur fer fyrir mannkynið björguðu Bandaríkin deginum.

kjarnorkuvígðingunni stórveldanna. James Cameron bryddaði upp á þessu sama hálfri öld síðar þegar neðansjávargeimverur sýndu Ed Harris og félagum í *The Abyss* hversu illa við værum að fara með jörðina.

Bandaríkin eru alheimslögreglan

Á sjöunda áratugnum hættu geimverurnar hins vegar að gera árásir á okkur og urðu frekar vinalegar. Í *Close Encounters of the Third Kind* og seinna meir *E.T.* var eins og þær vildu stofna til vinasambands við okkur. Richard Dreyfuss náði sambandi við þær með tónlist í fyrnefndu myndinni og *E.T.* vildi bara fá að hringja heim til sín.

Geimverurnar voru ekki eins vonda og þær höfðu áður verið. Með ótrúlegri velgengni þessara mynda bjuggust margir við að tími herskára geimvera væri nú liðinn og það leið langur tími þar til kynni jarðarbúa og geimvera urðu vinsæl á nýjan leik.

Árið 1996 birtust risastór geimskip yfir jörðinni í *The Independence Day*. Í fyrstu var allt útlit fyrir að þær ætluðu sér ekkert illt en skömmu síðar hófu þær markvissa útrýmingu.

Hvíta húsið og Empire State hurfu eins dögð fyrir sólu. En hverjir koma og bjarga deginum hinn fjórða júlí, á þjóðhátídardegi sínum? Gefum Bill Pullman, sem lék forseta Bandaríkjanna, orðið. „Today we celebrate our Independence Day!“ Heiminum var reddað fyrir horn af alþjóðlegu herliði undir stjórn Bandaríkjanna. *Independence Day* var því nokkuð greinilegt merki um að Bandaríkin væru orðin heimslög-



E.T. EXTRA TERRESTRIAL Elliot og E.T. urðu bestu vinir enda var geimveran óvenju vinaleg af geimveru að vera. Engar blóðsúthellingar og útrýming.

regla sem réði við allt... líka geimverur.

Í kjölfarið fylgdu nokkrar skemmtilegar myndir um geimverur og mannfólkið, þar á meðal mynd Tim Burton um árásir Marsbúa og *Men in Black* þar sem geimverur og mannfólk búa saman í sátt og samlyndi.

11. september árið 2001 var heiminum hins vegar breytt aftur, ný landamæri voru dregin og ný ögn hafði myndast. Hryðjuverka-árásirnar urðu til þess að Banda-

ríkin gerðu sér grein fyrir því að þau höfðu ekki „hjúp“ utan um sig eins og þau héldu. Það var hægt að ráðast á þau.

Í *War of the Worlds* er greinilegt að leikstjórinn nýtir sér eftirköst hryðjuverkanna. Tom Cruise gengur meðal annars framhjá töflu þar sem búið er að hengja upp myndir af ættingjum sem eru týndir. Eitthvað sem heimsbyggðin fékk ósjaldan að sjá þegar atburðirnir 11. september gerðust.



Hulin brjóst

SPURNING: HVERS VEGNA HYLJA KONUR BRJÓST Á VESTURLÖNDUNUM EN EKKI SUMS STAÐAR Í AFRÍKU?

Svar: Mismunandi hitastig í Afríku og á Vesturlöndum hefur að sjálfsögðu áhrif á hvernig fólk klæðir sig. Hins vegar er það ekki einhlít skýring á því hvers vegna lögð er áhersla á að konur hylji brjóst sín á Vesturlöndum en ekki sums staðar í Afríku. Frekari skýringa þarf því að leita í menningu og samfélagsgerð þessara heimshluta.

Tákn og táknkerfi

Ein undirstaða menningar og samfélags manna eru tjáskipti. Maðurinn ræður yfir tungumáli sem gerir honum kleift að tjá flóknar hugmyndir. Einnig nýtir hann sér ýmis önnur tákn og táknkerfi til að miðla þekkingu og senda skilaboð. Líkami manna er oft hentugur efniviður í slík tákn og þá ekki síst sá sýnilegi munur sem er á líkómum kvenna og karla. Sá munur hefur með ýmsum hætti verið notaður til að tákna gera mun á stöðu og hlutverki kynjanna í samfélaginu.

Meginreglan þegar táknkerfi eru annars vegar er sú að sérhver menning býr til sinn eigin táknheim. Því verður að lesa merkingu tákanna í samhengi þeirra hvert við annað og þann menningarlega veruleika sem þau tilheyra, þótt stundum sé merking ákveðinna tákna í ölfikum samfélögum borin saman. Þannig tíðkast til dæmis sums staðar á Papúa Nýju-Gíneu að karlar hylji reður sinn í eins konar hulstri sem verður lengra eftir því sem þeir eldast og verða valdameiri. Mannfræðingar hafa lesið í tákna-rænu þessa siðs þannig, að með honum sé mikilvægi karla sem feðra áréttáð. Jafnframt er lengd reðurhulstursins sýnilegt tákn um stöðu karlsins í samfélaginu.

Brjóst og móðurhlutverkið

Hið sama gildir um brjóst kvenna. Það hvort þau eru hulin, gerð áberandi eða einfaldlega ber, gefur tiltekna upplýsingar og speglar menningarlegar hugmyndir fólks. Ein aðferð við táknefturinn, og til að skilja hvers vegna brjóst kvenna eru hulin á Vesturlöndum en ekki sums staðar í Afríku, er að tengja brjóstinn við móðurhlutverkið, þýðingu þess í samfélaginu og hvernig það markar stöðu kvenna.

Konur fæða börn og hafa þau á brjósti og því er þessi líkamshluti þeirra kjörinn til þess að tákna móðurhlutverkið. Á Vesturlöndum er þetta hlutverk kvenna rómað og jafnvel talið heilagt. En hvers vegna eru brjóst kvenna þá hulin? Til þess að leita skýringa á því verðum við að skoða samfélagsskipan Vesturlanda og hvernig hún hefur þróast. Sé kvéntískan á Vesturlöndum

skoðuð, sjáum við að brjóst kvenna voru áður fyrr mun sýnilegri en nú. Þau voru ýmist ber, hálfhulin eða þeim nærri lyft upp úr flegnum blússum. Á þessum tíma var móðurhlutverkið sömu-leiðis mun sýnilegra en nú.

Sýnileiki brjóstanna speglar sýnileika móðurhlutverksins

Við iðnbyltinguna á Vesturlöndum urðu skilin á milli einkarýmisins (heimilanna) og almennarýmisins (félagslega rýmisins utan heimilanna) mun skarpri. Atvinnurekstur fluttist út af heimilum inn í verksmiðjur og aðra vinnustaði í almennarýminu, og heimilin sem áður voru bæði vinnustaðir og uppvaxtarstaðir barna urðu að sífellt einangraðra einkarými. Karlinn fór gjarnan út í almennarýmið og sótti björg í bú en konur voru heima og sinntu heimilisstörfum og barnaupplæddi. Móðurhlutverkið varð því ekki eins sýnilegt og áður, og um leið var lögð meiri áhersla á að hylja brjóst kvenna með blússum og kjólum allt upp undir höku. Það sást þó oft móta fyrir brjóstunum undir þröngum blússum. Menn vissu að brjóstin voru þarna, rétt eins og menn vissu að konur ólu upp börn sín inni á heimilum, en hvort tveggja var hulið augliti almennings.

Í samfélagum Afríku þar sem konur hylja ekki brjóst sín er móðurhlutverkið ekki síður mikilvægt en á Vesturlöndum. Aftur á móti er því að stórum hluta sinnt í almennarýminu, og skilin á milli þess og einkarýmisins eru ekki nándar nærri eins skörp. Sýnileiki brjóstanna speglar því sýnileika móðurhlutverksins. Einnig er þess að gæta að í mörgum samfélögum Afríku eru konur ekki einar um að ala upp börn sín heldur er það í verkahring stærri hóps ættingja og nágretta, kvenna jafnt sem karla. Móðurhlutverkið þarf því ekki að afmarka stöðu kvenna þar eins og það gerir á Vesturlöndum og brjóstin hafa því ekki sama táknræna gildið í þessu samhengi. Í slíkum samfélögum skiptir því ekki eins miklu máli að hylja brjóstin og undirstrika með því stöðu kvenna.

Klæðnaður sendi skilaboð um stöðu

Þannig speglar sú staðreynd að brjóst kvenna eru hulin á Vesturlöndum en ekki í sumum Afríkulöndum ríkjandi hugmyndir um konur í þessum samfélögum. Staða kvenna á Vesturlöndum er inni á heimilinu; þar sinna þær hinu mikilvæga móðurhlutverki sem samt sem áður er ósýnilegt eins og brjóstin. Um leið undirstrikar klæðnaðurinn oft brjóstin, nú síðast með Wonderbra-brjóstahöldum, og gefur þar með skýr skilaboð um kynbundna stöðu kvenna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við HI

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförunu eru: Rennir maður frönskum rennilás, hvað getið þið sagt mér um flæmingja, eru orðin Nöðruvísir og Notherwisei skyld, hvað eru stjórnmál, hvaða matarvenjur tíðkast í Danmörku og hverjir byrjuðu að temja hesta og hvenær var það? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á síðinni www.visindavefur.hi.is.

**Í DAG!!!
KL. 14.00!!!**

2. umferð Íslandsmótsins í Motocross
MOTOCROSS
16. júlí

fer fram á stórglæsilegri braut á Álfsnesi laugardaginn
Keppnin hefst klukkan 14.00 // Unglingaflokkar byrja að keppa kl. 12.40
Miðaverð aðeins 500 kr. // Fritt fyrir 12 ára og yngri.

ATH!!! Aðkoma að svæðinu: Keyrt er í gegnum Mostellsbæ í átt að Kollafirði. Þar eru merkingar um vinstri beygju af þjóðvegnum.

VISA BIKARINN

8 liða úrslit karla

		Laugardaginn 16. júlí kl. 16:00 FH - ÍA Kaplakrikavöllur
		Miðvikudaginn 20. júlí kl. 19:15 HK - Fylkir Kópavogsvöllur
		Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15 Fram - ÍBV Laugardalsvöllur
		Fimmtudaginn 21. júlí kl. 19:15 KR - Valur KR-völlur

Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn

VISA styður íslenska boltann

VISA



BIKARINN



MÓÐUR VIKUNNAR

> HILDA FER YFIR MÁLIN

Höldum hagvextinum við

Ég fór í bæinn á þriðjudaginn með vinkonum mínum að kaupa fót á nýfætt stúlkubarn annarrar vinkonu okkar. Við gengum úr barnafatabúð í aðra barnafatabúð æpandi og flissandi. „Oohhh, sjáðið hvað þetta ógulega dúllulett!“ Fórum ómeðvit- að að tala eins og fífl. „Æjji smjúsi bússi gúss.“ „Sjáðið þessar næðbussur og þennan næðboooool!“

Rosalega hlýtur að vera gaman að kaupa fót á barnið sitt. Mér finnst gaman að kaupa fót yfirleitt en þessi fót eru bara svo dúlló. Eitt sem truflar mig samt óskaplega mikið er þetta bleika og bláa dót. Af hverju má ekki kaupa bleik fót á stráka? Þetta er meira líbó stúlknamegin, því þær geta jú verið í gallakjólum og svoleiðis en bleika boli eða peysur á stráka? Sjaldséd sjón. Mér finnst þetta ótrúlega asnalegt og ætla ekki að velja liti á börnin mín eftir kyni.

Það skemmtilegasta við að versla fót á börn er örugglega sú staðreynd að börn vaxa upp úr gömlum fötum. Frábær afsökun til að kaupa meiri fót. Ég vildi að ég hefði svona afsökun. Í staðinn hef ég tvö vandamál. Annað vandamálið er að ég á engin fót til að vera í. Hitt vandamálið er að ég á svo mikið af fötum að fataskápurinn minn er orðinn of lítill. Skrítið, ekki satt? Þegar ég er að fara út þá stend ég oft fyrir fram- an skápinn og horfi og horfi, leita í öllum fötunum.....að fötum. „Ég á engin föööt!“ góla ég svo hástöfum en veit að það er ekki satt. Stundum fæ ég samviskubit yfir því að kvarta yfir fataleysi þegar ég á víst fót og fullt af litlum sætum börnun úti í heimi eiga engin. Finnst ég þá vanþakklát og ég geti nú bara gengið í gömlu tarkbuxunum því þær eru jú fót. Nei, ég get það ekki.

Ég veit samt að ég er ekkert ein um þetta. Það mætti í raun- inni kalla þetta alheimsvandamál. Maður verður þreyttur á fötunum sínum og smám saman verða þau hallærisleg. Kannski er þetta bara ágætt, því einhver verður að sjá um eftirspurnina svo öll fatafyrirtækin lofnist ekki bara út af. Eins og afi minn segir um hana ömmu í hvert skipti sem hún kaup- ir eitthvað nýtt: „Einhver verður jú að sjá um að halda hag- vextinum við.“



SUMARLEG Mörgum finnst konur aldrei jafn fallegar og þegar þær eru ófrískar.



GLERFÍN Nú er einmitt í tísku að vera í kjólum og bolum sem eru þröngir undir brjóstun- um en víkka svo út.

KJÓLL Auk þess að vera fallegur á meðgöngunni er þessi kjóll sér- hannaður til þess að auð- velda brjóstgjöf.



BIKINÍ Það eru til margar tegundir af meðgöngubikiníum í Tveimur Lífum.



GALLABUXUR Sniðnar und- ir bumbu að framan en eru háar að aftan. Þrengdin er stillanleg í mittinu.

BUXUR Þessar buxur eru með háan streng sem hægt er að hafa yfir eða undir bumbunni. Þær verða til í mörg- um litum þegar nýja sendingin kemur.

Blómstrandi og smart á meðgöngunni

Á sumrin verða ófrískar konur alltaf meira áberandi. Hvort sem það er frjósemi ávorsins að þakka eða bara sú staðreynd að það þurfa ekki allir að ganga í dúnúlpum lengur, þá er alltaf jafn gaman að sjá geislandi konur með barn undir belti. Þær vilja þó oft gleymast þegar fjallað er um tísku og fatnað en það eru einmitt fá tímabil í lífi kvenna þar sem þær þurfa jafn mikið á því að halda að fá fót við hæfi. Margar konur gera þau leiðinlegu mistök að kaupa bara bunka af of stórum föt- um eða skella sér í jogging um leið og annað hættir að passa. Nú er hins vegar engin afsök- un fyrir því að líta ekki vel út á meðgöngunni því á síðustu árum hafa opnað búðir sem selja fót sem eru sérhönnuð fyrir óléttar konur. Ein þeirra er búðin Tvö líf. Fötin í Tveimur lífum eru sérsniðin til að vaxa með konunni á með- göngunni og fyrstu mánuðina eftir barnsburð. „Konur ættu ekki að kaupa of stór fót því þá tapa þau algjörlega sniðinu og sitja illa,“ segir Sigga Lára, annar eigandi Tveggja lífa. Nú hafa ekki allar konur efni á því að kaupa sér nýjan fataskáp á meðgöngunni og því ráðlegg- ur Sigga Lára konum að kaupa þrjár lykflík- ur. Það eru fyrst og fremst góðar svartar bux- ur eða gallabuxur. „Við erum með rosa góðar gallabuxur sem eru háar að aftan en sniðnar undir bumbuna að framan. Innan í þeim er svo teygja svo það er hægt að stilla mittisbreidd- ina innan frá.“ Næst nefnir hún það sem þær kalla „framlengingin“, sem lítur út eins og hlíralaus bolur. „Þetta er alveg nauðsynlegt og er ekki dýrt. Konur eru í þessu undir öðrum

bolum sem verða stuttir þegar maginn stækkar. Framlengingin kemur þá í veg fyrir að konurnar séu með bert á milli.“ Í þriðja lagi er það svo bolur eða kjóll sem hent- ar konum á meðgöngu en er einnig sérhannaður til að auð- velda brjóstgjöf. Konur verða oft pirraðar þegar þær leita sér að fötum og ekkert passar. „Ég vil bara ráðleggja konum að gefa sér næg- an tíma og velja sér grunnlíkurnar í búðum sem selja sérhönnuð meðgönguföt,“ segir Sigga Lára. Fyrir sæta boli, kjóla og gamm- osiur er svo hægt að fara í flestar tiskubúð- ir og er tiskan núna sér- staklega hagstæð þar sem mikið úrval er af bolum sem eru þröngir undir brjóst- unum og víkka svo út.

soleyk@frettabladid.is



PILS Ný sending, með haust- vörum, kemur í Tvö líf strax í næstu viku. „Haustvörurnar eru oft skemmtilegri en sumarvör- urnar og við fáum fullt af æðis- legum fötum,“ segir Sigga Lára.



FRAMLENGINGIN Til að vera í undir þeim bolum sem þær eiga fyrir. Fæst í mörg- um litum.



DUE IN ... Hollywood- stjörnur eins og Gwyneth Paltrow og Courtney Cox gengu í meðgöngu- fötum frá þessu merki.

KRÚTTLEG Þessi stelpa er krúttleg í bómmullarkjól og gammósiur.



★★★★★
„Svalasta mynd ársins og besta mynd þessa sumars.“ P.P. FBL

★★★★★
AB Blaðið
„Sin City er mynd sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.“

★★★★
H.L. MBL

★★★★
T.V. kvikmyndir.is

★★★★
D.Ó.J kvikmyndir.com

★★★★
K&F XFM

FRANK MILLER'S
SIN CITY
DIRECTED BY ROBERT RODRIGUEZ
A FRANK MILLER
WITH SPECIAL GUEST STARRING QUENTIN TARANTINO

**BLOÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT.
BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA
KOMIN Í BIÓ**

SMÁRA BIÓ REGNBÖGINN BIO

Mjúk og geislandi húð

Nú er komið á markað- inn nýtt vopn í hrukku- baráttuna. Það er krem frá Chanel sem heitir Rectifiance intense sérum og menn í her- búðum Chanel halda því fram að þetta sé fyrsta kremið sem raunverulega dragi úr og komi í veg fyrir hrukku-

myndun. Konur sem hafa prófað kremið segja það hafa góð áhrif á húðina og eru flestar á þeirri skoðun að hrukknar hafi minnk- að. Það er einnig mjög gott fyrir konur með viðkvæma húð. Kremið er í fallegri pakkningu eins og flestar aðrar vörur frá Chanel og er ætlað konum 35 ára og eldri.

CHANEL KREMIÐ Nýjasta kraftaverkakremið á markaðnum.

» FASTUR

birta
» PUNKTUR


SMEKKURINN BENEDIKT FREYR JÓNSSON PLÖTUSNÚÐUR OG TAKTSMÍÐUR

Leðurjakkinn hans afa í uppáhaldi

Benedikt Freyr Jónsson er plötusnúður og taktsmiður – oftast þekktur sem dj B-Ruff. Hann er meðlimur í hiphopp hljómsveitinni Forgotten Loes og eru þeir félagar þekktir fyrir að vera flottir í tauinu. Hjá FL er stillinn ekki blingbling og hausklútar á la 50 cent, heldur flottar skyrtur og flauelsbuxur.

Spáir þú mikið í tiskuna? Nei frekar lítið. Ég geng bara í því sem mér finnst flott.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Misjafnt eftir því hvernig skapí ég er í.

Aðallega eru það „streetware“-merkin eins og Freshjive og Stüssy.

Flottustu litirnir? Rauður og svartur.

Hverju ertu veikastur fyrir? Skóm. Yfirleitt lágum strigaskóm, til dæmis frá Adidas.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Ég fékk gefins fullt af bolum frá Kaupmannahöfn.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Núna finnst mér flottast þegar litirnir grænn, gulur og hvítur eru not-

aðir saman. Svo er mikið af flottum gallabuxum núna.

Hvað ætlar þú að kaupa í sumar? Það er ekkert ákveðið. Bara eitthvað sem ég lenti á.

Uppáhaldsverslun? Ígulker og Exodus.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Það er mjög misjafnt. Ég kaupi yfirleitt fót í hollum, til dæmis þegar ég fer til útlanda.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án?

Það er engin flik sem ég gæti ekki verið án.

Uppáhaldsflik? Leðurjakkinn sem amma gaf mér og afa átti. Hann er orðinn eldgamall.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Helst myndi ég vilja fara til Barcelona.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Zoo York skyrtan sem ég hef aldrei farið í. Hún er græn, grá og svört með mynstri. Hún verður alltaf svo fátánleg á mér, eitthvað svo stór og mikil.



Gylltar augabrúnir

Nýjasta æðið hjá súpermódelunum er að aflita á sér augabrúnirnar. Nánast allar aðalpiurnar ganga nú um með alveg ljósar augabrúnir, þrátt fyrir að



vera jafnvel með dökkt hár. Ástæðan ku vist vera sú að það verði mun bjartara yfir andlitinu og andiltsfallið skarpara.

Augabrúnirnar eiga alls ekki að vera of mikið plokkaðar en engu að síður eiga þær að vera vel snyrtar. Þær hafa glettilega mikil áhrif á útlitið og því getur aflitun verið skemmtileg breyting á auðveldan hátt. Flest apótek selja aflitunarkrem fyrir óæskileg hár og það er ekki mikið mál að skella því bara á augabrúnirnar. Þær sem vilja hafa vaðið fyrir neðan sig geta hins vegar pantað tíma hjá snyrtistofu og í staðinn fyrir að fara í plockun og litun er nú málið að fara í plockun og aflitun.



PERLUFESTAR Auðvitað var Carrie með lúkkjó á hreinu.

Ofurpiur með perlum

Perlufestar eru alltaf klassískar en undanfarið hafa þær verið sérstaklega áberandi í tiskublöðunum. Nú er málið að vera ekki bara með eina litla festi, heldur mörg lög af perlum og jafnvel nokkrar ólíkar festar.

Allar týpur ættu að finna perlufesti við sitt hæfi því þær eru núna til í öllum stærðum, gerðum og litum. Glyspæjur eins og Jessica Simpson hafa sést með hefðbundin, þröng perluhálsmen vafin um hálsinn, en bóhempíur eins og Mary-Kate Olsen er með síðar perlufestar með stórum marglitum perlum.

Perlurnar eru mjög margnýtilegar því þær eru bæði elegant við kvöldkjólinn og töff við gallabuxurnar. Festarnar fást mjög víða og eru ekki dýrar – nema auðvitað þær sem eru úr ekta perlum.

Ferðataskan í sumar

Besti ferðafélaginn
Léttur öllari



Heyrst hefur ...

... að bakvörðurinn snjalli Clifton Cook eigi von á íslenskum ríkisborgararétti næsta vor eftir að hafa spilað tímabil með Hamar í Hveragerði. Cook hefur leikið á Íslandi undanfarnir þrjú tímabil, fyrstu tvö með Tindastóli á Sauðárkróki og svo í fyrri með Skallagrími. Keith Vassell fékk ríkisborgararétt veturinn sem hann lék með Hamri.

sport

sport@frettabladid.is

ALMIR COSIC HJÁ LEIKNI Á FÁSKRÚÐSFIRÐI: FERILINN HEFUR VERIÐ Í MEIRA LAGI SKRAUTLEGUR

Frétti af áhuga Newcastle á Fáskrúðsfirði

Almir Cosic er úrvals knattspyrnumaður, að sögn Vilbergs Jónassonar þjálfara Leiknis á Fáskrúðsfirði, sem leikur í þriðju deildinni á Íslands- mótinu. Það vakti furðu margra þegar greint var frá því í fjölmiðlum fyrr í sumar að Leiknir væri með mann innanborðs sem stuttu áður hefði verið metinn á um 300 milljónir króna.

Leikmaðurinn var á mála hjá Bosniuliðinu FC Zeljeznica, en þar var hann ekki í náðinni og þurfti að sætta sig við að spila með varaliði félagsins. Hann kom til Fáskrúðsfjarðar í gegnum vin sinn sem þar var búsettur. Þegar heimamenn



fóru að grennslast fyrir um Cosic á netinu, grófu þeir upp að lið hans hafði neitað stóru tilboði frá Newcastle í leikmann- inn. Málið var að sögn Vilbergs hið grugguga, því lið hans í Bosnía hafði ætlað að selja hann án þess að hann fengi nokkuð fyrir sinn snúð.

Nú er hins vegar allt annað uppi á teningnum fyrir Cosic, sem nýtur lífsins í Búðahreppi til fullnustu og er smátt og smátt að komast inn í hinn íslenska 3. deildarbolta.

„Þetta eru auðvitað mikil viðbrigði fyrir manninn. Hann er vanur því að spila á fullkomnum völlum fyrir tugþúsundir manna. Það er auðvitað allt annað uppi á teningnum í þessum kartöflugörðum sem sumir vellirnir hérna eru,“ sagði Vilberg. Maður skyldi ætla að maður sem metinn hefur verið á 300 milljónir króna væri yfirburðamaður í þriðju deildinni.


„Hann er vissulega góður, það vantar ekki, en hann á enn eftir að aðlagast hlutunum betur. Það sem mér finnst best við hann er yfirferðin, hraðinn og dugnaðurinn í honum. Svo mætir hann alltaf á réttum tíma á æfingar og er aldrei með neina stjórnustæla,“ sagði Vilberg að lokum um dýrasta knattspyrnumann á Íslandi.

> Við biðum spenntir ...

... eftir leik FH og ÍA í VISA-bíkar karla í knattspyrnu sem fer fram í Kaplakrika í dag. FH-ingar töpuðu sínum fyrsta leik á tímabilinu í Evrópukeppninni í vikunni og eru nýkomnir heim eftir erfið ferðalag. Skagamenn hafa verið í mikilli uppsveiflu og eru til alls líklegir í þessum leik þar sem allt er undir og tapliðið missir af undanúrslitunum.

> Við hrósum ...

... Fjölnisfólkinu Írisi Önnu Skúladóttur og Sveini Elfasi Elfássyni sem standa sig vel á Evrópumeistaramóti unglinga í frjálsum íþróttum. Sveinni setti íslandsmet sveina í áttþraut og Íris Anna varð í 9. sæti í 1500 metra hlaupi.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ

13 14 15 16 17 18 19

Laugardagur

LEIKIR

FH tekur á móti ÍA í VISA-bíkarkeppni karla á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði.

SJÓNVARP



- 10.30 Opna breska meistaramótið í golfi á RÚV.
- 14.00 Íslandsmótið í hestaiþróttum á RÚV.
- 16.00 Opna breska meistaramótið í golfi á RÚV.
- 16.30 2005 AVP PRO strandblak á Sýn.
- 17.30 US PGA mótardöðin í golfi á Sýn.
- 17.54 Motorworld á Sýn.
- 19.00 Spænski boltinn á Sýn.
- 20.40 Hnefaleikar- Jermain Taylor – William Joppy á Sýn.
- 23.00 Hnefaleikar- B. Hopkins – O. De La Hoya á Sýn.
- 00.00 Hnefaleikar- B. Hopkins – Howard Eastman á Sýn.

Mourinho hrósar Eiði Smára

Eiður Smári Guðjohnsen er búinn að festa sig í hlutverki miðjumanns í besta knattspyrnuliði Bretlandseyja og stóð sig vel í fyrsta æfingaleik Chelsea. Leikurinn vannst 5–1 gegn Wycombe Wanderers í vikunni.

FÓTBOLTI José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, hrósaði Eiði Smára Guðjohnsen í hástert eftir fyrsta æfingaleik félagsins á tímabilinu gegn Wycombe Wanderers, en honum lauk með 5-1 sigri Chelsea.

„Við höfum framherjana Carlton Cole, Didier Drogba og Hernan Crespo, og við getum að auki notað Eið Smára alls staðar þar sem við viljum. Hann var mjög góður í hlutverki sínu á miðjunni á síðustu leiktíð. Þar nýtur hann sín. Hann er fljótur að aðlagast ólíkum hlutverkum og gefur liðinu mikið sem miðjumaður.“

Fremsti miðjumaður

Allt stefnir í að Eiður Smári verði notaður sem fremsti miðjumaður hjá Chelsea en í því hlutverki hefur hann spilað sína bestu leiki fyrir félagið. Í leiknum gegn Wycombe byrjaði Eiður vinstra megin á miðjunni en færði sig svo alveg inn á miðju þegar líða tók á leikinn.

Carlton Cole, sem spilaði sem lánsmaður hjá Aston Villa á síðustu leiktíð, var á skotskónum í þessum leik og skoraði í sínum fyrsta leik fyrir félagið í tvö ár.

Tékkinn Jirí Jarosik skoraði tvö mörk fyrir Chelsea, en hann lék inni á miðjunni í fjarveru Claude Makalele sem fékk lengra sumarfrí en aðrir leikmenn félagsins.

Damien Duff og Joe Cole gerðu sitt markíð hvor, en þeir þóttu báðir leika vel.

Færri en búist var við

Færri leikmenn hafa komið til félagsins í sumar en búist var við en Mourinho er ánægður með þá leikmenn sem eru hjá félaginu. „Kannski koma tveir leikmenn til viðbótar en það er ekkert víst. Ég kvarta ekki yfir þeim leikmönnum sem eru hérna og tel okkur ekkert nauðsynlega þurfa fleiri leikmenn. En góðir leikmenn eru alltaf velkomnir hingað.“

Næsti æfingaleikur Chelsea er gegn Benfica á sunnudaginn og hann í beinni útsendingu á Sýn og hefst klukkan 22.00 á morgun.

-mh

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Eiður sést hér reyna langa sendingu í leiknum gegn Wycombe. Hann leikur að öllum líkindum sem fremsti miðjumaður hjá félaginu á næstu leiktíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



Golfmót VISA 23. júlí

Punktakeppni með forgjöf og högggleikur án forgjafar

Vinningar:

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í punktkeppni með forgjöf:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Ícelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.
3. - 4. Vöruúttekt hjá **Hole in One** golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í högggleikur án forgjafar:

1. 100.000 Vildarpunktur frá Vildarklúbbi Ícelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.
3. - 4. Vöruúttekt hjá **Hole in One** golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

Nándarverðlaun á öllum þrjú brautum.

Aukaverðlaun fyrir holu í höggi á 2. braut:

1.000.000 kr. innborgun á VISA-kreditkortid.

Allir keppendur fá teiggjöf og í mótslok verður dregið úr skorkortum þeirra sem verða á staðnum.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild kvenna:

STJARNAN-VALUR	0-3
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (82.), 0-2 Laufey Ólafsdóttir (84.), 0-3 Margrét Lára Viðarsdóttir (87).	
KEFLAVÍK-BREIÐABLIK	0-1
0-1 Erna Björk Sigurðardóttir (5.).	
KR-ÍA	3-0
1-0 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (21.) 2-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (49.), 3-0 Júlíana Einarsdóttir (82.)	
ÍBV-FH	
Leikurinn hófst klukkan 21.00 og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.	

STAÐAN:

BREIÐABLIK	9	9	0	0	31-6	27
VALUR	10	8	0	2	46-11	24
KR	9	6	0	3	30-14	18
ÍBV	8	5	0	3	28-17	15
KEFLAVÍK	9	4	0	5	22-24	12
STJARNAN	9	2	0	7	9-27	6
FH	8	2	0	6	6-27	6
ÍA	10	0	0	10	6-52	0

Opna breska golfmótið:

Stuð á Tiger

GOLF Tiger Woods er með fjögurra högga forustu á Colin Montgomerie þegar tveimur hringum er lokið á Opna breska meistaramótinu í golfi.

Tiger lék fyrstu tvo hringina á 133 höggum eða 11 undir pari. Jack Nicklaus komst ekki í gegnum niðurskurðinn og lék því síðasta golfhring sinn á ferlinum í gær. Nicklaus lék hringinn á pari sem er frábært afrek hjá hinum 65 ára gamla Nicklaus. Hann var hylltur vel og lengi eftir að hann lauk leik á 18. holunni.

-66j

Skráning:

Mótið er haldið á velli **GKG, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar**, við Víflisstaði laugardaginn 23. júlí nk. Einungis **VISA-kreditkorthafar** geta tekið þátt í mótinu. Hámarksforgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Skráningargjald er 2.000 kr. og skuldfærast af VISA-kreditkortu leikmanns. Síðasti skráningardagur er 22. júlí.

Skráning og frekari upplýsingar hjá **GKG** í síma **565 7373**.



SONY®

Útsala í Sony Center



KLV-20SR3S

20" LCD sjónvarp

- 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
- 2x scarttengi

7.900 krónur á mánuði vaxtalaust*
94.800 krónur staðgreitt.
Verð áður 107.988 krónur



DCR-PC55

Stafræn myndavél

- 3" snertiskjár
- 12x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar
- Alvöru klippihugbúnaður fylgir

6.499 krónur á mánuði vaxtalaust*
77.988 krónur staðgreitt.
Verð áður 89.940 krónur



Alvöru klippihugbúnaður fylgir!



DSR-HC22

Stafræn myndavél

- 2,5 snertiskjár
- 20x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar
- Alvöru klippihugbúnaður fylgir

4.549 krónur á mánuði vaxtalaust*
54.588 krónur staðgreitt.
Verð áður 59.940 krónur

Alvöru klippihugbúnaður fylgir!



DSC-S90 & 512 MB minnskort

Stafræn myndavél

- 4,1 milljón pixlar

2.999 krónur á mánuði vaxtalaust*
35.988 krónur staðgreitt
Verð áður 41.940 krónur

512 MB minnskort
að verðmæti 10.995,-
fylgir með!

DAV-SR2

Heimabíó

- 600W magnari RMS S-Master digital
- Útvarp FM/AM RDS
- Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JPEG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII

59.950 krónur
Verð áður 89.950 krónur



like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalaugar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Loksins á Íslandi

Einn vinsælasti ávaxtasafi í heimi!

*Engu vatni, sykri eða
rotvarnarefnum er bætt í safann!*



Pennan verður þú að prófa!

Hátíð í Skálholti

Nú um helgina er haldin Skálholtshátíð, en hún er haldin árlega sunnudaginn sem næstur er Þorláksmessu á sumri sem er 20. júlí. Á laugardagskvöldið 16. júlí verða orgeltónleikar í Skálholtsdómkirkju. Þar leikur þýski organistinn Henrik Langelahn frá Herfurt. Leikur hann verk eftir Bach og fleiri höfunda, allt til nútímatónskálda. Sunnudaginn 17. júlí verður hátíðamessa kl. 14.00 þar sem vígslubiskup predikar. Eftir messu er boðið til kirkjukaffis í Skálholtsskóla. Kl. 16.30 er svo samkoma í kirkjunni með blönduðu efni. Þar flytur Dr. Gunnlaugur Jónsson hugleiðingu um bænámál Davíðssálma. Dr. Sverrir Jakobsson kynnir rannsóknir sínar á afstöðu íslenskra fornhöfunda til kirkjuklofningsins með tengingu við upphaf biskupsstólsins í Skálholti. Séra Þórir Stephensen les valda kafla úr hátíðarljóðum sr. Sigurðar Einarssonar síðan 1956. Á efnisskrá þessarar samkomu er auk



SKÁLHOLT Um helgina er haldin í Skálholti svokölluð Skálholtshátíð en hún er haldin árlega hinn sunnudag sem er næstur Þorláksmessu á sumri.

Þessa orgelleikur og söngur. Í tengslum við hátíðina hefur verið stofnað til pílagrímagöngu frá Þingvöllum í Skálholt og stefnir göngufólk að því að koma í tæka tíð til að taka þátt í messunni og dagskrá hátíðarinnar á sunnudag.

EKKI MISSA AF...



...tónleikum tríósins **B-3** á **Jómfrúnni**, Lækjargötu klukkan 16 í dag.

...sýningu **Sigrúnar Rósar Sigurðardóttur** í **Gallerí Tukt**, hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5 sem opnar klukkan 16 í dag.

...spunagítarleikaranum og tónskáldinu **Fred Frith** sem heldur tónleika í **Klink og Bank** klukkan 21 í kvöld.

menning

menning@frettabladid.is

Og einu sinni enn...

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Flest ykkar hafa líklegast sjaldan eða aldrei heyrt um Bill Callahan þrátt fyrir að maðurinn hafi verið einn afkastamesti tónlistarmaður síðustu 13 ára. Á þeim tíma hefur mannum tekist að gefa út 12 breiðskífur undir nafninu Smog og er mikilvægur listamaður í heimi tónlistargrúskrara um allan heim.

Callahan hefur mjög djúpa og sérstaka rödd. Innhverfir textar hans um lífið, ástarsorgir og aðra undarlega hluti sem hreyfa við skáldinu eru svo stór hluti af tónlistarsköpun hans. Tónlistin sjálf er svo oftast mjög hrá, lífræn og einföld húð utan um létt gítar eða píanóspil. Allt er svo hljóðritað og unnið á mjög einfaldan hátt. Fyrstu útgáfur sínar vann Callahan á fjögurra rása upptökutæki, og hann hefur þróast mjög langt í vinnuaðferðum í gegnum árin.

Lög hans bera það öll með sér að vera samin á rólegum einverustundum. Oft mjög falleg, eins og besta lag nýju plötunnar *Rock Bottom Riser* sem er einlægur ástaróður Callahan til móður sinnar, föður og systur.

Callahan er án efa hæfileikaríkur og magnaður tónlistarmaður. Það eina sem ónáðar mig er



FLYTIANDI: SMOG
TITILL: A RIVER AINT TOO MUCH

NIÐURSTAÐA: Prettánda breiðskífa Smog hljómar svoltið eins og hinar tólf. En það er allt í lagi, því eins og þær er um afbragðs grip að ræða. Smog gerir einfaldlega ekki slæmar plötur, þó þær séu ótrúlega einhæfar.

hversu einhæfur hann er. Hvert lag er líkt öðru, og eftir 13 útgáfur og bóhem-lífurni að minni hálfu er orðið svolítið erfitt að greina á milli verka hans. Alltaf hef ég þó unun af að renna plötum hans í gegn, og þessi nýja er engin undantekning. Þetta er eins og fá góðan vin í heimsókn sem mætir alltaf með kassagítarinn sinn og leikur nýju lögum sín yfir tebola. Og Smog er alltaf velkominn í mínu húsi.

Gangandi vegfarandi

Þriðja ljóðabók Halldóru Kristínar Thoroddsen sem ber heitið *Gangandi vegfarandi* er komin út hjá Máli og menningu. Í bókinni er fjallað um lífið og tilveruna á grátbroslegan hátt. Eitt ljóðanna í bók Halldóru er hér fyrir neðan.



HALLDÓRA KRISTÍN THORODDSEN
„Ég hef ekki einu sinni gert upp við mig hvort þetta eru ljóð eða bara hugsanir. En markaðurinn heitir flokkun svo ég kalla þetta ljóðabók,” segir ljóðskáldið.

VIÐ HÉRNA VESTRA

og nú er það pedófillinn einnig hann er upprunninn í Afríku

enn um hríð getur allt verið honum að kenna

þrátt fyrir ótakmarkað veiðileyfi fjölgar honum í kjörlandinu

við laugum okkur í sári hans

eins og hvítþvegin börn getum við (guði sé lof) enn um stund haldið áfram að haga okkur eins og skepnur

Stórsýningin Annie frumsýnd á sunnudag

Stórsýningin Annie verður frumsýnd á sunnudag og undirbúningur er að ná hámarki. Margt er um manninn þar sem alls eru þrjátíu manns á sviðinu á hverri sýningu og þá eru ekki allir taldir því töluverður hópur barna skiptist á að koma fram á sýningum.

„Það er mikið líf og fjör og allir svo kátir,” segir Viðar Eggertsson, leikstjóri sýningarinnar. „Þetta er skemmtileg saga um bjartsýni og sjálfshjargarviðleitni en Annie er ein af þessum sögupersönnum sem heillar alla í kringum sig.“

Handrit söngleikjarins er samið eftir teiknimyndasögu sem birt var í bandarísku tímariti. Ein sjónvarpsmynd hefur verið gerð eftir sögunni en kvikmyndin sem kom út 1982 er þó mun þekktari. „Leikhúsið er nokkuð ólíkt kvikmyndaforminu, svo við byggjum ekki sérstaklega á kvikmyndinni. Persónurnar eru sterkt mótaðar í handritinu þó að eiginleikar hvers leikara setji svo sinn svip á hlutverkið. Annie fær til dæmis svolítið íslenskt krydd frá stelpunum,” segir hann.

Margir kannast við tónlistina úr Annie og hafa dægurtónlistarmenn og jafnvel rapparar notast við hana. „Það eru mjög falleg lög í sýningunni og þau eru óvenju mörg sem orðið hafa vinsæl,” segir Viðar.

Um leikkonurnar sem skipta með sér hlutverki Anniear hefur Viðar allt gott að segja. „Þær eru flinkar og hressar stúlkur, hver annarri skemmtilegri. Þetta er gífurleg vinna en stúlkurnar eru afburðaduglegar. Þær þurfa allar þrjár að sitja hverja einustu æfingu og fylgjast með þótt aðeins geti ein æft á sviðinu í einu.“

Viðar segir hafa verið mjög erfitt að velja eina stúlkuna til að vera á frumsýningunni. „Listrænin stjórndur sýningarinnar settust niður til að ákveða hver það yrði, en



VIÐAR EGGERTSSON OG THELMA LIND WAAGE Viðar segir gaman að vinna með börnunum í sýningunni því þau hafi sýnt óbilandi áhuga og þrek.

Það hefur lengi verið draumur minn að setja upp söngleik og þá helst söngleik fyrir krakka. Mig langaði mikið að vinna með börnunum og gefa þeim tækifæri til að stiga á svið,” segir Rakel Kristinsdóttir framleiðandi og framkvæmdastjóri sýningarinnar. „Þetta er búið að vera mikil vinna og taka lengri tíma en ég átti von á.“ Þrjár ungar stúlkur á aldrinum tíu til ellefu ára deila með sér aðalhlutverkinu. „Upphaflega stóð til að hafa tvær ungar leikkonur til skiptis í hlutverkinu og eina til vara en svo voru þær allar svo hæfileikaríkar að við ákváðum að hafa þær allar þrjár. Það er líka gaman að gefa fleirum tækifæri á að prófa. Við erum líka með fleiri krakka í sýningunni en þurfti og við vildum bara að sem flestir fengu að spreya sig.“

það var svo mikil glíma að við þurftum eiginlega að kasta peningi upp á það. Fyrir okkur sem vinnum í leikhúsinu er frumsýningin þó alls ekki

aðalmálið. Allar sýningar eru jafn mikilvægar því hver sýning er frumsýning fyrir þann áhorfendahóp sem er í salnum. ■

Frábær djassbassaleikari á leiðinni

Djassbassaleikarinn Eivind Opsvik kemur til landsins í næstu viku og heldur ferna tónleika ásamt píanistnum Sunnu Gunnlaugs og bandaríska trommuleikaranum Scott McLemore. Eivind er Norðmaður en hefur verið búsettur í New York undanfarin ár. Hann hefur gefið út tvo geisladiska með eigin tónsmíðum og á þeim spilar með honum einvalið djassleikara frá N.Y. Hann hefur fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum hið vestra og var fyrri diskur hans valinn einn af diskum ársins 2003 hjá hinu virta djass-tímariti Downbeat. Seinni diskurinn kom út fyrir örfáum vikum.

Eivind hefur verið í samstarfi við Sunnu um nokkurt skeið og hafa þau leikið saman bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Þau stefna að því að leika frumsamið efni á tónleikunum og taka svo upp tónlistina að tónleikaröðinni lokinni. ■

Tríóið Eivind, Sunna og Scott spila á eftirfarandi stöðum:

21 júlí: **Listasumar** Akureyri klukkan 21:30.

22 júlí: **Gamli Bærinn** Mývatn, á milli 22:00 og 00:00.

23 júlí: **Jómfrúin** Reykjavík á milli 16:00 og 18:00 *ókeypis inn*.

24 júlí: **Pravda** Reykjavík á milli 22:00 og 24:00 *ókeypis inn*.

EIVIND OPSVIK Pabbi Eivindar, Peter Opsvik, hannaði tripp trapp barnastólinn svo hann á ekki langt að sækja sköpunargleðina.



MYND/GAUTE GOHL DAHLE



Torfbærinn að hverfa af yfirborði jarðar

Hannes Lárusson og eiginkona hans Kristín Magnúsdóttir vilja setja á fót miðstöð sem varðveitir torfbæjarhefð Íslendinga.

„Ég er búinn að kynna hugmyndina fyrir landbúnaðarráðuneytinu, Þjóðminjasafninu, Húsafríðunarnefnd og Bæjarstjórn Árborgar og hún er komin inn á borð hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Það er verið að ræða næstu skref í þessu og ekki seinna vænna. Mönnum finnst þetta allt saman gott og jákvætt en enginn sem gerir neitt í því. Smám saman fjarlægjast menn arfleið torfbæjarinn og hún verður hluti af einhverri fortíð sem menn skilja illa,“ segir Hannes Lárusson myndlistarmaður sem kynnt hefur



HANNES LÁRUSSON Vill koma á fót torfbæjarmíðstöð á Austur-Meðalholtum í Flóa en Hannes telur að landsvæðið í kring sé einkar heppilegt undir slíka miðstöð meðal annars með tilliti til torftekju og annars slíks.

hugmynd sína um torfbæjarmíðstöð fyrir nokkrum áðilum hér á landi. Torfbæjarmíðstöðinni er ætlaður staður á Austur-Meðalholtum í Flóa, rétt fyrir utan Sel-foss, en þar hefur Hannes gert upp torfbæ síðastliðin 20 ár.

Tilgangur miðstöðvarinnar

„Torfbærinn er að hverfa af yfirborði jarðar í orðsins fyllstu merkingu. Margir aðilar eru velviljaðir torfbæjarhefðinni og hafa sumir lagt gríðarlega mikið af mörkum til að reyna að varðveita hana, menn eins og Hörður Ágústsson svo einhver sé nefndur. En það er ákveðið andvaraleysi hvornig á að varðveita þessa hefð og þróa hana áfram þannig að á undanförunum árum hefur sigið á ógæfuhliðina og torfhúsum fer fækkandi ár frá ári. Það er ekki hægt að kalla torfbæjarhefðina lifandi hefð í neinum skilningi heldur er hún deyjandi og er það menningarlegt slys. Þetta er eins og að glata niður tungumáli sem allir töluðu einu sinni,“ segir Hannes sem vill sporna við þessari þróun en segir það nánast orðið of seint. „Íslendingum ber að varðveita þessa hefð því hún varðar menningarverðmæti sem rista dýpra en svo að þau snerti Íslendinga eina saman.“

Hannes segir tvær meginhættur steðja að torfbæjarhefðinni. Annars vegar að menn hafni henni sem úreltri og lélegri og hins vegar að menn upphefji hana sem ósnertanlegan safngrip. Hann telur að menn þurfi að lifa með þessari hefð eins og þeir hafa gert í þúsund ár því ef menn verða stoltir af henni þá vex hún að sjálfu sér og finnur sér tilgang.

Hannes segir að torfbæjarmíðstöðin hefði það að markmiði að sinna kerfisbundinni kennslu í



AUSTUR-MEÐALHOLT Torfbærinn á Austur-Meðalholtum í Flóa sem Hannes hefur verið að gera upp síðastliðin tuttugu ár. „Við viljum að þarna verði miðstöð sem varðveitir torfbæjarhefðina með því að rækta handverkið og handverkskunnáttuna með skipulögðum hætti.“

vinnubrögðum sem snerta gerð og viðhald torfbygginga, hvað snertir jarðvegsvinnu, hleðslutækni, trésmíði og fleira. Jafnframt hefði miðstöðin með höndum rannsóknir á verklagi, verkferum og annarri hefðbundinni tækni og hugsunarhætti sem varðar torfbyggingar. Þá myndi þessi miðstöð einnig kappkosta að forða frá glötun gömlum aðferðum og lifnaðarháttum sem tengjast torfbænum. Einnig myndi miðstöðin leitast við að túlka og skoða torfbæinn á grundvelli þróunarmöguleika hans og fordæmis í tengslum við umhverfissvænan arkitektúr og fagurfræðilegt samhengi við umhverfið, umhverfisvernd og lífræna ræktun, listsköpun og handverk.

Íslendingar fúlsuðu við torfbænum

„Íslendingar eru ekki stoltir af torfbænum þrátt fyrir að hann sé sennilega eina framlag Íslendinga til byggingalistar í heiminum. Það hefur ekki tókast að menn leggi út í að byggja torfbæi, hlaðna veggi eða skemmur úr torfi og grjóti. Íslend-

ingar leggja ekki stolt í það, það þykir ekki kúl. Torfbærinn hefur ekki yfir sér þá helgi sem slíkar byggingar hafa hjá öðrum þjóðum. Menn ættu vera stoltir yfir og bera virðingu fyrir torfbænum því í þessum húsum birtist ákveðin þekking á sögunni og landinu,“ segir Hannes.

„Torfbærinn lenti úti á jaðrinum um 1930. Meðan við vorum enn þá undir Dönum vorum við Íslendingar svona hallærisblesar, hálfgerðir bakkabræður. Svo byrjaði sjálfstæðisbaráttan á fjórða áratugnum og menn hófust handa við að hreinsa upp fortíðina og torfbærinn lenti í þeirri hreinsun. Fram að því höfðu menn alveg sætt sig við að torfbærinn væri hluti af menningararfi okkar,“ segir Hannes og bætir því við að tvær ástæður séu fyrir þessari höfnun. Annars vegar nútímavæðing Íslands og hins vegar að þjóð sem hefði ekki öðru fram að tjefla en torfbænum sem framlagi sínu til heimsbyggingalistarinnar ætti ekki skilið að vera sjálfstæð.

„Við erum komin úr alveg nógu mikilli fjarlægð frá torfbænum til að fara að skoða hann með opnum huga, hætta að skammast okkar fyrir hann og gefa honum annan séns.“

Áhugi á torfbænum erlendis

„Það er mikil áhugi á torfbænum meðal fagmanna úti í heimi, sérstaklega fólk sem þælir í umhverfissvænum arkitektúr og í notkun á náttúrulegum byggingarefnum og hvornig hægt er að aðlaga mannvirki að náttúrunni. Torfbærinn er eitt af allra bestu dæmunum sem hægt er að finna varðandi það. Menn sjá um leið að þarna er um að ræða mjög ríka hefð og eru flestir hissa á því að henni sé ekki haldið meira fram af Íslendingum, að þeir skuli ekki vera stoltari en í raun af torfbænum,“ segir Hannes sem hélt sex fyrirlestra um torfbæinn í háskólum í Kanada í vor.

„Það þarf að rannsaka torfbæjarhefðina út frá þeim vaxtarmöguleikum sem hún býr yfir sem eru að sumu leyti ófyrirsjáanlegir, þeir geta tengst grænum arkitektúr, ferðaþjónustu með ýmsu sniði, hugmyndum um endurnýtanlegt byggingarefni, lífrænni ræktun og annað slíkt. Þetta er ákveðin lífsýn eða hugmyndafræði sem getur búið yfir alls konar möguleikum. Torfbærinn býr yfir lífsgæðum sem ekki er hægt að öðlast með öðrum hætti og ef menn glata torfbæjarhefðinni alveg úr höndunum er ekki hægt að öðlast þessi gæði aftur. Því er mikilvægt að það komist á dagskrá að sinna þeirri byggingararfleið sem er þrátt fyrir allt er líklega það eina verulega eftirtæktarverða sem Íslendingar hafa lagt til byggingarsögunnar jafnvel þó að beinhardur gróði af því sé ekki alveg augljós strax,“ segir Hannes.

ingi@frettabladid.is

Idol

Ert þú næsta Idol stjarna Íslands?
Skráning er hafin á Idol.is.

og

© 2005 FOX MEDIAN

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

13 14 15 16 17 18 19

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 14.00 Snorri Sigfús Birgisson pí-anóleikari flytur íslensk þjóðlög í **Árbæjarsafni**.
- 16.00 Á sjöundu tónleikum sumar-tónleikaraðar veitingahússins **Jómfrúarinnar** við Lækjargötu, laugardaginn 16. júlí, kemur fram **B-3 tríó**. Tríóið skipa þeir Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar, Agnar Már Magnússon á Hammond orgel og Erik Qvick á trommur. Aðgangur er ókeypis.
- 21.00 Spunagítarleikarinn og tónskáldið **Fred Firth** heldur tónleika í **Klink og Bank**.
- 22.30 **Jón Ólafsson** heldur hljómléika í **Fossatúni**, Borgarfjarðarsveit, laugardaginn 16. júlí. Þar fer hann í gegnum sönglagahefti sitt í óeiginlegri merkingu, en Jón er höfundur margra laga sem þekktir söngvarar hafa gert vinsæl. Miðaverð 1000 kr.

OPNANIR

- 13.00 **Elín Anna Þórisdóttir** opnar sýningu í **Grunnskóla Drangness**. Sýningin stendur til 24. júlí. Elín sýnir ljósmyndir og málverk unnin með blandaðri tækni. Opnunartími er eftir samkomulagi.
- 14.00 Listasýningin **Fært úr stað** opnar í **Saltfisksetri Íslands** í Grindavík. Þar eru á ferð María Jónsdóttir og Ólöf Helga Guðmundsdóttir, en þær útskrifuðust báðar frá Listaháskóla Íslands árið 2000. Saltfisksetrið er opið frá kl. 11 til 18 alla daga.
- 15.00 **Ásta Páls** opnar málverkasýningu í **Prastalundi**. Þetta er 10. einkasýning listakonunnar. Sýningin stendur til 4. ágúst.
- 16.00 **Sigrún Rós Sigurðardóttir** opnar einkasýningu í **Galleri Tukt**, Hinu húsinu Pósthússtræti 3-5. Sýningin stendur frá 16-30 júlí. Allir eru velkomnir á opnunina og síðar.
- 17.00 **María Kjartansdóttir** opnar ljósmyndasýninguna **The hormone society**. Sýningin stendur yfir til 12. ágúst.
- 20.00 **Davíð Örn Halldórsson** opnar sýningu sína **Þriðja hjólið á Vesturveggnum**, Skaffelli, Seyðisfirði. Sýningin stendur til 4. ágúst og er opin alla daga frá 12.00 til 22.00.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



NYLON Stúlknasveitin Nylon hefur nýlökkið við gerð myndbands við lagið *Dans dans dans*.

Nýtt myndband frá Nylon

Nýtt myndband við lagið *Dans dans dans* með stúlknasveitinni Nylon verður frumsýnt í kvöldþætti Guðmundar Steingrímssonar á sjónvarpsstöðinni Sirkus á mánudagskvöld.

Framleiðandi myndbandsins er Hannes Þór Halldórsson, sem nýlega vann að „Hænumyndbandinu“ með Skítamóral. Eins og margir vita var *Dans dans dans* upphaflega sungið af diskflokknum Þú og ég og naut þá mikilla vinsælda. Höfundur lagsins er Gunnar Þórðarson og textasmiður Þorsteinn Eggertsson. ■

Gourmet matarmyndir í djúpsteikingarbrælu hjá Esso

Hátíðin Matur og menning á Blönduósi stendur yfir dagana 15-18. júlí. Matarljósmyndarinn Gísli Egill Hrafnsson er liðtækur á hátíðinni en hann er með tvær ljósmyndasýningar. Önnur sýningin fer fram í Esso-skálanum á Blönduósi en hin sýningin er sett upp í Hillebrandtshúsi en Gísli Egill vann hana í samstarfi við matreiðslumanninn Úlfar Finnbjörnsson. Í sama húsi sýnir líka Jón Sigurðsson fréttaritari mannlífsmundur frá Blönduósi.

Í Esso-skálanum sýnir Gísli Egill matarljósmyndir sem hann vann með matardrottningu Íslands, Nönnu Rögnvaldardóttur, fyrir bækurnar *Cool Cuisine* og *Cool Dishes*. Þar eru hefðbundnar íslenskar mataruppskriftir settar í stíl hins norræna eldhúss af alkunnri snilld Nönnu. Þar breytist hefðbundinn plockfiskur með rúgbrauði í glæsilega rétti, enda Gísli Egill á bak við myndavélina. „Okkur Kristjáni B. Jónassyni, þróunarstjóra hjá

Eddu, fannst það hæfilega geggiuð hugmynd að tefla fram þessum matarmyndum innan um ilm inn af djúpsteikingarpottum Esso-skálans,“ segir Gísli Egill brosandí. Hann hefur verið einn helsti matarljósmyndari Íslands og hefur gourmet-tímaritið *Gestgjafinn* notið krafta hans síðustu níu ár. Mataráhugi Gísla Egils kviknaði þegar hann var við ljósmyndanámi í Frakklandi þar sem hann kynntist framandi matarmenningu. Hann segir að það ríki ákveðin viðhorf til matar og matarmenningar í Frakklandi og að hefðirnar séu sterkar. „Í Frakklandi hefur hvert hérað sitt sérkenni og þar er lögð mikil áhersla á að rækta það. Matarhátíðin á Blönduósi minnir mjög á franskan kultúr og mér finnst þetta frábært framtak, sérstaklega af því að það styrkir ferðaþjónustuna. Ég held að ferðaþjónustan í dag gangi mikið út á mat og að magi fólks ráði för,“ segir Gísli Egill og bætir við að hann og Úlfar Finnbjörnsson hafi



Love balls. Nanna Rögnvaldardóttir matþjófur þessa dásamlegu ástarþunga.



Reyktur píramídi. Myndin er hluti af sýningunni sem Gísli Egill heldur ásamt Úlfari Finnbjörnssyni.



MATARLJÓSMYNDARI ÍSLANDS Gísli Egill Hrafnsson opnar tvær myndlistasýningar á Blönduósi.

reynt að sækja í hefðir héraðsins. „Hér eru þekktustu veiðivötn landsins og mjög sterk hefð fyrir nýtingu þeirra,“ segir Gísli Egill sem er ekki bara ljósmyndari

heldur líka lunkinn veiðimaður. Með matarljósmynduninni nær hann að sameina bæði vinnu og áhugamáli.

martamaria@frettabladid.is

Laxness og Arnaldur vinsælir

Þegar ferðamannatíminn er í hámarki seljast bækur um náttúru og sögu landsins eins og heitar lummur í bókaverslunum borgarinnar. „Það fer mest af ljósmyndabókum um Ísland sem ferðamennirnir taka með sér heim til minningar,“ segir Æsa Bjarnadóttir, starfsmaður hjá Pennanum. „Ljósmyndasýningararnar á Austurvelli virðast hafa töluverð áhrif á sölu bókanna. Í fyrria voru myndir úr bókinni *Icelanders* á Austurvelli og nú er það *Faces of the North*. Þessar bækur hafa fengið mikla athygli og rokseljast.“

Æsa segir Breta, Frakka, Þjóðverja og Kana vera helstu viðskiptavinir ferðamannabókanna. „Á eftir ljósmyndabókunum eru samtímaskáldsögur og Íslendingasögurnar vinsælastar. Laxness er alltaf vinsæll og eftir að Mýrin og Grafarþögn voru gefnar út í erlendri þýðingu er Arnaldur í stöðugri sókn. ■

METSÖLULISTI FERÐAMANNABÓKA Í PENNANUM EYMUNDSSYNI OG BÓKAVERSLUNUM MÁLS OG MENNINGAR

- 1 LOST IN ICELAND – ENSKA**
Sigurgeir Sigurjónsson – Forlagið
- 2 SAGAS OF THE ICELANDERS**
(Úrval Íslendingasagna á ensku)
- 3 WONDERS OF ICELAND**
Helgi Guðm undsson
- 4 INDEPENDENT PEOPLE**
Halldór Laxness –
- 5 ICELANDERS – ENSKA**
Sigurgeir Sigurjónss., Unnur Jökulsd.
- 6 AMAZING ICELAND (3 TUNGUM)**
Sigurgeir Sigurjónsson
- 7 FACES OF THE NORTH – ENSKA**
Ragnar Axelsson
- 8 ICELAND: THE WARM COUNTRY OF THE NORTH**
Sigurgeir Sigurjónsson
- 9 XENOPHOBES' GUIDE TO THE ICELANDERS**
Richard Sale
- 10 LOST IN ICELAND – FRANSKA**
Sigurgeir Sigurjónsson



SIGURGEIR SIGURJÓNSSON Bók hans með myndum af Íslendingum selst vel.



GÖTULEIKHÚSIÐ Krakkamir úr Götuleikhúsinu opna sýninguna.

Menning og listir fyrir alla

Uppskeruhátíð Skapandi sumarhópa Hins hússins, Laugardags Lúðó, er í dag í lönó á milli 14 og 16. Sautján sjálfstæðir hópar, skipaðir ungu fólki úr Reykjavík, hafa í sumar starfað við alls kyns listir, þar á meðal leiklist, tónlist, ritlist, dans og hönnun. Þau hafa ferðast út um allan bæ til að leyfa borgarbúum, sem og öðrum, að njóta listarinnar.

Afrakstur starfsins í sumar verður til sýnis í lönó og má eiga von á ýmsum skemmtilegum uppákomum. „Það eru allir velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir,“ segir Ása Hauksdóttir deildarstjóri menningarmála Hins hússins. „Þetta verður stórskemmtileg sýning og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“ Aðgangur er ókeypis. ■


Dagskráin í lönó:

- 13:55 Götuleikhús Hins hússins.
- 14:05 Stregjakvartettinn Loki.
- 14:08 Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningarmála Hins hússins, flytur fáein orð.
- 14:10 Afmyndað afkvæmi hugarfósturs.
- 14.16 – Svið group.
- 14:21 – Lesið á leiðinni – Lál.
- 14:28 Tónlistarhópurinn Gestalæti.
- 14:34 Listahópurinn Siggí.
- 14:40 Myndlistarhópurinn Hýðið.
- 14:46 Tónlistarhópurinn Drýas.
- 14:52 Skappleikur.
- 14:58 Hópurinn Íslendingar.
- HLÉ. 20 MÍN. KAFFI OG KLEINUR !
- 15:23 Fjöllistahópurinn Farsældar frón.
- 15:30 Stregjakvartettinn Loki.
- 15:36 Snarsveit Reykjavíkur.
- 15:41 Íslenski þjóðsöngurinn.
- 15:47 Þrjár fræknar.
- 15:52 Fönkhjómsveitin Llama.

FLEIRI HLUSTENDUR SEM HLUSTA MIKLU LENGUR


GOTT FOLK MCCANN

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Uppsöfnuð dekkun



Áheyrendur okkar eru fleiri...

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Markaðshlutféld meðalhlustun í mínútum



... og hlusta lengur!

BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA

Hlustendur okkar eru þinn markhópur – 75% Íslendinga 50 ára og yngri hlusta á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina í viku hverri. Jafnframt hlusta þeir meira á þessar stöðvar en aðrar.

Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Gallups í júní 2005
*Fm 95,7, X-ið Kiss Fm, X FM, Saga



SIN CITY SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

För beint á toppinn í USA

Frá framleiðanda Texas Chainsaw Massacre kemur magnaðasta hrollveikja ársins!

Byggt á sannri sögu

Porir þú í bíó?

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

TOPP MYNDIN Á ISLANDI

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND PESSA SUMARS“
***** Þ.D. FRETTLAÐIÐ
***** BLAÐIÐ
***** HL. MBL
„HREIN OG TÆR UPPLIFUN... GJÓRSAMLEGA GÆVVEK MYNDI“
***** K&F XFM

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40 - Powersýning
Sýnd í líxus kl. 2.30, 5.30, 8.30 og 11.10 B.i. 16 ára

*** ÖÖH DV

guess who

Sýnd kl. 3.30, 5.45 og 8

Mr. & Mrs. Smith

Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Dolby Digital SDDS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

SIN CITY REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

För beint á toppinn í USA

Frá framleiðanda Texas Chainsaw Massacre kemur magnaðasta hrollveikja ársins!

Byggt á sannri sögu

Porir þú í bíó?

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

TOPP MYNDIN Á ISLANDI

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND PESSA SUMARS“
***** Þ.D. FRETTLAÐIÐ
***** BLAÐIÐ
***** HL. MBL
„HREIN OG TÆR UPPLIFUN... GJÓRSAMLEGA GÆVVEK MYNDI“
***** K&F XFM

BLÓÐUG, BRÚTAL OG BRILLIANT

Sýnd kl. 3.30, 6, 8.30 og 11 - Powersýning B.i. 16 ára

*** ÖÖH DV

Hér er eini rétti Hefur aðrir verið eins rangur! Frábar gamanmynd sem fór beint á toppinn í USA.

guess who

Sýnd kl. 3, 8 og 10.10

Mr. & Mrs. Smith

Yfir 34.000 gestir!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Dolby Digital SDDS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

MADAGASCAR LAUGARÁS BÍÓ
SÍMI 553 2075

FRÁ FRAMLEIÐENDUM **Streck og Bark To**

WAR OF THE WORLDS TOM CRUISE
MYND EFTIR STEVEN SPIELBERG

28.000 GESTIR

„Hollywood í esinu sínu“

Bláðið
Innrásin er gjöfleg sumarskemmtun, poppkonsumpt af bestu gerð!

SV, MBL
OKT, RASZ
Wikistreyti.is

Sýnd kl. 1, 3, 5, 7, 9 og 11 m/ensku tali
Sýnd kl. 1, 3, 5, 7 og 9 m/íslensku tali

MONSTER-IN-LAW

Sýnd kl. 10:45

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KR!
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

KRINGLUKRÁIN

Dans á Rósum

Léttir sumarréttir frá vestmanneyjum í kvöld

pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Su 17/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
2. sýning 9/7, 3. sýning 14/7, 4. sýning 15/7, 5. sýning 16./7, 6. sýning 22/7, 7. sýning 24/7 og lokasýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
